
30
Trén lyfta anda manneskjunnar


42
Heilsa og velferð búfjár


55
Sauðfé passleg stærð


32
Með bjartsýni og gleði að vopni

# Bændablaðið

18. tölublað 2024 ● Fimmtudagur 10. október ● Blað nr. 665 ● 30 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is



**Bændurnir Zophonías Friðrik Gunnarsson og Hrafnhildur Björk Guðgeirsdóttir hafa byggt upp gulrófnarækt á Læk í Ölfusi frá árinu 2020. Þau stefndu ekki sérstaklega á þá tegund búskapar en gripu tækifærið þegar þeim bauðst að kaupa allan nauðsynlegan búnað af nágrönnum sínum sem ætluðu að hætta rófnarækt. Zophonías Friðrik var kjörinn formaður Félags gulrófnabænda á aðalfundi í vor.** ***– Sjá nánar á síðum 22 og 24.*** Mynd / Ástvaldur Lárusson



## Eftirlitið

Ólík sjónarmið togast á í umræðum um eftirlit með dýravelferð. Forstjóri Matvælastofnunar og formaður Bændasamtakanna ræða samskipti bænda og eftirlitsmanna.

– 20 –



## Lífið 1703

Á nýjum vef, 1703.is, má sjá öll lögbýli Íslands árið 1703, ásamt upplýsingum um ábúendur, skepnur, jarðadýrleika o.fl. Vefurinn er afrakstur afar yfirgripsmikils sagnfræðilegs verkefnis, auk bókar.

– 50 –

### Eyjafjörður:

# Uppskerubrestur á kartöflum

**Kartöflubændur við Eyjafjörð hafa lent í skakkaföllum út af hreti í byrjun sumars og kaldri tíð.**

Jóhann Ingólfsson, kartöflubóndi á Lómatjörn í Grýtubakkahreppi, segir tíðina hafa verið ömurlega allt frá vori til hausts. Hann hefur stundað kartöflurækt í meira en fjörutíu ár og segist aldrei hafa lent í jafnslæmu ári. Út af frosti í jarðvegi voru kartöflurnar settar seint niður og síðan var snjór á jörðu í langan tíma í júní. Engin uppskera gafst úr þremur til fjórum hekturum þar sem kartöflurnar drukknuðu í bleytu, en ræktarlandið er sautján hektarar í heild. Uppskeran var í kringum 70 tonn, en í venjulegu ári er uppskeran úr öllum görðunum á Lómatjörn í kringum 200 til 250 tonn. Jóhann fullyrðir að þetta hafi í för með sér algjört tekjufall, en þau hafi lagt í mikinn kostnað við jarðvinnu, áburðargjöf og kaup á útsæði.

*Geymslurnar óvenju tómar*

Björgvin Helgason, kartöflubóndi á Einarsstöðum og Sílastöðum í Hörgársveit, segir uppskeruna hjá sér hafa verið í kringum 190 tonn, en í meðalári megi búast við 300 tonnum. Jafnframt kom næturfrost sem geti valdið kartöflum sem liggja ofarlega í moldinni skaða, sem geta síðan skemmt út frá sér í geymslu. Þeim tókst að taka upp úr öllum kartöflugörðunum í september, en Björgvin segir að það hafi verið barátta á tímabili. Tæki festust vegna bleytu og kom mikil mold á færiböndin sem þurfti að hreinsa frá uppskerunni.

Kartöflugeymslurnar hafa aldrei verið jafntómar svona skömmu eftir uppskeru og reiknar Björgvin með að birgðirnar endist ekki fram að næsta hausti. Björgvin, sem hefur verið í kartöflurækt í áratug, segir þetta versta sumarið síðan hann byrjaði og hægt að tala um uppskerubrest.

*Bjóst ekki við að fá neitt*

Jón Helgi Helgason, einn af þeim sem stendur á bak við kartöfluræktunina á Þórustöðum í Eyjafjarðarsveit, segist allt eins hafa búist við því að sleppa upptöku úr kartöflugörðum frá sér. „Við vorum bara ánægð að fá einhverja uppskeru miðað við hvernig veðrið var búið að vera,“ segir hann.

Uppskeran var á bilinu tíu til tólf tonn á hektarann, samanborið við nálægt 25 til 30 tonn á hektarann í fyrra. Jón Helgi tekur fram að síðasta sumar hafi verið sérstaklega gott en eftir því hvaða yrkjum er sáð megi búast við 15 til 25 tonnum á hektarann í venjulegu árferði. Þetta er slappasta árið frá því hann kom inn í búreksturinn með föður sínum árið 2018.

Gæði uppskerunnar voru misjöfn milli tegunda. Fljótsprottnu kartöflurnar af gerðinni Solist komu best út á meðan hægsprottnari tegundir eins og Gullauga og Íslenskar rauðar voru ekki „bjartar yfirlitum“.

Kartöflurnar voru ýmist stórar og fáar undir hverju kartöflugrasi eða aðeins fleiri og pínulitlar. „Í Gullauganu vorum við að fá kannski fimm til sex kartöflur undan grasi á meðan við vorum með tólf til fjórtán kartöflur í fyrra,“ segir Jón Helgi.

*Ætluðu að hætta búskap*

Í ofanálag við að fá dræma uppskeru hafa bændurnir á Þórustöðum dregið búreksturinn talsvert saman. Í fyrra voru kartöflugarðarnir fjörutíu hektarar, en eingöngu níu hektarar í ár. Ástæðan fyrir þessari miklu minnkun er sú að þau eru hætt að selja beint í verslanir, sem Jón Helgi segir ekki hafa boðið nógu gott verð og verið erfiðar við að eiga. Í staðinn fara allar þeirra afurðir á markað í gegnum Sölufélag garðyrkjumanna.

„Hugmyndin var að hætta þessu en við erum með stór og mikil tæki og það gekk ekki að selja þau. Það var því ákveðið að setja niður eitt ár í viðbót og sjá hvernig það kæmi út að vera bara í viðskiptum við Sölufélagið,“ segir Jón Helgi. Þau viðskipti voru þau einu sem skiluðu hagnaði, en bændurnir á Þórustöðum hafa verið hluti af Sölufélaginu um árabil. Hann kallar eftir bættu tollaumhverfi til þess að vernda kartöflurækt á Íslandi, en eins og umhverfið er núna hafa bændur lítinn slagkraft gegn innflutningi. */ál*

Sauðfjárslátrun:

# Lömbin léttari en í fyrra

**Sigurður Bjarni Rafnsson, sláturhússtjóri Kaupfélags Skagfirðinga (KS), segir slátrun fara vel af stað. Lömbin eru hins vegar talsvert léttari en í fyrra út af hreti í vor og köldu sumri.**

Hann segir að miðað við það sem hefur komið í slátrun hingað til sé meðalþunginn talsvert lægri en á síðustu árum. Allt stefni í að fallþungi hrynji niður um 800 til 1.000 grömm í sláturhúsi KS, en meðalfallþungi lamba á landinu öllu í fyrra var 17,2 kílógrömm. Sigurður Bjarni segir að féð úr nágrenni Tröllaskagans sé léttast en sé strax vænna þegar komið er vestur í Húnavatnssýslur.


Sigurður Bjarni Rafnsson.

Þegar Bændablaðið ræddi við Sigurð Bjarna á mánudaginn reiknaði hann með að í lok dags yrði KS búið að slátra í kringum 57 þúsund lömbum það sem af er hausti. Nálega 3.000 gripir fara daglega í gegnum sláturhúsið þegar hæst stendur. Hann reiknar með að heildarfjöldinn verði á milli 80 til 90 þúsund fjár, þó ómögulegt sé að fullyrða um það nákvæmlega núna.

Alls eru 156 starfsmenn sem taka þátt í sláturtíðinni, að megninu til farandverkafólk frá Póllandi sem hverfur aftur til síns heima þegar sláturvertíð lýkur. Stefnt er að því að sláturtíðin endi 23. október og er engu sauðfé slátrað eftir þann tíma í Kjötafurðastöð KS. */ál*

Loftslagsmál:

# Um 30% samdráttur á hverja framleidda einingu

**Bændasamtök Íslands hafa lagt umsögn sína um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum inn í samráðsgátt stjórnvalda.**

Telja þau að umræðan um loftslagsaðgerðir í landbúnaði þurfi að taka mið af þeirri sérstöðu að þar undir sé frumframleiðsla matvæla og timburs, meðal annars.

Samtökin leggja áherslu á að kvaðir, markmið og aðgerðir í loftslagsmálum byggi á og taki mið af fæðuöryggi, matvælaöryggi og sjálfbærum rekstri býla sem hafi beina tengingu við skyldur Íslands í alþjóðamálum og stefnumörkun stjórnvalda.

***Áhrif á afkomu bænda***

Bent er á að íslenskir bændur eigi í reynslubankanum bæði aðgerðir og útfærslur í stuðningskerfi landbúnaðar með jákvæðum hvötum sem hafi skilað góðum árangri við innleiðingu nýrra aðferða. Öflugt skýrsluhald og ráðgjafarþjónusta í landbúnaði hafi skilað mikilli þekkingu, framförum og bættri afkomu bænda.

Þessar aðgerðir hafi einnig skilað gríðarlegum árangri í loftslagsmálum og hafa Bændasamtökin reiknað út að frá 2005 til 2021hafi náðst tæplega 30 prósent samdráttur á hverja framleidda einingu í íslenskum landbúnaði. Með sterkum grunnstoðum og jákvæðum hvötum sé hægt að halda áfram á sömu braut árangurs.

Bændasamtökin gera ekki athugasemdir við einstakar aðgerðir í aðgerðaáætluninni. Þau leggja áherslu á að landbúnaðurinn takist óhræddur á við þær áskoranir sem felast í loftslagsmálum.

Mikilvægt sé að fjármögnun aðgerða taki mið af þeim áhrifum sem þær kunna að hafa á afkomu bænda.

***Ræktunarland aðgengilegt áfram sem slíkt***

Samtökin sjá mikil tækifæri í því að auka kolefnisbindingu í landbúnaði. Mikilvægt sé að á bak við slíkar aðgerðir séu sannprófaðar aðferðir. Bent er á skógrækt sem þekkta leið til þess. Dæmin sanni að mikil þörf sé fyrir aðkomu stjórnvalda að þeim málaflokki, ekki síst hvað varðar skipulagsmál, enda mikil tækifæri fólgin í skógrækt sem og landgræðslu á rýrum svæðum.

Leggja þau áherslu á að allar aðgerðir, svo sem ræktun skóga og endurheimt votlendis, séu unnar í sátt við matvælaframleiðslu og miðist að því að ræktunarland verði áfram aðgengilegt sem slíkt. */smh*

Íslenskt kjarnfóður í öll mál
Kjarnfóðrið frá Líflandi er íslensk framleiðsla
ÍSLENSKT gjörið svo vel



■ Úrvals hráefni og aðföng
■ Framleiðsla samkvæmt ströngum gæðakröfum
■ Tæknivædd og nútímaleg fóðurverksmiðja
Allar nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Líflands í síma **540 1100** eða á **fodur@lifland.is**
LÍFLAND
fyrir lífið í landinu




**Eina kolsýruvinnsla landsins er á Hæðarenda í Grímsnesi en Linde Gas á þar verksmiðjuna og allan nýtingarrétt á auðlind á jörðinni til ársloka 2064.** Mynd / ghp

Ylrækt:

# Afkomutjón blasir við

## – Framboð á íslensku grænmeti minnkar vegna skorts á koltvísýringi

**Forsendur ylræktar bresta augljóslega ef ekki er tryggt aðgengi að grunnþáttum framleiðslunnar. Enn eru garðyrkjubændur að kljást við skerðingu á koltvísýringi.**

Í lok september fengu viðskiptavinir Linde Gas enn eina tilkynningu þess efnis að fyrirtækið muni ekki geta tryggt afhendingaröryggi koltvísýrings á næstunni. Á meðan eru garðyrkjubændur beðnir um að draga úr notkun á koltvísýringi eins og kostur er næstu vikurnar. Slíkar tilkynningar hafa borist reglulega frá fyrirtækinu síðustu misseri.

„Það liggur ljóst fyrir að skerðing á koltvísýringi veldur stórtjóni fyrir þá sem stunda ylrækt, sérstaklega á veturna þegar hús eru lokuð og koltvísýringur fellur, bæði uppskerulega séð og markaðslega séð. Framboð af íslensku grænmeti minnkar og afkomutjón blasir við framleiðendum,“ segir Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna.

„Öruggt aðgengi að heitu og köldu vatni, rafmagni og koltvísýringi, auk vinnuafls, eru grunnþættir garðyrkjuframleiðslu. Skerðing á einhverjum af þessum þáttum bitnar á öllum.“

***Bilun í flutningaskipi***

Linde Gas er eina fyrirtækið hér á landi sem útvegar garðyrkjubændum koltvísýring. Eins og fram hefur komið í Bændablaðinu hafa bændur ekki fengið afhent það magn af koltvísýringi sem þeir hafa skuldbundið sig til að kaupa frá fyrirtækinu og afhending þess hefur verið gloppótt. Að sögn bænda hefur fyrirtækið vísað í að borhola hér á landi sé ekki að skila því sem vonast er eftir, en nú sé vísað í bilun í flutningaskipi. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2024 var flutt inn meira magn koltvísýrings til landsins en á ársgrundvelli síðustu ár.

Þrátt fyrir það er afhending ótrygg og vegna skorts á koltvísýringi hafa garðyrkjubændur orðið fyrir uppskerutapi. „Það er slæmt að missa niður framboð á markaði milli vikna út af svona grundvallaratriði,“ nefnir Gunnlaugur sem hefur heyrt af sláandi tölum frá framleiðendum. „Í verstu tilfellunum var uppskeran að fara úr sex brettum í eitt. Það að framleiðendur hafi ekki tryggt aðgengi að koltvísýringi er forsendubrestur fyrir að vera í svona viðskiptum. Þeir verða að hafa afhendingaröryggi,“ segir hann.


Gunnlaugur Karlsson.

***Vekur lagalegar spurningar***

Eina kolsýruvinnsla landsins er á Hæðarenda í Grímsnesi en Linde Gas á þar verksmiðjuna og allan nýtingarrétt á auðlind á jörðinni til ársloka 2064 samkvæmt leigusamningi. Eigandi jarðarinnar, Sigurður Karl Jónsson, sagði í 15. tbl. Bændablaðsins að umgengni fyrirtækisins við auðlindina og ástand vinnslunnar væri ekki í lagi – en með góðu móti væri hægt að framleiða ríflega landsþörf af koltvísýringi.

Gunnlaugur segir leitt til þess að hugsa að garðyrkjubændur skuli nú þurfa að horfa til þess að flytja inn hráefni sem hægt væri að fá innanlands.

„Þegar nóg er til af þessari vöru í landi Hæðarenda, framúrskarandi hreinu og flottu gasi, spyr maður sig af hverju fyrirtækið hafi ekki getað skaffað vöruna. Þessi samningur sem Linde Gas hefur felst víst í því að enginn megi kaupa þessa vöru úr landi Hæðarenda nema þeir, sem orkar mjög tvímælis. Í stað þess að gera viðeigandi ráðstafanir og nýta þessa frábæru auðlind er verið að sóa gjaldeyri í að flytja kolsýruna inn og það ekki í nægu magni með tilheyrandi tjóni fyrir alla,“ segir Gunnlaugur og leggur til tafarlausa endurskoðun stöðunnar til að koma í veg fyrir enn frekara tjón. */ghp*

## Græða vel á gasinu

Linde Gas á Íslandi skilaði metafkomu árið 2023. Hagnaður félagsins eftir skatta var yfir milljarður króna og hrein eign félagsins í árslok nam rúmum 5 milljörðum króna. Félagið greiddi einn milljarð króna til hluthafa sinna á rekstrarárinu 2022, að því er fram kemur í nýjum ársreikningi félagsins.

Linde Gas er skilgreint í ársreikningi sem lyfja-, matvæla- og iðnaðarfyrirtæki sem framleiðir súrefni, köfnunarefni og koldíoxíð. Þar segir einnig að fyrirtækið flytji inn aðrar gastegundir og búnað fyrir viðskiptavini og að það reki súrefnisverksmiðju í Vogum á Vatnsleysuströnd og koldíoxíðverksmiðju á Hæðarenda í Grímsnesi, auk áfyllingarstöðvar, rannsóknarstofu og skrifstofu sem staðsett er á Búðarhellu í Hafnarfirði.

Í ársreikningnum kemur fram að allt hlutafé félagsins sé i eigu OY Linde Gas Ab í Finnlandi sem er hluti af Linde Group. Endanlegt móðurfélag er Linde plc. sem er skráð félag í Írlandi. Skráðir eigendur Linde Gas á Íslandi eru sænskir, sem og forstjóri þess.

Sölutekjur félagsins námu tæplega 4 milljörðum króna en framleiðslukostnaður nam 975 milljónum. Annar rekstrarkostnaður er skráður tæpar 1,4 milljarðar króna í ársreikningnum.


GERUM
MEIRA
TOYOTA HILUX
HILUX
Gerðu allt sem þú vilt með Toyota Hilux.
Verð frá: 8.990.000 kr.
KINTO langtímaleiga. Verð frá: 221.000 kr. á mánuði.
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
7
3+4 ÁBYRGÐ
3
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Matvælaeftirlit:

# Stýrihópur greiðir úr misfellum

**Fyrir liggur að matvælaeftirlit hér á landi er óskilvirkt og nýr stýrihópur hefur það verkefni að koma með tillögu að betra fyrirkomulagi, eftir að ESA áminnti Ísland fyrir brotalamir.**

Í mars 2023 sendi Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, íslenskum stjórnvöldum bréf þar sem tilkynnt var að stofnunin hefði hafið frumkvæðismál þess efnis að Ísland hefði ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum um opinbert eftirlit með matvælum.



**ESA hefur áminnt Ísland fyrir óskilvirkt matvælaeftirlit.** Mynd / Orkun Orcan

### *Áminning ESA*

Í júní bars formlegt áminningarbréf þar sem þess er krafist að innleitt verði skilvirkara eftirlit með matvælum, fóðri og dýraheilbrigði. Niðurstöður ESA byggir, samkvæmt tilkynningu stofnunarinnar, á „ítrekuðum niðurstöðum úttekta ESA á Íslandi sem gerðar hafa verið frá árinu 2010“.

Þær úttektir hafi leitt í ljós að annmarkar eru á samræmingu verkefna þegar fleiri aðilar koma að eftirlitinu. Ísland hafði tvo mánuði til að koma sjónarmiðum á framfæri áður en ESA ákveður hvort það fari með málið lengra.

Í svari matvælaráðuneytisins við fyrirspurn Bændablaðsins um áminningarbréfið segir að eftirlit með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum sé í dag flókið samspil ellefu stofnana á tveimur stjórnsýslustigum ríkis og sveitarfélaga, Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar ásamt níu heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Fyrir liggi skýrslur varðandi fyrirkomulag á málefnasviðinu sem benda á bresti í eftirlitinu.

„Annars vegar frá KPMG síðan 2020 og hins vegar frá starfshóp á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins (URN) og matvælaráðuneytisins (MAR) sem gefin var út árið 2023. Í báðum skýrslum er niðurstaðan sú að matvælaeftirlit í núverandi mynd sé ósamræmt og óskilvirkt.“

### *Stýrihópur rýnir sviðsmyndir*

Í svari matvælaráðuneytisins segir enn fremur að nú hafi verið skipaður stýrihópur sem hefur það að markmiði að rýna þær sviðsmyndir sem koma til greina og koma með tillögu að fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Stýrihópurinn samanstandi af sex fulltrúum frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, matvælaráðuneytinu, innviðaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlitssvæðum og Samtökum atvinnulífsins. Niðurstaðna stýrihópsins er að vænta fyrir árslok. */ghp*

# Ýtt undir nýliðun

**Ættliðaskipti og nýliðun í landbúnaði er enn til umfjöllunar í þingsályktunartillögu.**

Lögð hefur verið fram á Alþingi þingsályktunartillaga um ættliðaskipti og nýliðun í landbúnaðarrekstri. Er mælt fyrir því að auðvelda og hvetja til ættliðaskipta og nýliðunar í búskap með skattalegum hvata fyrir kaupendur bújarðar til að halda áfram búskap á bújörð. Einnig með lagaákvæði um húsnæðisstuðning og annan sambærilegan félagslegan stuðning sem hið opinbera veiti.

Hvatt er til að horft sé til regluverks í Þýskalandi þar sem heimilt sé að ráðstafa jörð til lögerfingja án greiðslu, í því skyni að halda ákveðnum svæðum í landbúnaðarrekstri, en tekjuskattskvöð virkist ef viðkomandi hættir búskap. Tilgangur tillögunnar er sagður að halda ákveðnum svæðum í land- búnaðarrekstri og tryggja framtíð íslensks landbúnaðar. Tillaga svipaðs efnis hefur áður verið flutt á þremur þingum á síðustu árum. Flutningsmaður tillögunnar er Birgir Þórarinsson, Sjálfstæðisflokki. */sá*






**Landbúnaðarland. Urriðaá í Miðfirði.** Mynd / smh

Umhverfisstofnun:

# Samfélagslosun dróst saman um 2,8 prósent

## – Áframhaldandi samdráttur í landbúnaði

**Samfélagslosun, sem er á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda, dróst saman um 2,8 prósent milli ára.**

Losun frá landbúnaði var 4,4 prósent minni, sem flokkast undir samfélagslosun.

Skýringin á samdrættinum á losun frá landbúnaði er sem fyrr að sauðfé fækkar, sem er talin nema um fjórum prósentum á ári að meðaltali frá 2016. Einnig var samdráttur í losun vegna minni áburðarnotkunar í landbúnaði árið 2023 samanborið við fyrri ár.

### *Gögn frá RML*

„Það liggja ótalmörg gögn að baki þessu mati, bæði innlend og erlend,“ segir Inga Rún Helgadóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, spurð um uppruna gagna varðandi losunina frá landbúnaði. „Dýrafjöldinn er sú breyta sem hefur einna mest áhrif. Iðragerjun og meðhöndlun búfjáráburðar er metin á hvert dýr og svo er margfaldað með fjölda dýra.

Dýrafjöldinn hefur áhrif á bæði þessi atriði og einnig á hluta losunar frá ræktarlandi þar sem fjöldi dýra hefur áhrif á hversu mikill lífrænn áburður er borinn á tún. Margs konar gögn eru notuð við mat á iðragerjun sauðfjár og nautgripa og er þar notast við innlend gögn í sambland við erlenda stuðla. Meltanleiki fóðurs hefur til dæmis mikil áhrif og hann er reiknaður út frá gögnum frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). Einnig tökum við inn margar aðrar breytur sem hafa minni áhrif eins og mjólkurframleiðslu, fitu- og prótíninnihald kúamjólkur, meðgöngutíðni kúa og meðgönguhlutföll, það er hvort ær séu ein-, tví- eða þrílembdar, og meðalþyngd í hverjum aldursflokki, auk þess sem inni- og útistaða dýra eru teknar inn í reikninginn,“ segir Inga. Þetta séu allt innlend gögn frá RML.

### *Erlendir stuðlar fyrir metanlosun*

Hún segir óhjákvæmilegt annað en að nota einnig erlenda stuðla. „Við notum til dæmis stuðla frá IPCC [milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar] fyrir það hlutfall fóðurorkuinntöku sem verður að metani og notum aðferðafræði frá IPCC til að reikna iðragerjunina út frá þessum gögnum og stuðlum.

Fyrir losun vegna iðragerjunar annarra dýraflokka er einfaldari aðferðafræði notuð. Notast er við innlend gögn yfir dýrafjölda og þyngd dýra og í framhaldi notast við stuðla frá IPCC.

Til að reikna út losun frá meðhöndlun búfjáráburðar þarf einnig að hafa upplýsingar um inni- og útistöðutíma og notkunarhlutföll mismunandi gerða búfjáráburðargeymslna, auk nokkurra fleiri breyta,“ segir Inga.



**Inga Rún Helgadóttir.**

### *Unnið að því að afla innlendra gagna*

Varðandi þann möguleika að Ísland geti sjálft lagt til gögn og stuðla sem eigi við um íslenskar aðstæður, segir Inga að þau séu mjög meðvituð um að aðstæður á Íslandi séu um margt ólíkar þeim aðstæðum sem IPCC stuðlarnir eru miðaðir við. „Því erum við að reyna að fá fleiri innlenda stuðla og auka samstarfið við innlenda sérfræðinga varðandi val á stuðlum og bætt gögn. Þessar umbætur hafa verið í gangi undanfarin ár hjá okkur og munu halda áfram af fullum krafti. En það er skemmtilegt að segja frá því að það er flott verkefni að hefjast í samstarfi við Landbúnaðarháskólann til að afla innlendra stuðla fyrir losun frá hauggeymslum á sauðfjár- og nautgripabúum sem við erum mjög spennt fyrir.“

Hún segir að á hverju ári sé gögnum safnað í öllum flokkum bókhaldsins og losun hvers flokks reiknuð út.

### *Tækifæri til umbóta*

Inga viðurkennir að það eru ýmis tækifæri til að gera enn betur og segir að það séu einmitt verkefni í gangi til að bæta úr þeim atriðum sem losunarbókhaldssérfræðingum finnst mikilvæg til að gefa sem réttasta mynd á losun Íslands. „Það er auðvitað margt sem við vitum varðandi losun frá búfjárrækt en einnig margt sem við vitum ekki. Við getum til dæmis ekki sagt hver heildarlosunin er vegna sauðfjárræktar á Íslandi þar sem til dæmis áburðarnotkun á Íslandi eru einungis til fyrir landið í heild en ekki skipt niður á ákveðnar búfjárgreinar.

Við erum með umbótaáætlun og uppfærum aðferðafræði ákveðinna flokka eða söfnum breyttum gögnum í samræmi við hana. Þeim breytingum er ávallt beitt á alla tímalínuna, það er að segja losunin er uppfærð fyrir öll ár bókhaldsins og samanburður tveggja ára á því að sýna raunverulegan mun í losun milli þessara ára en ekki mun vegna breyttrar aðferðafræði við útreikninga í bókhaldinu.“

### *Landnotkunarflokkurinn losar langmest*

Heildarlosun Íslands skiptist í þrjá skuldbindingarflokka, í samræmi við skuldbingingar Íslands gagnvart EES samningnum: Samfélagslosun, sem inniheldur m.a. losun frá samgöngum, frá fiskiskipum, frá landbúnaði og frá meðhöndlun úrgangs og skólps; losun vegna landnotkunar (LULUCF), sem skógræktin er hluti af; og losun sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (svokallað ETS kerfi), sem inniheldur stóriðju.

Skuldbindingaflokkurinn „samfélagslosun“ samsvarar 22 prósent af heildarlosun Íslands, og af þeim losunarflokkum sem falla undir samfélagslosun, telja „vegasamgöngur“ mest, eða 34 prósent samfélagslosunar, þá „landbúnaður“, 21 prósent, „fiskiskip“, 18 prósent og „urðun úrgangs“, 7,5 prósent.

Frá skuldbindingarflokknum „landnotkun“ er langmest af heildarlosun Íslands, eða um 63 prósent, og frá árinu 2021 hafa stjórnvöld þurft að uppfylla skuldbindingar í þeim flokki. Af þeim jarðvegsgerðum sem losa í landnotkunarflokknum er mólendi sá stærsti, um 77 prósent losunar, ræktað land er um 19 prósent og votlendi 11 prósent.

„Stærstur hluti losunar innan landnotkunar er rakinn til framræslu lands og framræslan er að mestu framkvæmd í landbúnaðarskyni. Þannig tengist flokkurinn landbúnaði. Það sem flækir málin er að hláturgaslosun þessa framræsta lands, hvort sem það er í nýtingu í dag eða ekki, er talin fram í landbúnaðargeiranum á meðan koldíoxíðs- og metanlosunin er í landnotkunarflokknum. Koldíoxíðslosunin er þó mun meiri en hláturgaslosunin og mikill meirihluti losunarinnar því landnotkunarmegin,“ útskýrir Inga. */smh*

# Fullwood JOZ MJALTAÞJÓNN



NÝTT!
**FULLSENSE**
**Hjarðstjórnunarkerfi**






Við tökum allar tegundir mjaltaþjóna uppí nýjan Fullwood mjaltaþjón fyrir að lágmarki 2.000.000 kr. + vsk.* Athugið! Skilyrði er að mjaltaþjónninn sé í notkun.

*Gildir til 31.12.2024




## HRÖÐ ÁSETNING | VIÐHALDSLÍTILL
## HLJÓÐLÁTUR | SVEIGJANLEIKI Í UPPSETNINGU

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Bændablaðið

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.
Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279.
Útgefandi: Bændasamtök Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: 33.000 – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Lágmarkskröfurnar

**Tíunda grein laga um velferð dýra fjallar um getu, hæfni og ábyrgð umsjónarmanna dýra. „Hver sá sem hefur dýr í umsjá sinni skal búa yfir eða afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun viðkomandi dýrategundar og skal enn fremur búa yfir nægjanlegri getu til að annast dýrið [...].“**

Í reglugerðum um velferð hinna ýmsu dýra má gjarna finna ítarlegri útlistun á skilyrðum sem dýraeigendur eiga að uppfylla. Til að mynda er sú krafa gerð til umráðamanna nautgripa, minka og svína að þeir hafi lokið prófi í búfræði frá landbúnaðarháskóla, lokið námskeiði viðurkenndu af Matvælastofnun (Mast) eða hafi starfað við umsjá tiltekinna dýra sem nemur tveimur árum í fullu starfi. Í reglugerð um velferð hrossa segir að sá sem heldur hross skuli hafa aflað sér grunnþekkingar á eðli þeirra og þörfum. Umráðamaður sauðfjár eða geitfjár þarf að sjá til þess að „hver sá sem ber ábyrgð á umönnun kinda eða geita í hans eigu, hafi hæfni til þess, þekkingu á umönnun og þörfum dýranna og á lögum og reglum um sauðfjár- og geitfjárhald og hafi líkamlega og andlega getu til þess að annast dýrin“.

> Allir, sem starfa af heilindum, ættu að vilja stefna hærra en að slefa yfir lágmarkið ...

Hluti af því að annast og halda dýr er að lúta opinberu eftirliti Mast sem hefur gæsluhlutverki að gegna og fylgist með því að ákvæðum laga um dýravelferð sé framfylgt. Til þess framkvæma eftirlitsmenn úttektir á þeim stöðum sem dýr eru haldin. Þar huga þeir að tilteknum þáttum samkvæmt gátlistum með skoðunaratriðum sem byggðir eru á lágmarkskröfum samkvæmt reglugerðum. Þar er tekið á leyfum, byggingum og búnaði, verklagi, hollustuháttum, neytendavernd, velferð og dýrasjúkdómum, svo eitthvað sé nefnt.

Lög um velferð dýra eru nú orðin áratugagömul og á þeim tíma hafa ýmsar umbætur verið gerðar í utanumhaldi dýra sem talið er að hafi bætt töluvert stöðu dýra í landbúnaði. Sem dæmi hafa búrhænsn nú verið bönnuð svo öll íslensk egg eru nú frá lausagönguhænum.

Lögin hafa líka gert Mast kleift að beita sér skilvirkar í krefjandi málum í eftirliti með dýrum og um það er fjallað í þessu tölublaði Bændablaðsins. Þótt sjónarmið og skilningur talskonu hins opinbera og talsmanns bænda sé að mörgu leyti svipaður ber þeim í milli hvernig hið opinbera, í þessu tilfelli eftirlitsmönnum Mast, er ætlað að leiðbeina þeim dýraeigendum sem uppfylla ekki lágmarkskröfur í eftirlitsheimsóknum.

Á meðan talsmenn Bændasamtakanna tala um leiðbeiningarskyldu og „leiðbeinandi hvatningu til úrbóta“, segir talskona Mast eftirlitsmenn mega stunda fræðslu en ekki ráðgjöf, og „örlítill eðlismunur [sé] þar á“. En hvort sem um fræðslu, ráðgjöf eða leiðbeiningar er að ræða þá er það öllum skýrt að ábyrgð á að tryggja velferð og heilbrigði dýra liggur hjá eigendum dýranna.

Þegar fólk tekur að sér störf sem það hefur virkilegan metnað fyrir liggur það í hlutarins eðli að það vilji gera betur en lágmarkskröfur kveða á um. Allir, sem starfa af heilindum, ættu að vilja stefna hærra en að slefa yfir lágmarkið. Langflestir bændur eru einmitt sammála um það og þetta sýnir tölfræði yfir heildarniðurstöður Matvælastofnunar á eftirliti með dýravelferð í ársskýrslu hennar eins og fram kemur í blaðinu. Mesta hagsmuni af góðri dýravelferð hafa bændur, því ímynd þeirra og gæðaafurða landbúnaðarins er það verðmætasta sem þeir búa að.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.*






Íslenskur hamborgari sem ekki er nægilega vel eldaður. Hann er hrár í miðjunni og hefur ekki náð 72 gráðum í eldun sem þarf til að drepa „hamborgarabakteríuna“.
Myndir / Aðsendar

## Hópsýking:

# Upplýsa þarf um smithættu af vanelduðum hamborgurum

## – Ekki ráðlagt að börn borði óbakað deig

**Tvær nýlegar hópsýkingar hafa orðið í Noregi sem raktar voru til hamborgarakjöts sem ekki var nægilega vel eldað. Sérfræðingur hjá Matís telur þörf á að upplýsa íslenska neytendur um nauðsyn þess að steikja hamborgara í gegn.**

Að sögn Hrólfs Sigurðssonar, formanns íslensku matvælarannsóknarnefndarinnar og starfsmanns Matís, sýna svona dæmi hversu mikilvæg almenn vitneskja um hættuna af sýkingum sem þessum sé hér á landi. Hann segir að 24 einstaklingar hafi sýkst í öðru tilfellinu í Noregi og fengu níu þeirra nýrnasjúkdóminn „Hemolytic Uremic Syndrome“, sem sé alvarlegur og getur leitt fólk til dauða. Í hinu tilvikinu sýktust níu manns en enginn þeirra fékk þennan skæða nýrnasjúkdóm.

### *Börn borði ekki óbakað deig*

„Um er að ræða bakteríu sem stundum hefur verið kölluð „hamborgarabakterían“ (E. coli STEC) og getur verið í mörgum vörum sem við neytum. Hún finnst þó aðallega í hökkuðu nautakjöti, ógerilsneyddum mjólkurvörum og grænmeti. Hún finnst líka stundum í hveiti og því ekki ráðlagt að börn borði óbakað deig,“ segir Hrólfur.

„Viðkvæmustu einstaklingar sem fá þessa sýkingu eru börn og gamalmenni. Það þarf mjög lítið magn til að smitast af völdum þessarar bakteríu. Því er nauðsynlegt að steikja hamborgara í gegn – og að kjarnhiti nái 72 gráðum – til að drepa þessa bakteríu,“ útskýrir Hrólfur enn fremur.

### *Smitið í Efstadal var umhverfissmit*

Hrólfur telur nauðsynlegt að upplýsa neytendur, aðallega barnafjölskyldur, um þessar hættur. Í Evrópu hafi á síðasta ári tæplega 11 þúsund manns sýkst af þessari bakteríu. „Það er bara tímaspursmál hvenær við fáum aðra hópsýkingu, en fyrsta hópsýkingin varð í Efstadal 2019 þegar 22 börn veiktust.

Í Efstadal var stía með þremur kálfum og hún var þrifin með háþrýstibúnaði og svo virðist sem bakterían hafi úðast yfir nálæg borð.

Þannig að smitið í Efstadal var vegna umhverfissmits sem barst í fólk sem var að borða á staðnum.“

### *Heilir nautavöðvar ekki með bakteríuna inni í sér*

Hann bendir á að E. coli bakteríur séu hluti af þarmaflóru manna og dýra. Hluti þeirra geti verið sjúkdómsvaldandi, en alls ekki allar. „Ástæðan fyrir því að það þurfi að gegnumsteikja hamborgara er að E.coli bakterían er komin inn í miðju borgarans með því að hakka kjötið. Heilir nautavöðvar eru ekki með bakteríuna inni í sér og því er hægt að borða lítið eldaðar steikur. Bakterían er þá bara á yfirborði steikanna og við drepum hana þegar við steikjum á pönnu.

Í sambandi við grænmetið þá getur vatnið verið smitað sem það er vökvað með. Uppruninn er alltaf úr þörmum dýra og manna. Hvað varðar smit í hveiti, þá eru villt dýr á ökrum og smitið kemur líklega frá þeim. Það var gerð könnun á kornökrum í Svíþjóð og það kom í ljós að 12 prósent sýna innihélt bakteríuna. Svipaðar kannanir hafa verið gerðar í öðrum löndum með svipuðum niðurstöðum,“ segir Hrólfur. /smh



Hrólfur Sigurðsson.

Bændablaðið kemur næst út 24. október
Hvar auglýsir þú?



Nemendur Menntaskólans í Kópavogi saman komnir í grænmetisgarði með ferskt og fallegt grænmeti, alsælir með heimsóknir sínar til garðyrkjubænda. Myndir / Aðsendar



Vilberg Darri Gunnarsson (t.v.) og Tómas Andri Jörgensson voru ánægðir með nýuppteknu gulræturnar.

# Matreiðslunemar heimsóttu garðyrkjubændur

**Sölufélag garðyrkjumanna bauð matreiðslunemendum í Menntaskólanum í Kópavogi í heimsókn til garðyrkjubænda á Suðurlandi á dögunum.**

„Tilgangur ferðarinnar var að kokkanemar fengju að kynnast ræktuninni frá fyrstu hendi, það er að segja að fá fróðleik og kynningu frá okkar garðyrkjubændum, sem eru virkilega ánægðir að fá nemendur í heimsókn. Það var svo gaman að finna hvað nemendurnir voru áhugasamir um það sem fyrir augu þeirra bar. Þar sem þau eru í kokkanámi hafa þau mikinn áhuga á mat og allt sem tengist honum. Vilja smakka á öllu og læra meira,“ segir Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri hjá sölufélaginu.

Hópurinn heimsótti sjö garðyrkjustöðvar en farið var í Garðyrkjustöðina Kinn í Hveragerði, Garðyrkjustöðina Heiðmörk í Laugarási, Flúðasveppi og einnig í útigarða Jörfa við Hvítárholt, Friðheima í Reykholti og svo var endað á Garðyrkjustöðinni Ártanga í Grímsnesi. Kristín Linda segir að það hafi verið mikil ánægja með ferðina.

„Það kom þeim á óvart hversu umfangsmikil íslensk grænmetisræktun er og hversu flókið það getur verið að rækta grænmeti til að geta fengið góða og mikla uppskeru. Það er okkur mikil ánægja að eiga svona gott samstarf við skólann og geta átt kost á að fræða og kynna okkar starfsemi fyrir nemendur.“ /mhh



Margrét Lilja Jónsdóttir og Kristján Ragnar Waagfjörð Stefánsson með fullt fangið af nýjum íslenskum gulrótum.



Nemendur fengu að taka upp grænmeti í útigarðinum í Hvítárholti hjá Jörfa í Hrunamannahreppi.



Hlynur Sigurbergsson hjá Garðyrkjustöðinni Kinn í Hveragerði er hér að fræða nemendur um starfsemi stöðvarinnar.



Vígalegir nemendur, eða þeir Jakob Kristinsson (t.v.) og Mikael Máni Oddsson, en allir nemendur voru gallaðir upp í síðustu heimsókninni, sem var í Ártanga, til að koma í veg fyrir að eitthvað bærist á milli stöðvanna. Nemendur fengu líka skóhlífar.




Nemendur fengu að taka með sér fullan kassa af útiræktuðu grænmeti frá Jörfa til að prófa að matreiða með.



Flúðasveppir eru vinsælt fyrirtæki, sem alltaf er gaman að heimsækja og fræðast um starfsemina og það klikkaði ekki í heimsókn nemendanna.

## Vísnahornið

Í tilefni þess að ritari varð 70 ára um daginn, barst frá **Pétri lækni á Akureyri** þessi vísa.

*Gakktu í elli gæfustig,*
*gerjist hjá þér eðallandinn*
*og aldrei geðdeyfð angri þig,*
*eða getuleysisfjandinn.*

**Reynir Hjartarson** sendi þessa:

*Sjötugum sendist þér kveðja*
*seggurinn orðs og ljóða.*
*Megi þig gæðingar gleðja*
*og góðvinir ölföng bjóða.*

**Gylfi Þorkelsson** sendi einnig kveðju.

*Ennþá er dágóður dugurinn*
*og drengslega vakandi hugurinn*
*Yrkir og temur.*
*Óvænt svo kemur*
*áttundi áratugurinn.*

Til ritara barst lítill bæklingur frá því 1930, en sá ber titilinn Stuðlar. Höfundur er **Kári S. Sólmundarson.**

*Hér er þjóð á Fróni fróð,*
*fædd af góðu kyni.*
*Mín því bjóða mun ég ljóð*
*mörgum óðar vini.*

Mælt við Símon Dalaskáld:

*Símon fljóðum hýrum hjá*
*hróðrar fróðleik styður,*
*talinn slóðum ísa á*
*afbragðs ljóðasmiður.*

**Pálmi Frímannsson** frá Garðshorni á Þelamörk var læknir, en lést um aldur fram. Hann orti þessa ágætu landbúnaðarvísu sem allir skilja:

*Margur hefur Fróða hveitis farið*
*hryggur án,*
*sem fátækur af gulli til mín leitar,*
*en ormabeðjufurum er mér ljúft*
*að veita lán*
*úr lífsins banka, tjóðurhæli geitar.*

Pálmi lék með kunnar hendingar til gamans og prjónaði við.

*Frakkir þingmenn fóru á stjá,*
*fyrir nokkrum dögum.*
*„Sá er jafnan endir á,*
*Íslendingasögum.“*

*En þótt mig vanti völdu og auð*
*vera ætti í lagi*
*„að sækja bæði sykur og brauð,*
*sitt af hvoru tagi.“*

Vinur minn Eiríkur Jónsson lét fljóta til Vísnahorns nokkrar frá hagyrðingakvöldi í Skagafirði. Spurt var um eiginleika sem góðir hestamenn væru gæddir. **Pálmi Runólfs** í Hjarðarhaga svaraði:

*Hann skal kunna á taumi taka,*
*týna aldrei vegi,*
*geta stigið beint á bak,*
*bæði á nóttu og degi.*

**Sigurður Hansen** sagði:

*Enga lesti iðka kann,*
*er í flestu glaður.*
*Sæmir best ef söngvum ann*
*sannur hestamaður.*

**Sr. Hjálmar Jónsson** svaraði.

*Fyrir herðar, háls og bóg,*
*höfuð, bak og lendar,*
*varla eru níu nóg,*
*náist saman endar.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
mhalldorsson0610@gmail.com



**Túnvingull gaf ágætlega af sér.**
Mynd / Wikipedia

# Rýr uppskera af melgresi

**Fræskurður hefur staðið yfir í haust á vegum landgræðsluhluta Lands og skógar.**

Fræskurður Lands og skógar í haust skilaði túnvingulsuppskeru í góðu meðallagi. Uppskera af melgresi er þó skv. upplýsingum stofnunarinnar fremur lítil.

„Að þessu sinni var melgresi eingöngu uppskorið á Mýrdalssandi í nokkra daga. Ax er ekki mjög stórt og svo misstum við það að hluta í illviðri. Algengast er að fyrst sé skorið í Landeyjum, svo á Mýrdalssandi og stöku sinnum endað í Þingeyjarsýslum," segir Pétur Halldórsson, kynningarstjóri hjá stofnuninni.

Hann segir nákvæmar magn- og gæðatölur ekki liggja fyrir fyrr en líður á vetur og fræhreinsun lýkur.

Meginhlutverk fræverkunarstöðvar Lands og skógar í Gunnarsholti er frærækt og fræverkun tegunda til uppgræðslu. Tvær tegundir eru í framleiðslu: melgresi (Leymus arenarius) og túnvingull (Festuca richardsonii). Fræöflun fer fram síðla sumars og fram á haust þegar fræþroski nær hámarki, en þó áður en náttúruleg frædreifing hefur átt sér stað. Túnvingull þroskast í lok ágúst, en melgresi þroskast seinna og stendur melsláttur oft langt fram í september. Þegar fræið er komið í hús er það þurrkað og hreinsað.

*/sá*






**Fallegt og snyrtilegt er að Stóru-Ökrum 2 sem fengu nýlega umhverfisverðlaun. Fjós, útihús og íbúðarhús eru römmuð inn með trjám og lággróðri og fallegt samræmi í litavali húsa.**
Myndir / Aðsendar

## Skagafjörður:

# Fagurt heim að líta

## – Stóru-Akrar 2 fá umhverfisverðlaun Skagafjarðar

**Stóru-Akrar 2 liggja við þjóðbraut í Skagafirði. Býlið fékk umhverfisverðlaun Skagafjarðar á dögunum.**

Á Stóru-Ökrum 2 er rekið kúabú, stunduð hestamennska og ræktun á sauðfé. Eigendur eru Ragnhildur Jónsdóttir og Agnar Gíslason. Þau tóku við búi af Huldu Ásgrímsdóttur og Jóni Sigurðssyni, foreldrum Ragnhildar, vorið 2013 og eru fjórða kynslóð ábúenda. Stóru-Akrar 2 eru um 110 ha jörð.

„Við erum með 66,6 árskýr og róbótafjós," segir Ragnhildur, aðspurð um bústofninn. „Sauðfé er áhugamál elsta sonarins; þær eru 35 kindurnar. Að auki eru 30 hross og þau eru líka áhugamál," segir hún.

### *Þakkar móður sinni*

Býlið hlaut umhverfisverðlaun Skagafjarðar á dögunum og voru þau þá veitt í tuttugasta sinn. Í greinargerð með verðlaunum sagði að þangað væri „fagurt heim að líta þegar ekið er um sveitina, fjós, útihús og íbúðarhús vel og fallega römmuð inn með trjám og lággróðri og fallegt samræmi með litaval húsa".



**Á Stóru-Ökrum 2 er rekið kúabú, stunduð hestamennska og ræktun á sauðfé. Eigendur eru Agnar Gíslason og Ragnhildur Jónsdóttir.**

„Ég þakka þetta foreldrum mínum. Móðir mín heitin var svona smekkleg," segir Ragnhildur. „Henni var mjög umhugað um að ásýnd bæjarins, sem stendur við þjóðveg 1 og er því í alfaraleið, væri falleg. Við höfum svo reynt að halda í horfinu og sett okkar svip aðeins á."

Aspir standa meðfram vegi og ramma inn milli t.d. fjóss og bæjar og garðurinn er gróinn með birki og fleiri tegundum. Húsum hefur öllum verið vel við haldið. „Þau voru mjög dugleg í þessu, foreldrar mínir," bætir Ragnhildur við. Nóg sé að gera við að halda í horfinu og sífellt einhver verkefni þar að lútandi.

### *Fimmta kynslóð gæti tekið við*

Þau Ragnhildur og Agnar, sem er úr Álftagerði handan Héraðsvatna, eiga þrjú börn; 19 og 18 ára drengi og 13 ára stúlku. Hjónin vinna bæði á búinu og elsti sonurinn einnig, en hann hefur lokið vélvirkjanámi og ætlar sér í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri eftir ár. Því gæti mögulega fimmta kynslóð fjölskyldunnar tekið við búinu einn góðan veðurdag. „Ja, það er spurning, maður veit aldrei," segir Ragnhildur hlæjandi.

Mannlífið í sveitinni er gott að hennar sögn. Hún hitti konurnar í kvenfélaginu og þau hjónin syngi í kirkjukórnum. „Félag kúabænda er svo ágætlega duglegt að vera með pöbba-hittinga og fleira, svo það er alltaf eitthvað í gangi."

Hún segir þau komast þokkalega af. „Auðvitað er þetta erfitt meðan vaxtastigið er svona hátt, það er bara þannig. En við erum bjartsýn á að þetta fari að lagast. Það þýðir ekkert annað fyrst maður er kominn í þetta," segir Ragnhildur að endingu.

### *Steinullarmoltan fékk viðurkenningu*

Umhverfisverðlaun Skagafjarðar voru veitt sveitabýli með hefðbundinn búskap, sveitabýli án slíks, lóð í þéttbýli, lóð við fyrirtæki og fyrir einstakt framtak, sem að þessu sinni féll í skaut steinullarmoltu Steinullar á Sauðárkróki. Fyrirtækið hefur verið í þróun slíkrar moltu allt frá árinu 2009. Notast er við steinullarúrgang, hrossaskít og gras sem gefur hitastig sem dugar til að brjóta niður formaldehýð í hratinu. Steinullarmolta fékk árið 2021 staðfestingu frá MAST sem jarðvegsbætandi efni og Steinull hefur síðan í fyrra haft ótímabundið starfsleyfi fyrir moltuframleiðslunni.

*/sá*

## Hrossarækt:

# Niðurgreiða sýningargjöld

**Hrossaræktarfélag Hrunamanna mun niðurgreiða hluta sýningargjalda kynbótahrossa fyrir félaga sína.**

„Okkur finnst mjög gaman að geta gert þetta. Það er eitt af markmiðum félagsins að styðja við hrossarækt í sveitinni og okkur finnst þetta kjörin leið," segir Guðríður Eva Þórarinsdóttir, formaður félagsins, sem telur um sjötíu meðlimi.

Niðurgreiðslan nemur tíu þúsund krónum á hvern hest sem mætti til fullnaðardóms árið 2024. Hrossið þarf að hafa verið ræktað af og í eigu félagsmanns þegar það var sýnt.

„Skráningargjöld á kynbótasýningum hafa hækkað mjög mikið og hratt á undanförnum árum. Í sumar kostaði til dæmis 40.675 krónur að fara með hross í fullnaðardóm. Það eru ekki mörg ár síðan það var á bilinu 25–28.000 krónur, svo með þessu tekst okkur eitthvað að koma til móts við þessa hækkun. Við vonumst til þess að félagar okkar verði áfram duglegir að mæta með hross í dóm," segir Guðríður.

*/mhh*



**Folaldsmeri og afkvæmi hennar á bænum Fossi í Hrunamannahreppi. Hrossaræktarfélag hreppsins styður við félagsmenn sína með niðurgreiðslu á sýningargjöldum kynbótahrossa.**
Mynd / Bára Másdóttir

# Einstök tækni fyrir þig

## DeLaval VMS V310

DeLaval




Meiri nákvæmni

Meiri gæði

Meiri afköst

Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

Mast:

# Fuglainflúensa víða

**Rökstuddur grunur er um fuglainflúensu í hröfnum og öðrum villtum fuglum.**



Fuglainflúensa hefur nú greinst í hröfnum m.a. Mynd / Logga Wiggler

Matvælastofnun (Mast) greinir frá því að uppi sé rökstuddur grunur um fuglainflúensu, bæði í hröfnum og öðrum villtum fuglum. Bráðabirgðaniðurstöður úr sýnum úr villtum fuglum gefi til kynna sýkingu með fuglainflúensuveirum. Samhliða hafi í auknum mæli borist tilkynningar til Mast um veika eða dauða villta fugla.

Almenningi er ráðlagt að handsama ekki villtan fugl sem er hættur að forða sér í burtu, heldur skal tilkynna slíkan fund til Mast og fylgjast með fuglinum. Allir sem halda alifugla og aðra villta fugla skulu viðhafa ýtrustu smitvarnir til að koma í veg fyrir smit frá villtum fuglum í eigin fugla.

Sýni hafa verið tekin úr tveimur hröfnum sem fundust annars vegar á Laugarvatni og hins vegar í Öræfum. Þá hefur verið tekið sýni úr hettumávum á Húsavík. Annar hrafnanna fannst veikur og drapst svo, hinn hrafninn virtist vera heilbrigður en gat ekki flogið. Hann var tekinn til aðhlynningar en um síðustu helgi, tveimur vikum eftir að hann fannst, var hann aflífaður þar sem ástandi hans hrakaði mikið. Hettumávarnir fundust dauðir á Húsavík. Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum greindi fuglainflúensuveirur í þessum sýnum en beðið er staðfestingar á meinvirkni og gerð fuglainflúensuveiranna. Vísbendingar eru þannig um að fuglainflúensa gæti verið víða í villtum fuglum um þessar mundir.

Mast ítrekar að allir sem halda alifugla og aðra fugla skuli gæta ýtrustu smitvarna, því meiri hætta er nú á að smit leynist í umhverfi fuglahúsa. Stofnunin mun endurskoða viðbúnaðarstig þegar endanlegar niðurstöður um gerð veiranna liggur fyrir. /sá

# Raforka verði niðurgreidd

**Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga um niðurgreiðslu á raforku til garðyrkjubænda.**

Lagt er til að við búvörulög nr. 99/1993 verði bætt nýju ákvæði til bráðabirgða um að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 58. gr. skuli ríkissjóður niðurgreiða garðyrkjubændum allan kostnað við flutning og dreifingu raforku vegna framleiðslu garðyrkjuafurða á árunum 2025, 2026, 2027 og 2028, að þeim skilyrðum uppfylltum að orkukaupin séu vegna atvinnustarfsemi. Niðurgreidd raforka sé sérmæld og fari einungis til loftræstingar eða lýsingar plantna til að örva vöxt þeirra. Framleiðslan sé ætluð til sölu og að ársnotkun sé meiri en 100 MWst á ári.

Heildarfjárhæð niðurgreiðslna skv. 1. málsl. skuli ekki takmarkast við heildarframlög í samningum sem íslenska ríkið geri við framleiðendur garðyrkjuafurða

Jafnframt skuli ríkissjóður niðurgreiða garðyrkjubændum helming kostnaðar vegna uppbyggingar á dreifikerfi raforku til garðyrkjubýla, gróðrarstöðva og garðyrkjustöðva á árunum 2025, 2026, 2027 og 2028.

Ráðherra verði heimilt að fela Matvælastofnun eða öðrum opinberum aðila að annast faglega umsjón með niðurgreiðslu á kostnaði við flutning og dreifingu raforku, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laga.

Flutningsmaður þingsályktunartillögunnar er Inga Sæland, Flokki fólksins og er þetta í fimmta sinn sem hún er flutt. Bændasamtök Íslands lýstu í umsögn á 153. löggjafarþingi yfir stuðningi við frumvarpið. /sá





**Matvælaráðuneytið auglýsir eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar samkvæmt reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.**

Umsóknum skal skilað á mar@mar.is, umsóknareyðublöð fást á vef ráðuneytisins, mar.is.

Stuðningur til söfnunar ullar er háður eftirfarandi skilyrðum:

- Umsækjandi skal vera reiðubúinn að taka við allri vinnsluhæfri ull af öllum framleiðendum sem þess óska.
- Sækja þarf ull heim til framleiðanda eða taka á móti ullinni á móttökustöð sem innan 100 km fjarlægðar frá hverjum einstökum framleiðanda.
- Að minnsta kosti 30% allrar ullar sem aðili móttekur skal þvegin hér á landi og band, lopi eða samsvarandi vara unnin úr þessari sömu ull hérlendis.

Umsóknarfrestur er til 24. október næstkomandi.

→ *Nánari upplýsingar veitir matvælaráðuneytið — mar@mar.is*




Vambir utan um slátur virðast nú heyra sögunni til í matarmenningu Íslendinga. Mynd / Úr safni

Sláturgerð:

# Vambir liðnar undir lok

**Ekki fást lengur vambir með slátri frá SS. Neytendur sakna þeirra.**

Þeir sem taka slátur virðast ekki lengur geta fengið vambir nema þá eftir einhverjum sérleiðum, þær eru almennt orðnar ófáanlegar til sláturgerðar. Ýmsir eru ósáttir, segja annað bragð af slátrinu, auk þess sem rótgróin matarhefð glatist.

***Munar um bragðið af vömbunum***

„Við hjónin erum búin að taka slátur í 52 ár, telst okkur til,“ segir Ásgeir Eiríksson, sem hafði samband og lýsti áhyggjum sínum af því að fá ekki vambir lengur.

„Þetta er mikill uppáhaldsmatur í fjölskyldunni og yfirleitt mörgum boðið í mat þegar soðið er slátur hjá okkur. Það er til dæmis mjög vinsælt hjá unga fólkinu.

Nú ætla þeir ekki að hleypa okkur í vambirnar meir. Ég fór í Hagkaup og ætlaði að kaupa slátur, eins og ég geri venjulega, en þá var ekki hægt að fá vambir lengur,“ segir hann.

Ásgeir segist hafa brugðið á það ráð að hringja beint í SS og spyrjast fyrir. „Það stóð heima, mér var sagt að engar vambir yrðu leyfðar á Reykjavíkursvæðinu. Við þekkjum aðeins til norður á Akureyri og þar hefur vinafólk okkar tekið slátur í mörg ár en mátt una við að fá ekki vambir um árabil. En við hjónin ætlum að gefa slátrinu frí hér eftir og hætta þessu. Það munar um bragðið sem kemur af vömbunum í slátrið og öðruvísi slátur sem kemur úr gervivömbum. Það er bara allt annar matur,“ segir hann jafnframt.

***Prótínkeppurinn sigrar***

Ásgeir hefur séð um að gera vambirnar tilbúnar fyrir slátrið öll árin og er sóður en svo sáttur við þessa niðurstöðu.

Þau hjónin séu bæði fædd árið 1945 og hann gruni að vambaleysið muni marka endalok sláturgerðar hjá í það minnsta einhverjum hluta eldra fólks. „Ég á von á því að sú kynslóð leggi þetta af að stórum hluta til, því miður.“

Lengstum voru vambir sniðnar, skornar niður og saumaðir úr þeim keppir sem síðan voru fylltir með blöndu af niðurskornum mör, rúgmjöli og annaðhvort blóði eða hakkaðri lifur og stundum líka nýrum. Notkun á vömbum hefur þó orðið minni á síðari árum og nú notast við tilbúna keppi, m.a. svokallaða prótínkeppi.

SS hefur séð Hagkaup fyrir slátri og fylgja prótínkeppir slátrinu. Í fyrra voru 90% af öllum vömbum hjá SS seld í dýrafóðursframleiðslu og hitt selt með slátri. Þótti í raun ekki svara kostnaði að kalóna og selja vambir.

Ekki fengust viðbrögð fyrir fyrirspurn til SS um stöðu mála í ár. Árið 2014 var reynt að hætta með vambir hjá SS og þá eingöngu seldir prótínkeppir. Bar SS fyrir sig minnkandi sölu, kostnaði, rýrnun við vinnsluna og úreltum tækjabúnaði. Um 15 þúsund vambir höfðu selst haustið áður, allar frá SS. Kalónaðar vambir (hreinsaðar með leskjuðu kalki og sjóðheitu vatni) fóru þó aftur í sölu um tíma en nú virðast vambirnar heyra sögunni til. /sá

Byggðastofnun:

# Aukið fjármagn til Brothættra byggða

**Verkefnið Brothættar byggðir hlýtur 135 milljóna króna aukafjárframlag frá Byggðastofnun. Með fjárframlaginu á að auka viðspyrnu byggðarlaga sem glíma við erfiðleika.**

Verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir, hófst fyrir rúmum áratug, en meginmarkmið þess er að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarkjörnum og sveitum landsins.

Verkefnið hefur almennt gengið vel og ánægja verið ríkjandi hjá þeim byggðarlögum sem tekið hafa þátt, en þau eru fjórtán talsins. Teljanlegar framfarir hafa orðið nær undantekningarlaust, enda virk þátttaka, frumkvæði og samstaða íbúa og sveitarfélaga almennt góð.

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur á þróunarsviði og fulltrúi verkefnisins frá upphafi, segir að samkvæmt byggðaáætlun hafi verkefnið úr 120 milljónum kr. að spila árlega en nú bætast við 45 milljónir kr.. á ári í þrjú ár með nýsamþykktu viðbótarframlagi.

Mun framlagið skiptast á þrjú ár, 2025–2027, og er markmiðið að auka viðspyrnu í þeim byggðarlögum sem á þurfa að halda, liðka fyrir þátttöku fleiri byggðarlaga, lengja gildistíma nýrra samninga og auka þannig stuðning við frumkvæðisverkefni. Til viðbótar verður tveimur byggðarlögum sem hafa verið þátttakendur í verkefninu en glíma enn við örðugleika, boðið að taka þátt í tilrauna-/átaksverkefni til að fylgja eftir frekari árangri. Á málþingi sem haldið var á Raufarhöfn fyrir ári síðan sögðu þau Kristján og Helga Harðardóttir, sem einnig er sérfræðingur þróunarsviðs, að unnið væri að því að taka fleiri byggðarlög sem falla undir hatt verkefnisins.

Kristján og Helga segja aukaframlag Byggðastofnunar skipta verulega miklu máli og kærkomin viðbót við að styrkja starf Brothættra byggða enn frekar.



Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson, umsjónaraðilar Brothættra byggða. Mynd / Byggðastofnun

Auk þess gefi það tækifæri til að kanna leiðir og gera tilraun til að koma til móts við byggðarlög sem voru þátttakendur á fyrri árum verkefnisins en eru þrátt fyrir það í þröngri stöðu um þessar mundir.

„Við erum að bræða með okkur og þreifa á áhuga á slíku tímabundnu tilrauna- og átaksverkefni til þriggja ára. Því erum við á þessari stundu ekki í stöðu til að upplýsa hvaða byggðarlög munu verða þátttakendur. Á hinn bóginn getum við sagt að stuðningurinn frá Byggðastofnun inn í þessi verkefni er fyrst og fremst hugsaður til að styðja við bakið á frumkvöðlum í viðkomandi byggðarlögum. Verkefnin verða unnin í samstarfi við landshlutasamtök og sveitarfélög og það er jafnframt von okkar að þetta geti orðið til þess að íbúar nýti tækifærið til frekara samtals og samstarfs um hagsmuni og möguleika síns samfélags,“ segir Kristján. /sp



# Gómsætar jólagjafir

Sérvaldir íslenskir ostar og meðlæti




*Gjafabréf*




*Ostakassi*




*Lúxuskarfa*




*Goðdalaaskja*

Veldu á milli átta ljúffengra og spennandi ostagjafa og bættu við annarri matvöru, víni eða gjafavöru. Gjafabréf fyrir tvö í Skyrland fylgir völdum gjafakörfum. Frábær gjöf til viðskiptavina eða starfsmanna.

Kíktu á **ms.is** og skoðaðu úrvalið - einfalt og fljótlegt.





Rjúpnaveiði hefst 25. október. Eftirleiðis verður veiðistjórnun svæðisbundin, á sex svæðum. Mynd / Pixabay

# Veiðistjórn rjúpu á tímamótum

**Staðfest hefur verið stjórnunar- og verndaráætlun fyrir rjúpu og hún sögð stuðla að sjálfbærum veiðum og viðhaldi stofnsins.**

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir rjúpu er sú fyrsta sinnar tegundar fyrir dýrastofn á Íslandi. Hún er sögð mikilvægur liður í því að stuðla að sjálfbærum veiðum og að rjúpnastofninn haldi sínu hlutverki sem lykiltegund í sínu vistkerfi.

Þá segja stjórnvöld að með áætluninni verði tímamót í veiðistjórnun rjúpu. Héðan í frá verði veiðistjórnun á rjúpu svæðisbundin, þar sem landinu er skipt niður í sex svæði.

Fastir þættir sem ekki breytast á milli ára hafa verið staðfestir, svo sem að veiðitímabil hefjist fyrsta föstudag á eða eftir 20. október, veiðidagar séu heilir og veiði sé leyfileg föstudaga til þriðjudaga innan veiðitímabils. Þá voru stofnlíkön þróuð og verða notuð til að reikna út ákjósanlega lengd veiðitímabils sem getur verið mismunandi á milli svæða. Þessir föstu þættir eru sagðir stuðla að gagnsæi, fyrirsjáanleika og skilvirkni veiðistjórnunar á rjúpu sem auki traust á milli opinberra stofnana, hagsmunaaðila og almennings.

Áætlunin er afrakstur samstarfs Umhverfisstofnunar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, Náttúrufræðistofnunar, SKOTVÍS og Fuglaverndar. Samstarfshópurinn fékk einnig aðstoð frá dr. Fred A. Johnson, bandarískum sérfræðingi í veiðistjórnun og stofnlíkanagerð.

Rjúpa (Lagopus muta) er eftirsóttasta veiðibráð á Íslandi en árlega ganga að jafnaði fjögur til fimm þúsund manns til rjúpna. Vísbendingar eru um að til lengri tíma litið hafi rjúpnastofn landsins minnkað og er tegundin á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tegund í yfirvofandi hættu. Að stofninum steðja ýmsar ólíkar ógnir, en þær helstu eru loftslagsbreytingar, skógrækt, landbreyting og veiði.

Rjúpnaveiði hefst 25. október.

*/sá*

## Hrossarækt:

# Stofnverndarsjóður lagður niður

**Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins verður lagður niður í lok árs. Sjóðurinn var stofnaður fyrir fimmtíu árum og hefur til dagsins í dag fjármagnað hin ýmsu þróunar- og rannsóknaverkefni tengd hrossarækt.**

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins varð til með breytingu á lögum um búfjárrækt árið 1973 í þeim tilgangi að styrkja og lána hrossaræktarsamböndum fjármagn til kaupa á kynbótahrossum sem annars væru mögulega seld úr landi. Starfsemi sjóðsins hefur breyst með árunum en eftir árið 1997 hafa eingöngu verið veitt framlög til þróunar- og rannsóknarverkefna. Fagráð í hrossarækt hefur farið með stjórn Stofnverndarsjóðs.

*Fjármagnaður af útflutningi hrossa*

Fjármögnun sjóðsins hefur ætíð verið gegnum útflutning hrossa en á fyrstu árum sjóðsins var upphæðin reiknuð sem ákveðið hlutfall af útfluttum hrossum en á seinni árum hafa útflytjendur greitt 1.500 krónur í sjóðinn fyrir hvert útflutt hross.

Bændasamtök Íslands eiga að sjá um innheimtu fyrir sjóðinn en innheimtan hefur verið færð til ríkisins og samkvæmt fundargerðum Fagráðs hefur gjaldið ekki verið innheimt af hverju útfluttu hrossi fyrir árið 2022 og 2023 en ríkið hafi þó staðið skil á greiðslum sjóðsins. Greiðslurnar hafi tekið mið af árlegum útflutningi.

Frá upphafi sjóðsins hefur í kringum 200 milljónum verið úthlutað úr sjóðnum sem gerir að meðaltali fjórar milljónir á ári.

Verkefnin hafa verið misjöfn en m.a. hafa rannsóknaverkefni á borð við tíðni magasára í útigangshrossum á Íslandi, doktorsverkefni um erfðafræðilegan grunn gangtegunda íslenska hestsins, innleiðing á kynbótamati keppniseiginleika og rannsókn þar sem skoðaður var blóðhagur, blóðgildi og hormónastaða í íslenskum folaldshryssum verið úthlutað styrkur frá sjóðnum.

Rannsóknir á borð við burðargetu íslenskra reiðhrossa og líkamsþungahlutfall milli knapa og hesta er stór þáttur í að sýna fram á að íslenski hesturinn geti borið knapa en slík verkefni hafa einnig verið studd af Stofnverndarsjóði.

Eftirstöðvar sjóðsins, um 70 milljónir króna, munu renna að mestu í uppfærslu á WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins, samkvæmt grein Nönnu Jónsdóttur, formanns búgreinadeildar hrossaræktar, í síðasta tölublaði Bændablaðsins.



Samkvæmt nýsamþykktri reglugerð nr. 1006/2024 munu heildarframlög til þróunarverkefna í hrossarækt vera að lágmarki 8 milljónir króna árlega. Mynd/ Kristina Delp, Unsplash

*Átta milljónir króna árlega*

Í stað Stofnverndarsjóðs geta þeir sem vinna að þróunar- og rannsóknaverkefnum tengdum hrossarækt leitað í þróunarfé búgreina en undir þann stuðning falla einnig nautgriparækt og sauðfjárrækt.

Samkvæmt nýsamþykktri reglugerð nr. 1006/2024 munu heildarframlög til þróunarverkefna í hrossarækt vera að lágmarki 8 milljónir króna árlega.

*/hf*

## Árnessýsla:

# Auknar líkur á að lífgas- og áburðarver verði að veruleika

**Kúabændur á Suðurlandi komu til fundar í Reykholti í Bláskógabyggð 1. október sem Orkídea boðaði til, þar sem kynntar voru hugmyndir um lífgas- og áburðarver í uppsveitum Árnessýslu.**

Að sögn Sveins Aðalsteinssonar, framkvæmdastjóra Orkídeu, komu um 30 bændur til fundarins. „Hljóðið í bændum var mjög jákvætt og mikil stemning fyrir því að skoða þetta verkefni áfram og þá í þessari endurbættu útgáfu sem gefur betri rekstrargrundvöll.“

*Fýsilegt með fleiri afurðum*

Áður hafði Orkídea látið gera fýsileikakönnun á fjölbreyttri lífgas- og áburðarverksmiðju en gashreinsun. Þar var gert ráð fyrir að garðaúrgangi garðyrkjubænda og kúamykju kúabænda væri umbreytt í lífrænan áburð og lífgas; koltvísýring og hreinsað metangas. Hún leiddi í ljós að rekstrartekjur myndu standa undir rekstrarkostnaði en ekki fjármagnskostnaði. „Því fórum við þá leið að kanna annan grundvöll fyrir slíku veri þar sem meginafurðir verksmiðjunnar, auk áburðar, yrðu orka, hiti og rafmagn, og koltvísýringur, sem er í dag markaðsvara sem garðyrkjubændur kaupa í miklu magni,“ segir Sveinn.

*Skoða mögulega aðkomu sjóða*

„Við teljum okkur vera búin að finna þá leið sem skilar þá rekstrarafgangi til að mæta fjármagnskostnaði við lífgas- og áburðarverið. Þannig að sú sviðsmynd, sem er ekki alveg tilbúin, eykur líkurnar á að verkefnið verði að veruleika,“ heldur Sveinn áfram.

„Auk þess kynntum við á fundinum dæmi um lítið og staðbundið lífgas- og áburðarver sem gæti hentað einstökum stórum kúabændum og orkan þá nýtt á bænum. Við erum vongóð um að ný nálgun og fýsileikakönnun gefi þennan fjárhagslega grundvöll og að ráðist verði í verkefnið innan skamms. Við erum líka að skoða hvort og hvernig opinberir sjóðir geti komið inn í verkefnið með styrki, fyrir utan heimamenn.“

Orkídea er þátttakandi í Evrópuverkefninu Value4Farm sem leggur áherslu á staðbundna orkuframleiðslu og staðbundna orkunýtingu í nokkrum löndum í Evrópu og fjármagnar meðal annars það verkefni Orkídeu að staðreyna niðurstöður á Íslandi úr svokölluðum sýnidæmum frá þremur Evrópulöndum.

*Viljayfirlýsing garðyrkjubænda*

„Við viljum gjarnan sýna fram á okkar vinnu og útreikninga sem dæmi um staðreyndar niðurstöður. En það er ekki megindrifkraftur okkar vinnu við lífgas- og áburðarverið, heldur sú viljayfirlýsing sem garðyrkjubændur í Reykholti og sveitarfélagið Bláskógabyggð undirrituðu 2022, löngu áður en við fengum Evrópustyrkinn, um möguleika á grænum iðngarði í sveitarfélaginu.

Grænir iðngarðar, eins og þessi hugmynd gengur út á, byggja á hringrás auðlinda þannig að einhvers konar endurnýting auðlinda innan sveitarfélagsins er grundvöllur þess að hægt sé að kalla svæðið grænan iðngarð. Við erum á réttri leið, ekki spurning,“ segir Sveinn.

*/smh*

AK GEYMSLUR









Nýtt og glæsilegt geymsluhúsnæði
Að Týsnesi 12, Akureyri
Með yfir 100 geymslum

AK GEYMSLUR
www.akgeymslur.is

AK GEYMSLUR I STRANDGÖTU 31 I 600 AKUREYRI I SÍMI 866-2696
geyma@akgeymslur.is I www.akgeymslur.is

can-am®

# NÚNA ER TÍMINN TIL AÐ TRYGGJA SÉR NÝTT CAN-AM

Nýju G3L fjórhjólin eru til á lager og stór sexhjólasending væntanleg.



## FJÓRHJÓL

**Verð frá 1.685.000 + vsk**



## SEXHJÓL

**Verð frá: 3.056.000 + vsk**

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Dóra Svavarsdóttir, formaður Slow Food Reykjavík, á hátíðinni í Tórínó. Myndir / Aðsendar


Soðið perlubygg, kryddað með muldum beltisþara og sölvum og toppað með skyrsósu og sjávartrufflu (þangskeggi).


Steinunn Lilja kynni taðreykt sauðakjöt og rófustöppu. Við hlið hennar er hrossabóndi frá Kyrgyzstan.

## Slow Food:

# Íslenskar matarhefðir bornar á borð í Tórínó

**Hópur matgæðinga á vegum Slow Food Reykjavík hélt til Tórínó á dögunum til að taka þátt í matarhátíðinni Terra Madre, sem haldin er annað hvert ár í borginni.**

Að sögn Dóru Svavarsdóttur, formanns Slow Food Reykjavík, sóttu um þrjú hundruð þúsund manns hátíðina í ár frá 120 löndum, en 16 Íslendingar tóku beinan þátt að þessu sinni.

Dóra segir að yfirskrift hátíðarinnar í ár hafi verið „Við erum náttúran". „Nýju verkefni innan Slow Food samtakanna, „Slow Food Farms", var formlega ýtt úr vör. Markmiðið er að búa til tengsla- og fræðslunet bænda sem stunda vistvænan landbúnað eða vilja gera betur í vistvænum landbúnaði. Tengja þá við matreiðslumenn og ferðaþjónustu til að tryggja sölu á afurðum og fækka milliliðum og tryggja góðan, hreinan og sanngjarnan mat og hafa fræðsluhraðla sem nýtast bændum í átt að sjálfbærni," segir hún.

Íslensku þátttakendurnir voru hluti af þrjú þúsund manna hópi alþjóðafulltrúa Slow Food, alls staðar að úr heiminum, sem taka virkan þátt í dagskrá hátíðarinnar.

„Auk þess kom hópur á vegum Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðvesturlandi. Þá ferðuðust 20 bændur og smáframleiðendur um Piemonte-héraðið og hittu aðra smáframleiðendur og aðila í ferðaþjónustu.

Svo komu þau á Terra Madre í lok ferðar og fengu Slow Food-hugsjónina beint í æð," segir Dóra.

### *Smakk-vinnustofa um fjörunytjar*

Jafnan er á þessum hátíðum lögð áhersla á meðal íslensku þátttakendanna að kynna matarhefðir landsins og segir Dóra ekki hafa verið vikið frá venjunni í þetta skiptið. „Steinunn Lilja Svövudóttir, bóndi í Haukholtum og matreiðslumaður, stóð að smakk-vinnustofu um grafið og reykt kjöt þar sem fólk fékk taðreykt sauðkjöt með rófustöppu. Gerður var góður rómur af kjötinu og viðleitninni að viðhalda þeim menningararfi sem felst í nýtingu taðsins til reykingar. Eins var hún í pallborði um visthæfni landbúnaðar og hvernig hægt sé að ná jafnvægi í náttúrunni með beitarstjórnun og hóflegri nýtingu."

Dóra segist sjálf hafa verið með smakk-vinnustofu um nytjar og tekið sérstaklega fyrir fjörunytjar, sögu þeirra og hvernig „nýnorræna eldhúsið" hafi aukið veg matþörunga á undanförnum árum. Hún hafi borið fram soðið perlubygg, kryddað með muldum beltisþara og sölvum og toppað með skyrsósu og sjávartrufflu (þangskeggi). Eins tók hún þátt í pallborði um mikilvægi ábyrgra nytja úr skógum.

Guðmundur Guðmundsson, sem er matvælafræðingur og í stjórn Slow Food Reykjavík, var fulltrúi Slow Food Reykjavík í vinnustofu um Bragðörkina, þar sem skráð eru gæðamatvæli eða afurðir sem eru talin búa yfir menningarlegu verðmæti. Í dag eru 26 íslenskar tegundir þar skráðar.

### *Harðfiskur og skreið skráð hjá UNESCO*

Dóra tók að sér verkefnastjórn fyrir Íslands hönd vegna umsóknar um að harðfiskur og skreið verði skráð sem menningararfur hjá UNESCO, en verkefnið er unnið í samstarfi við Slow Food Bergen og Slow Food í Nígeríu, Ítalíu og Spáni.

„Ferðir sem þessar eru nauðsynlegar til að styrkja tengslanetið, finna kraftinn og fá innspýtingu í verkefnin hér heima," segir Dóra að lokum um ferðina til Tórínó. */smh*


ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

**Við leitum eftir rekstraráðgjafa**

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsfólki í rekstrarráðgjöf.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Starf í ráðgjafarteymi RML sem sinnir rekstrarráðgjöf í landbúnaði.
- Vinna við rekstrar- og fjármögnunaráætlanir fyrir bændur.
- Vinna við rekstrargreiningar í búrekstri.
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísu í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. vinna við gerð og þróun líkana í excel, þátttaka í nýsköpunarverkefnum og samskipti við fjármálastofnanir.

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Góð kunnátta á excel er nauðsyn.
- Þekking á dk-Búbót bókhaldskerfinu eða sambærilegu kerfi er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð skilyrði.
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun æskileg.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 12 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 21. október . Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri klk@rml.is og Borgar Páll Bragason fagstjóri bpb@rml.is .


Birki (Betula pubescens) að hausti. Almenningur er hvattur til að safna birkifræi meðan tíðin er þokkaleg. Mynd / Couleur

## Skógrækt:

# Gott fræár í birkinu

**Söfnun birkifræs hefur gengið ágætlega þetta haustið og víðast talsvert af fræi.**

Land og skógur stendur að átakinu Söfnum og sáum birkifræi í samvinnu við skógræktarfélög landsins, Lionshreyfingunni o.fl. Safna má birkifræi fram undir jól eða svo lengi sem það hangir á trjánum og þannig ekki sérstök útmörk á söfnunarátakinu.



### *Hægt að safna fram eftir vetri*

Söfnunin hófst á degi íslenskrar náttúru um miðjan september, með söfnun birkifræs í Reykhúsaskógi í Eyjafjarðarsveit á vegum Lionsklúbbsins Sifjar. Mikið var af fræi á trjám og það orðið vel þroskað. Hið sama virðist gilda víðast hvar um landið og því gott fræár.

Er fólk hvatt til að safna birkifræi og þannig stuðla að útbreiðslu birkis. Fá má fræsöfnunaröskjur og skila fræi í Bónus, Olís eða til starfsstöðva Lands og skógar. Fólk getur einnig sjálft sáð fræi þar sem vænlegt er fyrir það að dafna.

### *Stækka birkiskóga*

Tilgangurinn með verkefninu er að efla útbreiðslu birkiskóga, meðal annars með því að virkja almenning til söfnunar og dreifingar birkifræs, en einnig að veita fræðslu til félagasamtaka, skóla, fyrirtækja og stofnana um vernd og endurheimt birkiskóga.

Markmiðið er að þekja birkiskóglendis fari úr 1,5 prósentum landsins í 5 prósent fram til ársins 2030. Með verkefnum, sem einkum miða að útbreiðslu birkiskóga og birkikjarrs, vilja íslensk stjórnvöld taka svokallaði Bonn-áskorun og þar með auka landgæði, efla jarðvegsauðlindina og styrkja byggð í landinu.

Á Íslandi hafa tvær tegundir birkiættkvíslarinnar þrifist í þúsundir ára og eru báðar mjög einkennandi fyrir íslenska náttúru. Annars vegar er ilmbjörk (birki) og hins vegar fjalldrapi sem er mjög smávaxinn runni og myndar því ekki skóg eða kjarr. */sá*

# Vetrartíð



Fjallalopi – Léttlopi – Álafosslopi – Plötulopi – Einband

# LOPI 44

Glæsileg ný prjónabók
eftir Védísi Jónsdóttur

LOPI

Íslensk ull
Gæðamerki

Alþingi:

# Enn reynt að fá leyfi til veiða á ágangsfuglum

**Fimm þingmenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa lagt fram þingsályktunartillögu um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma.**

Tillögur af þessu tagi hafa verið lagðar fram á fimm síðustu löggjafarþingum en ekki hlotið brautargengi. Tillagan nú felur í sér að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra útbúi tillögur um heimild til tímabundinna og skilyrtra veiða fuglanna á kornökrum og túnum á tilteknu tímabilum.



Stofnstærð heiðargæsar er í sögulegu hámarki. Mynd / Natalia Shiel

*Veruleg fjölgun fugla*

„Leyfin verði veitt á þeim svæðum þar sem þörf er talin á aðgerðum vegna verulegs ágangs fugla á tún og kornakra“, segir í þingsályktunartillögunni en í henni felst einnig að ráðherra geri stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álftir og gæsastofna á Íslandi.

Í greinargerð er sagt að álftir, grágæsir, heiðagæsir og helsingjar valdi miklu tjóni á túnum og kornökrum. Álftin hefur verið friðuð frá árinu 1913 en frá þeim tíma hefur stofninn stækkað verulega. Um 1960 var hann um 3.000–5.000 fuglar en núna er stofnstærð talin 34.000. Þá sé stofnstærð heiðagæsar í sögulegu hámarki, um 500.000 fuglar, grágæsir um 60.000 og helsingjum fer verulega fjölgandi.

*Engar fyrirbyggjandi aðgerðir fyrir hendi*

Í fréttaskýringu Bændablaðsins frá 2023 um málefnið er vandræðum bænda lýst sem vaxandi vandamáli. Þeir bændur sem lenda í miklum ágangi geta orðið fyrir talsverðu tjóni; heymagn minnkar og verður jafnvel ólystugt vegna mengunar, kornbændur verða af uppskeru sem vega þarf þá upp á móti með auknum kaupum á innfluttu fóðri.

Þar kemur fram að þeir bændur sem vilja afstýra tjóni vegna ágangs fugla þurfi að gera það á sinn kostnað. Ekkert kerfi styðji við fyrirbyggjandi aðgerðir. Það eina sem í boði sé er að tilkynna þegar tjón hefur átt sér stað og sækja um bætur en þær tjónagreiðslur skili engum árangri.

Frá árinu 2019 hafa bændur getað fengið greidda styrki vegna tjóns vegna ágangs álfta og gæsa á nýrækt, við endurræktun á túnum og kornrækt og rækt annarra fóðurjurta að undangengnu tjónamati sem í ár þarf að skila til matvælaráðuneytisins fyrir 20. október. */ghp*




Bændablaðið kemur næst út
**24. október**



Heimafólk smíðaði nýja rétt í Kollafirði og var hún vígð með fyrstu réttum síðla september. Réttin stóðst væntingar og gott betur. Mynd / Sveinn Ingimundur Pálsson

Strandir:

# Bændur byggja rétt

## – Allir sem vettlingi gátu valdið lögðu hönd á plóg

**Bændur í Steinadal á Ströndum stóðu að byggingu nýrrar réttar í Kollafirði og var réttað í henni í fyrsta sinn 22. september sl.**

Kollafjarðarrétt stendur í landi Litla-Fjarðarhorns. Í upphafi var, að sögn Þorgeirs Pálssonar, sveitarstjóra í Strandabyggð, leitað eftir ábendingum bænda á svæðinu varðandi staðsetningu og fyrirkomulag nýrrar réttar. Komið hafi góðar ábendingar frá bændum í Miðhúsum og Stóra-Fjarðarhorni, meðal annars um staðsetningu réttarinnar í landi Litla-Fjarðarhorns, ekki langt frá þjóðveginum. Var því leitað til landeigenda þar, sem veittu góðfúslega leyfi fyrir réttarsmíðinni.

*Steinadalsbændur tóku verkefnið*

Þegar ákveðið hafði verið að byggja rétt var auglýst eftir einhverjum sem vildi taka slíkt að sér en ekki bárust raunhæf tilboð, að sögn Þorgeirs.

Þá buðust Steinar Þór Guðgeirsson og Ástríður Hjördísar Gísladóttir, bændur í Steinadal, til að taka verkefnið að sér og var tíminn þá orðinn nokkuð naumur fyrir komandi réttir. Þau fengu vaskan hóp fólks í lið með sér og studdust við sömu teikningu og rétt í Staðardal er gerð eftir. Um gerð púðans undir réttina sáu einnig bændur í sveitarfélaginu.

Segir Þorgeir Orkubúið hafa lagt til rafmagnsstaura og krakkar í grunnskólanum fengu það hlutverk að mála skilti með nafni réttarinnar. Starfsmenn sveitarfélagsins komu að því að saga niður staurana, ferja efni út í Kollafjörð og setja upp skiltið góða.

*Unnið í kapp við tímann*

Smíði réttarinnar var á köflum svolítið kapp við tímann að sögn Þorgeirs, en með jákvæðni og mikilli vinnu hafðist það. Gott hafi verið að finna þá samstöðu og jákvæðni sem verði til þegar menn vilja sjá nauðsynleg verkefni verða að veruleika. Það eigi sannarlega við í þessu tilfelli.



Kollafjörður er stuttur fjörður á Ströndum. Næsti fjörður norðan við er Steingrímsfjörður en sunnan við er Bitrufjörður. Kort / Wikipedia

Á fallegum haustdegi seint í september var svo réttað í fyrsta sinn í hinni nýju rétt og var Steinar Þór réttarstjóri. Segir hann réttarhaldið hafa gengið mjög vel og réttin virðist standast allar væntingar. Ástríður tekur undir það og bætir við að þau hjónin séu nýgræðingar í búskap og hafi þarna verið í fyrsta sinn að fara í réttir og gengið ljómandi vel.

Sveitarfélagið hefur staðið að byggingu þriggja rétta undanfarið: Staðardalsréttar, Krossárréttar og nú Kollafjarðarréttar. Öll þessi verkefni voru auglýst en á endanum voru það bændur á svæðinu sem tóku gerð réttanna að sér. */sá*

Ásahreppur:

# Fyrirhuguð risaframkvæmd

**Um 220 herbergja hótel, baðlón og 165 smáhýsi er fyrirhugað að rísi í Ásahreppi.**

Fyrirtækið Steinar Resort ehf. stefnir að því að byggja upp fjölbreytta ferðaþjónustu á jörðinni Ásmúlaseli, Ásmúla 1B og Ásmúla 1C skammt frá þéttbýli Hellu í Rangárþingi ytra.

Sveitarstjórn Ásahrepps bauð til opins kynningarfundar fimmtudagskvöldið 3. október þar sem fjölmargir íbúar mættu til að hlusta á kynningu á verkefninu. Mikil andstaða kom fram við hugmyndina á fundinum og ekki síst höfðu íbúar miklar áhyggjur af mikilli umferð í kringum starfsemina á sama tíma og fjölmörg hrossaræktarbú eru í næsta nágrenni við fyrirhugaða uppbyggingu

Gert er ráð fyrir áfangaskiptri uppbyggingu og að uppbygging hefjist sumarið 2026. Borað verður eftir vatni innan svæðisins. Um áttatíu starfsmenn munu verða ráðnir til að sinna rekstrinum og er gert ráð fyrir allt að 55 starfsmannaíbúðum innan svæðisins, þar sem föst búseta verður heimiluð.




Ein af myndunum sem var sýnd á íbúafundinum en á henni sést skipulagssvæðið og hvernig það skiptist niður eftir eðli starfseminnar. Mynd / mhh

Steinar Resort ehf. vinnur að sambærilegu verkefni undir Eyjafjöllum á bænum Steinar 1. Þar er gert ráð fyrir uppbyggingu á svipaðri ferðamannaaðstöðu þar sem gert er ráð fyrir um 200 herbergja hóteli við þjóðveginn. Ekki kom fram á fundinum hver kostnaður við verkefnið er. */mhh*

# Hvað næst?

## Sjávarútvegsdagurinn 2024

**Sjávarútvegsdagurinn 2024 verður haldinn þriðjudaginn 15. október kl. 08.30-10.00 í Norðurljósasal Hörpu. Léttur morgunverður í boði frá kl. 8.00.**

**Skráning á deloitte.is.**



### Setning og fundarstjórn

***Ásthildur Sturludóttir***
*bæjarstjóri Akureyrarbæjar*



### Ávarp

***Sigurður Ingi Jóhannsson***
*fjármála- og efnahagsráðherra*



### Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja og fiskeldis árið 2023

***Jónas Gestur Jónasson***
*löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte*



### Allar hendur á dekk. Sjávarútvegur: Hér-Þar-Þá

***Baldvin Þorsteinsson***
*stjórnarformaður Samherja*



### Á sjókvíaeldi sér framtíð á Íslandi? Sýn Háafells á þróun greinarinnar

***Gauti Geirsson***
*framkvæmdastjóri Háafells*

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

samtök atvinnulífsins

Deloitte.



**Bústólpi hefur sinnt þjónustu DeLaval um árabil en tekur nú við sölu og innflutningi.** Mynd / Bústólpi

# DeLaval til Bústólpa

**Umboðið á DeLaval-mjaltabúnaði færðist þann 1. október til Bústólpa á Akureyri.**

Fóðurblandan í Reykjavík hefur verið með umboðið fyrir DeLaval á meðan Bústólpi hefur sinnt þjónustunni fyrir DeLaval á landsvísu frá árinu 2016. Bústólpi er dótturfyrirtæki Fóðurblöndunnar.

Hanna Dögg Maronsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Bústólpa, segir að með þessu sé allt ferlið frá upphafi til enda komið á einn stað. Bústólpi hefur sett upp alla mjaltaþjóna undanfarin ár og eru þeir sem koma að þjónustu og uppsetningu starfsmenn fyrirtækisins.

Hún vonast til að með þessu verði þjónustan skilvirkari, en hún gerir ekki ráð fyrir að viðskiptavinir verði varir við miklar breytingar. Nú starfa sjö manns í DeLaval-deild fyrirtækisins og hefur Bústólpi ráðið til starfa viðskiptastjóra sem verður með aðsetur fyrir norðan. Þá hefur fyrirtækið fest kaup á viðbótarhúsnæði á Akureyri til að hýsa lagerinn.

Á landinu eru í kringum 120 DeLaval-mjaltaþjónar í notkun á um hundrað búum og er gangsetning þriggja til viðbótar í burðarliðnum. Hanna Dögg telur að markaðshlutdeild DeLaval sé í kringum 35 til 40 prósent á móti öðrum tegundum mjaltaþjóna eins og Lely, GEA og Fullwood-Merlin. Miðað er við að róbót af nýjustu gerð DeLaval geti sinnt allt að 70 kúm. Fyrsti DeLaval-mjaltaþjónninn tók til starfa á íslensku kúabúi árið 2002, en sá elsti sem enn er í notkun var gangsettur árið 2006. */ál*

Kjötframleiðsla:

# Mest aukning í svínakjöti

**Samkvæmt nýútgefnum tölum Hagstofu Íslands jókst innlend kjötframleiðsla um þrjú prósent í ágúst, miðað við sama mánuð á síðasta ári.**

Kjötframleiðsla í ágúst 2024 var samtals 1.790 tonn, þremur prósentum meiri en í ágúst á síðasta ári. Munar þar mestu að svínakjötsframleiðslan var 28 prósentum meiri en í ágúst 2023.

Framleiðsla alifuglakjöts var hins vegar tveimur prósentum minni en fyrir ári og nautakjötsframleiðslan þrettán prósentum minni. Þá var engin sauðfjárslátrun í ágústmánuði.

Útungun alifugla til kjötframleiðslu var á hinn bóginn jafnmikil í ágúst og í sama mánuði í fyrra. */sá*

Fuglar:

# Hrun í stofnum sjófugla við Ísland

## – Nýjar tegundir evrópskra skógarfugla numið land

**Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur og fuglaljósmyndari, hlaut Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti á degi íslenskrar náttúru, 16. september. Hann hefur áhyggjur af afdrifum sjófugla og mófugla á Íslandi.**

Jóhann Óli er meðal helstu fuglavísindamanna og fuglaljósmyndara landsins. Hann var um árabil formaður Fuglaverndar og ljósmyndir hans hafa birst víða um heim.

„Helstu og stórtækustu breytingar sem ég hef séð á fuglalífinu er tvímælalaust fækkun sjófugla, fækkun sem hefur verið svo mikil að hrun hefur orðið í sumum stofnunum," segir Jóhann Óli, inntur eftir hvaða breytingar hann hafi einkum séð á fuglalífi hérlendis yfir árin.

„Þetta á við langflesta sjófugla við landið," heldur hann áfram. „Sem dæmi, þá hefur stuttnefju fækkað um meira en helming, skúmur er nær horfinn, vegna fæðuskorts og svo hjálpaði fuglaflensan ekki til; skúmurinn er ásamt lundanum nú í hæsta flokki íslenska válistans, tegund í bráðri hættu. Hrun í sandasílastofninum kringum 2005 hafði mikil áhrif á flesta sjófuglastofna. Hrunið var af völdum hlýnunar sjávar í kjölfar loftslagsbreytinga. Eitthvað virðist sílið þó vonandi vera að rétta úr kútnum aftur," segir hann.



**Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur og fuglaljósmyndari, tekur við Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti úr höndum Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.** Mynd / Stjr.

### *Berum ábyrgð á mófuglum*

Nýjar tegundir hafa, að sögn Jóhanns Óla, verið að nema land, en það eru mest skógarfuglar, sem finnast í stórum stofnum í Evrópu. Einnig tegundir eins og brandönd og fjallkjói, sem eru víðernisfuglar.

„Talandi um skógarfugla, þá berum við Íslendingar ábyrgð á stórum stofnum mófugla, sumar tegundir mófugla eru hvergi í veröldinni algengari en á Íslandi," útskýrir hann. Um 85% allra mófugla verpi á láglendi landsins og landnotkun þar ráði framtíð mófuglastofna.

„Hér verpa til dæmis 52 prósent allra heiðlóa í heiminum og 31 prósent spóa. Íslenski jaðrakaninn er sérstök undirtegund, sem gæti orðið sérstök tegund á næstu árum. Svo mætti lengi telja. Þess vegna er ég uggandi vegna mikilla og stórtækra áforma um skógrækt á láglendi, jafnvel í grónu landi þar sem mófuglarnir verpa og menn eru jafnvel að ræsa fram mýrar til að rækta skóg. Enn er meira ræst fram af votlendi árlega en er endurheimt.

Mófuglarnir vilja ekki verpa í skógi og helst ekki nærri honum. Allar breytingar á búsvæðum fugla hafa slæm áhrif á þá og fækka þeim, hvort sem það eru stórkarlalegar áætlanir um virkjanir, vegagerð eða skógrækt," segir Jóhann Óli og bætir við að allar áætlanir um slíkt þurfi að gera í nánu samráði við fræðimenn á sviði náttúrufræða.

„Útivistarskógar eru yndislegir en einhæfir viðarskógar ekki. Fyrrverandi umhverfisráðherra og reyndar sá fyrsti, Júlíus Sólnes, sagði í útvarpsþætti fyrir stuttu að miklu nær væri að setja fé í skógrækt í hitabeltinu, það bindi miklum mun meira kolefni en skógrækt hér á norðurhjara. Til að draga þetta saman eru það loftslagsbreytingar, sem við berum ábyrgð á og svo röskun á búsvæðum fugla, sem ég tel vera helstu ógnina við íslenskt fuglalíf," segir hann jafnframt.

### *Ötull fyrir hönd fuglanna*

Hann er höfundur bókanna Lundinn og Íslenskur fuglavísir, en sú bók hefur komið út í um 50.000 eintökum á þremur tungumálum. Hann hefur ritað og myndað í Árbækur Ferðafélagsins. Auk þess hefur birst eftir hann fjöldi greina í blöðum og tímaritum.

Þá hefur Jóhann Óli barist ötullega fyrir friðun og endurheimt votlendis og átti stóran þátt í því að Friðland í Flóa varð að veruleika. Sá vettvangur hefur m.a. auðveldað almenningi að kynnast fuglum í sínum náttúrulegum heimkynnum.

Jóhann Óli hefur frá unga aldri haft mikinn áhuga á fuglalífi og eingöngu fengist við störf tengd fuglum síðustu þrjá áratugi; rannsóknir, kennslu, leiðsögn fyrir fuglaskoðara og fuglaljósmyndara o.fl. Hann er gagnkunnugur landinu og hefur auk þess farið með hópa í fuglaskoðunarferðir til Evrópu og Austurlanda, sem og ferðast vítt og breitt um heiminn á eigin vegum til að skoða og mynda fugla.

Þá hefur hann verið laginn við að mynda fugla og hafa myndir hans farið víða um heim, m.a. birst á frímerkjum og peningaseðlum. Hann sat í stjórn Fuglaverndar í 35 ár og var formaður félagsins í 20 ár og hefur átt stóran þátt í að gera Fuglavernd að því öfluga náttúruverndarfélagi sem það er í dag. Þetta er í fimmtánda sinn sem náttúruverndarviðurkenningin er afhent. */sá*

# Nýr yfirdýralæknir

**Þóra Jóhanna Jónasdóttir hefur verið skipuð í embætti yfirdýralæknis.**

Hún var valin úr hópi fjögurra umsækjenda og tekur við embættinu af Sigurborgu Daðadóttur, sem mun starfa í matvælaráðuneytinu á sviði dýraheilsu við mótun á heildarstefnu.

Þóra hefur frá 2013 starfað sem sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun og var eftirlitsdýralæknir Suðvesturumdæmis árið 2009.

Í tilkynningu úr matvælaráðuneytinu kemur fram að Þóra hafi verið umsjónarmaður Dýraauðkennis hjá Dýralæknafélagi Íslands á árunum 2010 til 2014 og verkefnastjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu frá 2000 til 2002. Hún var um árabil búsett í Noregi og rúmt ár í Bandaríkjunum þar sem hún starfaði sem dýralæknir og lagði stund á kennslu og rannsóknir.


**Þóra Jóhanna Jónasdóttir.**

Þóra var héraðsdýralæknir hjá embætti yfirdýralæknis í Ísafjarðarumdæmi á árunum 1990 til 1993. */smh*



EYLÍF

# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**




*Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7500 kr eða meira*

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*

## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og **Stronger LIVER,** allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra. Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum."

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica kísill frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík og Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

algalíf




## Ánægður með virknina

**Birgir Grétar Ottósson matreiðslumeistari kynntist Active JOINTS frá Eylíf þegar hann las umfjallanir fólks um vöruna í fjölmiðlum. Hann ákvað að prófa og sér ekki eftir því þar sem líðanin hefur breyst mikið til hins betra.**

Birgir sem er 77 ára útskýrir að verkir sem hafa verið að hrjá hann síðustu ár séu tilkomnir vegna þess að það vantar brjósk á milli neðstu hryggjarliða. „Auk þess er búið að skipta um báða mjaðmarliði," segir hann. „Nákvæmlega 17. apríl byrjaði ég að taka **Active JOINTS** frá Eylíf og tveimur mánuðum síðar, 17. júní, fann ég að verkirnir voru horfnir," greinir hann frá.

Birgir segist hafa verið svo ánægður með árangurinn að hann gaf bæði konu sinni og syni **Active JOINTS** til að prófa. Hann hafði átt erfitt með gang og þreyttist fljótt, engu að síður stundar hann sundlaugarnar daglega. „Á veturna fer ég líka í ræktina þrisvar í viku. Mér finnst þetta gera mér gott og **Active JOINTS** styður við þjálfunina. Núna get ég labbað langar leiðir án þess að finna til," segir hann og bætir við: „Ég hætti að vinna sjötugur en hefði líklega þurft að hætta tíu árum fyrr ef ég hefði ekki ræktað líkamann með því að synda og fara í heitu pottana. Þegar ég sá í blöðunum að fólk á öllum aldri var að taka inn **Active JOINTS** og mæla með því var ég ákveðinn í að prófa. Ég hafði reynt önnur fæðubótarefni fyrir liðina en fékk ekki sömu virkni og nú. Ég hef ekkert nema gott að segja um **Active JOINTS** og get vel mælt með því."

**„Ég byrjaði að synda í febrúar 2008 og fann strax að það hentaði mér vel. Ef ég kemst ekki í sundið þá vantar eitthvað í lífið en ég syndi 400 metra daglega," segir Birgir sem er þakklátur fyrir að hafa fundið Active JOINTS líka. „Allt hjálpast að," segir hann og er þakklátur fyrir að varan er hundrað prósent unnin úr íslenskum náttúruefnum.**

„Ég ætla sannarlega að halda áfram að taka inn **Active JOINTS** og vona að ég verði jafn hress og fósturfaðir minn norður í Skagafirði en hann vantaði fimm daga í 99 ár þegar hann lést. Hann hætti að aka bíl þegar hann var 97 ára," segir Birgir hressilegur.







## Eins og í lygasögu

Ég vann sem rekstrarstjóri og vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin mjög slæm í hnénu að ég tók stundum hátt í 10 verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrótt vegna verkja.

**Ég var á leiðinni í hnéliðskipti þegar ég byrjaði að taka Active JOINTS síðasta sumar. Ég sá auglýsingu með Active JOINTS og hugsaði með mér ég hef engu að tapa og ákvað að prófa Active JOINTS frá Eylíf. Það var alveg ótrúlega góður árangur sem ég fann fljótlega eða eftir ca 2-3 vikur. Í september þá var ég farin að sofa betur og var orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur alla daga.**

Einnig finn ég mikinn mun á mér og líður almennt mikið betur líkamlega og andlega. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei gert áður. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki gert áður. Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo miklu betur, ég hef miklu meiri liðleika sem eru mikil lífsgæði fyrir mig.

**Ég mæli 100% með vörunum frá Eylíf.**



## Matvælastofnun:

# Togstreita milli bænda og eftirlitsmanna

**Nýlega voru tveir bændur kærðir til lögreglu fyrir hótanir og ofbeldi í garð búfjáreftirlitsmanns. Forstjóri Matvælastofnunar (Mast) segir samskipti við bændur til fyrirmyndar í langflestum tilfellum en stofnunin sé orðin skýrari í viðbrögðum þegar erfið mál koma upp. Talsmenn Bændasamtakanna segja eftirlitið viðkvæmt og kalla eftir að leiðbeiningarskylda Mast verði skýr.**



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Tveir einstaklingar hafa verið kærðir til lögreglu fyrir hótanir í garð eftirlitsmanns Mast. Málin tvö eru óskyld atvik og áttu sér stað við eftirlit á Suðurlandi fyrr á þessu ári, að því er fram kom í tilkynningu frá Mast í september. Frá árinu 2020 hefur Mast sent lögreglu kæru í fimm slíkum málum.

Rígur milli þeirra sem halda dýr og þeirra sem hafa eftirlit með dýrum er ekki nýr af nálinni. „Málin eru sem betur fer ekki mörg en þó misalvarleg. Við erum með skýrt verklag að eftir að eftirlitsmanneskjan upplifir sig óörugga í aðstæðum þá skal eftirlitsþega tilkynnt slíkt. Eftirliti er þá hætt þar en heldur áfram fljótlega aftur, en þá er mögulegt að tveir aðilar fari í eftirlitið með auknum kostnaði eftirlitsþega," segir Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri Mast.

Hún segir kærurnar tvær ekki endurspegla aukna heift bænda í garð eftirlitsmanna Mast.

„Þetta markast frekar af því að við erum farin að beita okkur öðruvísi. Samskipti við bændur almennt eru til fyrirmyndar. En við erum farin að leggja enn meiri þunga á skilvirkar aðferðir í erfiðum aðstæðum, þar sem fyrir eru einstaklingar sem bregðast illa við. Þannig endurspeglast þetta kannski, starfsfólkið okkar er þá frekar að verða fyrir aðkasti. En það er skýrt gagnvart okkar starfsfólki og viðskiptavinum að ef eftirlitsþegar hóta eða beita ofbeldi þá kærum við umsvifalaust til lögreglu."

### *Stjórnsýsluúttektin*

Ríkisendurskoðun gerði úttekt á eftirliti Mast með velferð dýra og komu niðurstöður hennar út í nóvember 2023.

Þar kom m.a. fram að Mast hafi ekki tekist nægilega vel að byggja upp það traust sem nauðsynlegt er hverri eftirlitsstofnun, að áætlanir um eftirlit hafi ítrekað reynst óraunhæfar og framkvæmd eftirlits verið langt undir settum markmiðum. Því þyrfti að endurskoða skipulag, verklag og framkvæmd eftirlits. Úttektin leiddi einnig í ljós að mikið vantraust ríkti í garð stofnunarinnar, bæði meðal fagfólks og almennings.

Skýrslan endurspeglar enn fremur að þau lögbundnu úrræði sem Mast getur gripið til þegar velferð dýra er talin í hættu orka einnig tvímælis. Þar togast á sjónarmið tengd meðalhófi og réttinum til andmæla í anda stjórnsýslulaga og kröfur borgaranna um tafarlaus inngrip. Þessi togstreita er talin ein ástæða þess að órói ríkir í málaflokknum. Þá kemur enn fremur fram að þau úrræði sem Mast getur, lögum samkvæmt, gripið til reynst erfið og jafnvel ómöguleg í framkvæmd.

Matvælastofnun fær í skýrslunni sjö ábendingar um hvernig stofnunin getur gert eftirlit sitt skilvirkara og árangursríkara. en í þeim felst að þróa betur verklag, endurskoða eftirlitsáætlanir og efla samstarf við hagaðila. Sú vinna fer nú fram en Hrönn segir að áherslubreytingar í eftirlitinu hafi þá þegar verið hafnar og nefnir hún til að mynda betri samræmingu við vinnslu eftirlitsins.

„Við breyttum til dæmis varðandi stjórnsýsluaðgerðirnar okkar árið 2022. Allar stjórnsýslulegar ákvarðanir í dýravelferðarmálum eru nú teknar af teymi. Í þessu teymi sitja lögfræðingur dýravelferðar, sérgreinadýralæknir fyrir dýrategundina og héraðsdýralæknir viðkomandi umdæmis sem hafa það hlutverk að taka samræmdar ákvarðanir milli dýrategunda annars vegar og landsvæða hins vegar.

Þetta gerir það að verkum að aldrei er einn einstaklingur sem situr með ákvörðunarvaldið og að við dreifum ábyrgðinni og reynum að taka eins góðar ákvarðanir og við getum, því þessir þrír sérfræðingar deila sinni þekkingu á sínu sérfræðisviði. Þetta hefur sýnt sig að sé miklu skilvirkara kerfi en við vorum með fyrir. Við erum miklu fljótari að vinna úr öllum dýravelferðarmálum sem koma upp hjá okkur.

Þó erfitt sé að útiloka einhvern mannlegan mun milli eftirlitsfólks og umdæma, þá leggjum við okkur virkilega fram við að lágmarka það."



Þau lögbundnu úrræði sem Mast getur gripið til þegar velferð dýra er talin í hættu orka tvímælis. Þar togast á sjónarmið tengd meðalhófi og réttinum til andmæla í anda stjórnsýslulaga og kröfur borgaranna um tafarlaus inngrip. Þessi togstreita er talin ein ástæða þess að órói ríkir í málaflokknum, að því er fram kemur í úttekt Ríkisendurskoðunar á eftirliti með velferð dýra. Teikning / Hlynur Gauti



Hrönn Ólína Jörundsdóttir.

### *Lög og reglur miðast við lágmarkskröfur*

Mast er heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á hvern þann stað þar sem dýr eru haldin til að kanna aðstæður og aðbúnað þeirra samkvæmt lögum um dýravelferð.

Átta dýraeftirlitsmenn og tuttugu eftirlitsdýralæknar starfa við búfjáreftirlit á vegum Mast, sem skiptast milli fjögurra umdæma; Suðvestur, Suðaustur, Norðvestur og Norðaustur.

Allt eftirlit er byggt á áhættu- og eftirlitsflokkun þar sem þunga eftirlitsins er beint þangað sem áhætta er mest og frammistaða verst. „Tíðni eftirlitsheimsókna hefur með sýnileika búgreinanna að gera. Þannig stólum við til dæmis meira á ábendingar þegar kemur að sauðfé og hrossum á meðan við förum árlega í reglubundið eftirlit á kjúklinga- og svínabú þar sem sýnileikinn er enginn," útskýrir Hrönn.

Eftirlitsmaður gerir ekki boð á undan sér verði því komið við. Við heimsókn eftirlitsmanns ber bónda, eða umráðamanni, skylda til að veita aðgang að öllum eftirlitsskyldum hlutum aðstöðunnar og þeim pappírum og tölvugögnum sem á að hafa eftirlit með. Eftirlitið er framkvæmt samkvæmt eftirlitshandbókum sem aðgengilegar eru á vef Mast. Í þeim eru gátlistar með atriðum sem eftirlitsmaður skráir ýmist í lagi, sem frávik eða sem alvarlegt frávik.

Að sögn Hrannar eru gátlistarnir nú í endurskoðun. „Við skoðum atriði eins og heilsu dýranna, aðbúnað þeirra, byggingar og tækjabúnað ásamt lyfjanotkun. Nú erum við að rýna hvernig við getum verið skilvirkari í eftirlitinu og hvort við séum að skoða rétt atriði til að endurspegla stöðuna."

Gátlistinn er miðaður við lágmarkskröfur samkvæmt reglugerðum. „Þarna eru þættir sem við teljum mikilvæg skoðunaratriði til að tryggja dýravelferð og að heilsa þeirra sé góð. Svo vitum við líka að margir bændur gera miklu betur en lágmarkskröfur kveða á um."

Máli sínu til stuðnings bendir Hrönn á að í ársskýrslu stofnunarinnar megi finna niðurstöður alls eftirlits, þar sem segir að 87 búa reyndust í góðu lagi. „Almennt séð er staða íslensks landbúnaðar ljómandi. Bændur gera sér grein fyrir að heilsa og velferð dýranna er mikilvægasti þátturinn í góðri matvælaframleiðslu. Þú framleiðir ekki gæðamatvæli úr veikum dýrum sem líður illa eða í umhverfi sem er óásættanlegt. Langstærsti hluti bænda hugsar vel um dýrin sín og halda vel utan um sín bú. En svo eru gerð mistök og það eru til einstaklingar sem eru ekki á sömu línunni. Það er sá hópur sem við þurfum að einbeita okkur að – sem við gerum," segir Hrönn.



## Eftirlitsheimsóknir á 1.000 bú á ári

Mast var stofnað árið 2008 þegar Landbúnaðarstofnun, matvælasvið Umhverfisstofnunar og matvælasvið Fiskistofu voru sameinuð undir einum hatti. Stofnunin starfar undir yfirstjórn matvælaráðuneytisins. Árið 2014 var búfjáreftirlit fært frá sveitarfélögum til Mast samhliða endurskipulagningu á eftirliti með dýravelferð en það sama ár tóku ný lög um málaflokkinn gildi.

Hlutverk Mast er, samkvæmt lögum um Matvælastofnun, meðal annars að fara með stjórnsýslu og eftirlit í samræmi við lög varðandi matvæli, dýraheilbrigði, dýravelferð, jarðrækt, fóður, sóttvarnir og viðbragðsáætlanir, fiskeldi, kjötmat, inn- og útflutningseftirlit.

Mast hefur eftirlit með um 5.700 starfsstöðvum í búfjárhaldi en um 85 prósent lögbýla lúta eftirliti með dýravelferð. Ár hvert fer Mast í eftirlit á yfir 1.000 bú.

Árið 2023 fór stofnunin 492 sinnum í eftirlit á sauðfjárbú, 465 sinnum á nautgripabú og 23 sinnum á geitabú. Mast ber að heimsækja allar starfsstöðvar með fyrrnefndu búfé þriðja hvert ár. Stofnunin fór 384 sinnum á hrossabú en starfsstöðvarnar eru alls 2.540 talsins og ber stofnuninni að líta eftir þeim öllum fjórða hvert ár. Blóðmerabú lúta þó stífari gæslu.

Eftirlit með alifuglum þarf að fara fram að minnsta kosti annað hvert ár en 57 sinnum fór stofnunin í eftirlitsheimsókn á slíkar starfsstöðvar árið 2023. Þær eru þó eingöngu 55 talsins. Þá ber stofnuninni að fara að minnsta kosti einu sinni á ári á öll svínabú og fóru eftirlitsaðilar 29 sinnum á þær átján starfsstöðvar árið 2023.

### *Ferli frávika*

Þegar eftirlitsmaður Mast verður var við frávik í skoðun sinni kemur hann því á framfæri við umráðamann og í skýrslu. Öll inngrip stofnunarinnar í framhaldi verða að miða við meðalhófsreglu stjórnarfarsréttar en það felur í sér að stofnunin verður alltaf að beita vægasta úrræði til að ná fram úrbótum.

Þetta þýðir að áður en stofnunin tekur ákvörðun um þvingunarúrræði verður hún að hafa gengið úr skugga um að ekki verði náð því fram með vægara móti. „Öll okkar aðkoma að bónda sem uppfyllir ekki kröfur fer því stigvaxandi,“ segir Hrönn og tekur almennt dæmi.

„Í eftirlitsskýrslu fær umráðamaður dýra skráð frávik, ekki alvarlegt. Honum er gefinn tiltekinn tímafrestur til að lagfæra frávikið, en sá frestur fer eftir alvarleika atviksins. Þegar frestinum er lokið kemur eftirlitsaðili aftur. Ef ekki er búið að bæta úr er atriðið skráð sem alvarlegt frávik og fær þá umráðamaðurinn styttri frest til úrbóta. Ef viðkomandi aðili sinnir ekki tilmælum í annað sinn, þá förum við að beita þeim þvingunarúrræðum sem við höfum.“

Á þessu stigi getur Matvælastofnun látið framkvæma úrbætur á kostnað eiganda, sem er stundum gert að sögn Hrannar og nefnir hún dæmi um klaufklippingar. Önnur leið væri að beita dagsektum á umráðamanninn, sem eru innheimtar á tveggja vikna fresti þar til úrbótum er náð. Ef umráðamaður sinnir því ekki hefur Matvælastofnun leyfi til að beita frekari þvingunum og refsingum.

„Það þarf því ýmislegt að hafa gengið á áður en við förum að beita þeim þvingunarverkfærum sem við höfum. Því er það alls ekki þannig að eftirlitsmaður geti labbað inn á býli, séð brotna fjöl og farið að beita dagsektum.“

### *Vanþekking algeng orsök*

Í ársskýrslu MAST 2023 má finna töflu sem sýnir hlutfall þeirra eftirlitsatriða sem skoðuð eru sem voru í lagi, ekki í lagi og fengu því skráð frávik og svo hlutfall alvarlegra og endurtekinna frávika. Í langflestum tilfellum var niðurstaða eftirlitsheimsóknar athugasemdalaus. Alvarleg frávik voru skráð í 4,2 prósent tilfella í eftirliti með nautgripabúum, 2,7 prósent atvika í starfsstöðvum með hross, 2,5 prósent hjá sauðfjárbúum og það sama hjá alifuglum. Alvarleg frávik voru skráð í minna en 1 prósent tilvika á starfsstöðvum með svín og geitur.

Bændablaðið bað um upplýsingar um hvers eðlis algeng frávik í hverri búgrein væru. Í svari frá Matvælastofnun segir að helstu frávik sem skráð eru í eftirliti með nautgripum snúa að þéttleika, hreinleika gripa og legusvæða, hópaskiptingu, klaufskurði, viðhaldi á innréttingum og einstöku sinnum hefur frávik verið skráð vegna holdafars.

„Hófsperra vegna efnaskiptasjúkdóma (of feit hross) og gömul hross sem þrífast illa vegna veikinda/elli eru algengustu alvarlegu frávikin. Við rekumst oft á vanþekkingu eigenda sem skilja ekki alvarleika þessara mála og bregðast því illa við,“ segir í svarinu. Þar segir einnig að frávik í sauðfjárrækt snúi oftast að holdafari, hópaskiptingu, klaufskurði og rúningi.

Hjá alifuglum er algengasta frávik um það að úrbætur hafi ekki verið gerðar frá síðasta eftirliti. Einnig hafi komið upp frávik vegna þess að leyfilegur hámarksþéttleiki sé ekki virtur í kjúklingaeldi. „Þess vegna var á þessu ári endurskoðað verklag um eftirlit með þéttleika í kjúklingaeldi í sátt og samstarfi við kjúklingabændur. Nýja verklagið hefst að öllu óbreyttu í október,“ segir í svari Mast.

### *Ábyrgðin liggur hjá dýraeigendum*

Hrönn Ólína segir meiri og breytt umræða um dýravelferð og þar með meiri meðvitund samfélagsins kalla á áherslubreytingar á málefnasviðinu.

„Þetta sýnir kannski líka hörkuna sem manni finnst vera í samfélaginu. Við finnum fyrir því í umræðunni að oft er farið miklu meira í manninn en málefnið. Ég átta mig ekki á af hverju, þetta á ekki eingöngu við um landbúnað. Vissulega hafa verið skrifaðar greinar á samfélagsmiðlum um einstaka starfsmenn okkar en við viljum reyna að draga einstaklingana okkar út úr myndinni og koma fram sem stofnun,“ segir Hrönn.

Enda er starfsfólk Mast að sinna sínum lögbundnu verkefnum sem fela í sér að ganga úr skugga um að búfjáreigendur og umráðamenn fari að lögum um dýravelferð. Í því felst að aðbúnaður og lífsgæði dýra standist lágmarkskröfur sem tilteknar eru í skoðunarhandbókum og reglugerðum.

Umráðamaður dýra ber ábyrgð á að annast sé um þau í samræmi við lög um velferð dýra. Öll meðferð dýra er óheimil samkvæmt lögunum.

Í sömu lögum kemur fram að hver sá sem hefur dýr í umsjá sinni skuli búa yfir og afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun viðkomandi dýrategundar og skal enn fremur búa yfir nægjanlegri getu til að annast dýrið í samræmi við lög. Rekstraraðili leyfisskylds dýrahalds skal sjá til þess að starfsfólk sem sér um umönnun dýra búi yfir nægjanlegri hæfni og þekkingu á viðkomandi sviði.

### *Fræðsla en ekki ráðgjöf*

Í eftirlitshandbók er farið yfir framkvæmd skoðunar. Þar segir meðal annars: „Skýringar á frávikum skal skrá við viðeigandi skoðunaratriði. Skrá skal hvað er athugavert en ekki tillögur að lausnum.“ Hrönn segir að eftirlitsaðilar geti sagt eftirlitsþegum hverjar lágmarkskröfurnar eru en það hvernig úrbæturnar eru framkvæmdar sé utan verksviðs þeirra.



Trausti Hjálmarsson.

„Við eigum að stunda fræðslu en ekki ráðgjöf og það er örlítill eðlismunur þar á. Við segjum aldrei hvernig eigi að bæta frávikin, því þá erum við farin að stunda ráðgjöf. Við megum vissulega leiðbeina, með því að segja hvað þurfi að uppfylla. En hvernig eigi að uppfylla kröfurnar verður eftirlitsþeginn að finna út sjálfur, enda vita þeir oft miklu betri leiðir en við til að ná fram úrbótum. Þannig að við megum segja hvað þurfi að gera, en ekki hvernig.“

Hún bendir á að ef umráðamaður vill fá aðstoð við úrbætur þá geti hann beint slíkum fyrirspurnum til aðila eins og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Hins vegar hafi eftirlitsmenn leyfi til að miðla því hvernig aðrir hafa leyst úr málum.

### *Reynir á samskiptahæfni*

„Eftirlit Matvælastofnunar með fagmennsku bænda er bæði sjálfsagt og nauðsynlegt,“ segir Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands. „Í þeim efnum megum við engan afslátt gefa en auðvitað er líka mikilvægt að fagmennskan af hálfu Mast sé óaðfinnanleg og að þar sé bæði gætt að jafnræði og meðalhófi.“

Trausti segir að vegna eðli eftirlitsins reyni bæði á samskiptahæfni eftirlitsaðila og bænda. „Ég geri mér grein fyrir því að nándin er mikil og viðkvæm í svona eftirliti. Fyrirtæki bóndans er um leið heimili hans og fjölskyldunnar allrar og eftirlitið nær óhjákvæmilega til fleiri þátta en þeirra einna sem snerta bústörfin. Þess vegna reynir á tillitssemi og samskiptahæfni og á þeim sviðum eru menn væntanlega jafnmisjafnir og þeir eru margir.“

Eftirlitið hafi margþætt og þarft hlutverk. Aðbúnaður og velferð dýranna leikur þar stórt hlutverk en fleiri mikilvægir þættir komi til.



Katrín Pétursdóttir.

„Það á einnig að tryggja heilnæmi framleiðslunnar og gæði afurðanna. Á meðan eftirlitið sér til þess að kröfum um aðbúnað sé mætt er það á ábyrgð okkar bændanna að uppfylla þessi skilyrði og það eigum við auðvitað að gera með stolti og ánægju,“ segir Trausti.

Hann telur bændur meðvitaða um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. „Ég er sannfærður um að bændur séu í hvívetna að reyna að hámarka framleiðslugetu sína. Til þess þarf fyrsta flokks aðbúnað, vandaða fóðurgjöf og metnað á ótal öðrum sviðum sem saman leggja grunn að framleiðslugetunni og um leið framlegðinni.“

Bændur séu almennt vel upplýstir og sinni búrekstri af vandvirkni. „Það eru hins vegar eflaust til undantekningar frá þeirri reglu eins og öðrum. Þá skiptir miklu máli að eftirlitið sé ekki síður til leiðbeiningar en refsingar. Þá reynir aftur á samskiptin, markmið eftirlitsins og leiðbeinandi hvatningu til úrbóta,“ segir Trausti.

### *Skýra þarf leiðbeiningarskyldu*

Undir það tekur Katrín Pétursdóttir, lögfræðingur Bændasamtakanna. „Eftirlit þýðir ekki að Mast beri ábyrgð á því að lagaleg skilyrði séu uppfyllt. Umráðamaður dýra ber ábyrgð á því. Mast er að framfylgja lögum og því er gríðarlega mikilvægt að bæði þau og reglugerðir þeim tengdar séu skýr. En það er því miður ekkert alltaf þannig enda eflaust hægara um að tala en í að komast. Þess vegna er svo mikilvægt að gæta að jafnræði eins og frekast er unnt, að hafa samræmt eftirlit um allt land þannig að einn bóndi sé ekki að fá úrskurð um frávik út af einhverju atriði sem annar bóndi fær enga athugasemd við.“

Katrín segir ríka leiðbeiningarskyldu hvíla á Mast samkvæmt stjórnsýslulögum en henni sé ekki alltaf sinnt sem skyldi. „Í upphafi þriðja kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 segir einfaldlega: „Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.“ Þessi leiðbeiningarskylda á ekki eingöngu við um frávik. Mast hefur skýrar skyldur í þessum efnum og það er mikilvægt að stofnunin hafi haldgóða þekkingu á markmiðum og lögbundnum tilgangi eftirlitsins. Það dugar því ekki að Mast setji frávik á eitthvert atriði án þess að útskýra hvernig úr megi bæta,“ segir Katrín.

### *Meiri umræða jafnar mögulegan ágreining*

Inntur eftir því hvernig Bændasamtökin og búgreinadeildir þess hafa unnið í þágu dýravelferðar segir Trausti að kafla um dýravelferð megi finna í stefnumörkun samtakanna. „Markmiðin eru metnaðarfull en Bændasamtökin hafa í sjálfu sér ekki eftirlitshlutverk hvað þetta varðar. Fyrir ímynd íslenska landbúnaðarins er það afar mikilvægt að bændur standi sem einn maður saman um fyrirmyndarbúskaparhætti. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn og það er sjálfsagt að hvetja bændur stöðugt, og ef til vill meira en gert hefur verið, til þess að halda vöku sinni gagnvart velferð dýranna,“ segir Trausti.

Hann segir að hægt sé að jafna mögulegan ágreining á milli bænda og eftirlitsaðila með meiri umræðu um verklagið. „Bændur eiga auðvitað að leggja sig fram um að samskipti þeirra við eftirlitið séu vinsamleg og í þeim efnum er auðvitað góð byrjun að hafa bústjórnina alla í lagi. Á sama hátt er agað og samræmt vinnulag eftirlitsins forsenda þess að viðhorf til hins lögbundna hlutverks þess sé jákvæð.“

Hver einasti bóndi er hluti af samfélagi framleiðenda á úrvalsafurðum fyrir íslenskan markað. Þess vegna ættu snurðulaus samskipti við faglegan og einsleitan eftirlitsiðnað ekki að vera draumsýn eingöngu heldur sjálfsagður hluti af okkar daglega starfi. En það þarf tvo til að dansa tangó og eflaust geta bæði liðin samhæft sig enn betur á dansgólfinu með góðu samtali og þrotlausum æfingum,“ segir Trausti.

VELTRON®

Byltingarkennd hitunaraðferð



Veltron infrarauður hitari er byltingakennd vara fyrir hraða tímabundna hitun.

Veltron DHOE-120 dísel knúinn far infrarauður hitari notar einungis 50W(sambærilegt við ljósaperu) og 2,3 lítra af eldsneyti á dag.

Hitarinn notast eingöngu við rafmagn við uppkveikju, brennara og tölvustýringu.

Margar stærðir til.

AFLVÉLAR

TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

# Ungir gulrófnabændur í Ölfusi




**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is


**Zophonías Friðrik Gunnarsson og Hrafnhildur Björk Guðgeirsdóttir eru rófnabændur á Læk í Ölfusi. Þau tóku við jörðinni í byrjun árs 2020 og hófu skömmu síðar rófnabúskap fyrir hálfgerða tilviljun.**

Zophonías Friðrik, sem er yfirleitt kallaður Friðrik, á ættir að rekja til Lækjar. Amma hans og afi voru þar bændur og tóku faðir og föðurbróðir Friðriks við jörðinni í kringum aldamótin. Hrafnhildur og Friðrik keyptu hlut föðurbróðurins í lok árs 2019 og fluttu í kjölfarið á Læk.

Síðla vetrar 2020 fréttu Friðrik og Hrafnhildur af því að nágrannarnir Hrafnkell Karlsson og Sigríður Gestsdóttir á Hrauni hygðust hætta í búskap, en þau höfðu verið rófnabændur um árabil. Ungu hjónin ákváðu að semja við þau um kaup á öllum útbúnaði til rófnaræktunar þar sem þau áttu stórt hús á Læk sem þau vildu nýta undir einhverja starfsemi. Þetta vor sáðu þau sínum fyrstu gulrófum.

***Þekkingin skipti sköpum***

Ákvörðunin að gerast rófnabændur var ekki erfið þó þau hafi aldrei stefnt í þessa átt. Þá hafi verið mikil lyftistöng að fá allan nauðsynlegan búnað strax í byrjun, þó þau hafi endurnýjað flest síðan þá. „Ef við hefðum ekki haft þetta start sem við höfðum er ég ekki viss um að þetta hefði gengið eins vel,“ segir Friðrik, en aðgengið að þekkingu Hrafnkels og Sigríðar skipti ekki síður sköpum.

Þeim fannst fyrsta árið vera mikill sprengur þar sem þau þurftu að flytja allan búnaðinn á nýjan stað og sá um vorið, en um sumarið hafi tekið við mikil vinna við að koma upp vinnslu og kæligeymslu. Samhliða þessu voru þau í öðrum störfum, en þau hafa unnið í ýmiss konar verktöku ásamt því sem Hrafnhildur er sveinn í háriðn.

Friðrik var kjörinn formaður Félags rófnabænda á aðalfundi í vor. Hann segir að það sé nokkur kraftur í stéttinni núna þar sem ungt fólk hefur tekið við búi á nokkrum bæjum. Á landinu eru tíu til tólf framleiðendur, en hann segir þá tölu mismunandi milli ára. Hann gerir sér vonir um að félagið muni eflast á næstunni, en starfsemi þess hefur verið takmörkuð undanfarin ár.

***Þrír til fjórir hektarar***

Gulrófnagarðarnir á Læk voru fjórir hektarar í sumar, en hafa verið tveir og hálfur fram að því. Uppskeran er á bilinu 50 til 100 tonn, en hún er breytileg eftir árferði. Á haustin er byrjað að undirbúa jarðveginn, ýmist með því að tæta eða plægja. Í apríl og maí á sér stað frekari jarðvinnsla og er rófunum sáð þegar hætta á næturfrosti minnkar. Sérstakir netdúkar eru lagðir yfir garðana eins fljótt og hægt er, en þeir koma í veg fyrir aðgang kálflugu og auka hita á plöntunum.

Yfir sumarið tekur við eftirlit og kemur stundum fyrir að þau þurfa að grípa inn í með úðun gegn sníkjudýrum eða illgresi. Þau reyna að forðast að reyta arfa með höndum sem Friðrik segir óheyrilega leiðinlegt verk sem auki hættu á aðgengi kálflugu.

***Uppskera í byrjun ágúst***

Fyrsta uppskeran hefur stundum verið í kringum verslunarmannahelgi, en þá eru rófur sem hafa náð fullri stærð handtíndar. Þær sem eru minni fá að vaxa lengur og er allt tekið upp með vélum á haustin. Upptökuvélin, sem er knúin áfram af dráttarvél, er með vinnsluborð þar sem þrír aðilar geta hreinsað frá mestu óhreinindin og er uppskerunni safnað í sekki.

Þegar rófurnar eru fluttar heim fara þær beint í kæli þar sem hitastigið er hálfri gráðu yfir frostmarki og rakastigið hátt. Rófurnar geymast best ef þær verða fyrir sem minnstu hnjaski og eru þær því ekki hreinsaðar og snyrtar fyrr en kemur að því að afgreiða pantanir. Geymsluþolið á þessu grænmeti er með allra mesta móti og geta rófnabændur átt birgðir í allt að ár. Uppskera síðasta árs á Læk kláraðist að mestu leyti í mars á þessu ári.

Við þrif fara rófurnar í gegnum tromlu sem veltir þeim upp úr vatni. Þaðan fara þær á flokkunarband þar sem fjórir til fimm aðilar geta staðið og skorið af rótina og toppinn ásamt því að snyrta frá smáar rætur og skilja frá ósöluhæf eintök.

***– Framhald á síðu 24.***



**Zophonías Friðrik Gunnarsson og Hrafnhildur Björk Guðgeirsdóttir hafa byggt upp gulrófnabúskap á Læk í Ölfusi frá árinu 2020. Með því tókst þeim að koma starfsemi í stórt húsnæði sem var ekki í mikilli notkun.** Myndir / ál



**Til að auðvelda uppskeruna er stöngullinn af rófunum sleginn nokkrum dögum áður.**



**Snyrtar og þvegnar rófur tilbúnar á markað.**





**Rófur varðveitast best ef þær eru ekki þvegnar. Þær eru geymdar í stórsekkjum sem eru settir beint í kæli eftir uppskeru.**




ELGi®
Always Better.

# LOFTPRESSUR
## FYRIR MATVÆLAIÐNAÐ & BÆNDUR

DYNJANDI.IS




**Compressed Air Solutions | Built and Designed For Maximum Performance, Efficiency, and Reliability**

ELGi | E euenquiry@elgi.com

For More Details

**Pressurnar eru með ISO 8573-1:2010 vottun, class 1//4//1**
**Einnig hægt að fá í class 0//4//0.**
**5 ára ábyrgð.**

**Dynjandi · Skeifunni 3h · Sími: 588 5080 · dynjandi.is**

70
1954 DYNJANDI 2024
allt fyrir öryggið

## 5 hlutir sem Friðrik og Hrafnhildur geta ekki verið án



**1. Peltorinn:** „Hann fylgir okkur um allt.“



**2. Rófnahnífur:** Notaður þegar rófurnar eru snyrtar.



**3. Vinnslan:** Tækjakosturinn gefur afköst við hreinsun og pökkun.



**4. Upptökuvélin:** „Hún er lykilatriði. Maður fer ekki langt án hennar.“



**5. Netadúkurinn:** Hann ver gegn sníkjudýrum og eykur hitann.



Friðrik vonast til að byggja upp og bæta aðstöðuna á næstu árum.



Hrafnhildur sér að miklu leyti um að snyrta, þrífa og afgreiða gulrófur á veturna.

## Uppskrift Hrafnhildar að hrásalati með gulrófum

Rifnar rófur,
ananas,
sýrður rjómi og
pekanhnetur.
Blandað eftir
smekk.





Netadúkarnir nýtast í mörg ár og er rúllað upp eftir uppskeru.

Rófum af svipaðri stærð er pakkað í 20 kílóa netapoka sem fara svo í verslanir og heildsölur á 500 kílóa brettum. Þegar neytendur sjá íslenskar gulrófur í lausu úti í búð er ekki ósennilegt að þær séu frá Læk.

### *Tvö kíló af fræi*

Bændurnir á Læk þurfa að hámarki tvö kíló af fræi á ári sem þau kaupa af Fjólu Signýju Hannesdóttur frá Stóru-Sandvík í Flóa, eina aðila landsins sem ræktar gulrófnafræ. Þau eru af sérstöku yrki sem faðir Fjólu þróaði á sínum tíma, en íslenskir rófnabændur kaupa einnig fræ erlendis frá sem dafna vel hér á landi. Hrafnhildur telur ósennilegt að neytendur sjái mun á gulrófum af ólíkum yrkjum, enda sé þetta allt jafngott.

Hrafnhildur og Friðrik hafa ekki lent í uppskerubresti. Þau leggja sig fram við að rækta ekki rófur í meira en tvö ár í hverjum garði og þess á milli er spildunum breytt í tún í minnst sjö ár til þess að hvíla jarðveginn. Þá reyna þau að hafa garðana dreifða á því landsvæði sem þau hafa aðgang að til þess að vera með fjölbreyttar aðstæður.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli í þessu hvernig veðurfarið er. Það var erfitt hjá okkur í sumar þar sem jarðvegshitinn var lágur og sprettan var hæg,“ segir Friðrik. Af þeim sökum drógu þau uppskeruna eins langt fram á haustið og þau gátu, en í betri árum hafa allar rófur verið komnar úr jörð fyrir lok september.

### *Halda í gleðina*

Friðrik ráðleggur ungum bændum sem eru að hefja búskap að reyna að halda í gleðina og pörum í landbúnaði að vera samstiga. „Og hafa grófar áætlanir til lengri tíma svo allir viti hvert er verið að stefna, því svo fer þetta í alls konar hlykki á leiðinni.“

Hjónin segja rófnabúskapinn standa undir einu starfi, en Hrafnhildur hefur sinnt þrifum og afgreiðslu pantana á veturna. Friðrik vinnur mikið utan bús í smíðum og vélaverktöku, sem Hrafnhildur grípur stundum í. Þau vinna hart að því að greiða niður skuldir eins hratt og þau geta, en stefnan er að stækka og efla vinnsluna, kæligeymsluna og afköstin á næstu árum svo reksturinn standi betur undir sér. „Landbúnaður er í þeirri þróun í dag að annaðhvort þarftu að vera með mörg minni járn í eldinum eða þú þarft að vera þokkalega drjúgur í því sem þú ert,“ segir Friðrik.



Hrafnhildur og Friðrik keyptu allan tækjabúnað af nágrönnum sínum sem voru að hætta búskap, en hafa endurnýjað mest allt síðan þá.






Nýuppteknar gulrófur fyrir hreinsun.

limtrevirnet.is

# BETRI ER NÝ HURÐ AÐ HAUSTI EN GÖMUL AÐ VETRI

Það er best að velja hurð sem þolir veður og vinda vetursins áður en hann skellur á.



- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Fjölbreytt úrval lita og aukahluta.
- Krispol hurðir eru hagkvæmur kostur fyrir skemmur og geymslur.
- Uppsetning í boði sem getur aukið endingu.

**Kynntu þér úrvalið á Limtrevirnet.is**

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Hurðadeild: 412 5370 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Framúrskarandi fyrirtæki 2023


Tryggjum góða þjónustu um allt land
Sjóvá opnar ný og betrumbætt útibú víðsvegar um landið
Stykkishólmur
Við höfum opnað í hjarta bæjarins við Aðalgötu 10
Akranes
Við opnum fljótlega á nýjum stað að Smiðjuvöllum 28
Húsavík
Við erum komin á nýjan stað á Garðarsbraut 26
Gott aðgengi að persónulegri þjónustu um allt land
Ísafjörður
Hólmavík
Skagaströnd
Siglufjörður
Sauðárkrókur
Dalvík
Húsavík
Akureyri
Egilsstaðir
Neskaupstaður
Stykkishólmur
Borgarnes
Akranes
Reykjanesbær
Reykjavík
Selfoss
Grindavík
Þorlákshöfn



## Nýja-Sjáland:

# Sjálfbær kolefnisbúskapur beitilanda í góðu ástandi

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is





Samkvæmt rannsóknum Schipper í Nýja-Sjálandi eru graslendi beitarlands jafnan í kolefnislegu jafnvægi, nema þegar rask eða rof hefur orðið í jarðveginum.
Myndir / smh



Hlynur Óskarsson.



Dr. Louis Schipper.

**Beitarhagar í góðu ástandi viðhalda kolefnisbúskap sínum vel. Hið sama gildir í túnrækt, nema þegar rof verður í ræktuninni við plægingu sem getur valdið verulegri losun á kolefni.**

Frá þessu greindi nýsjálenski vísindamaðurinn dr. Louis Schipper á fyrirlestri sínum í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti föstudaginn 27. september.

### *Aðstæður svipaðar og á Nýja-Sjálandi*

Schipper er einn af fremstu vísindamönnum Nýja-Sjálands á sviði rannsókna á kolefni í jarðvegi beitarlanda og annars konar landbúnaðarlöndum.

Hlynur Óskarsson, prófessor við Landbúnaðarháskólann, hafði veg og vanda af komu Schipper og segir hann aðstæður á Nýja-Sjálandi um margt svipaðar og hér. Til dæmis má nefna að þar er eldfjalla- og mýrarjarðvegur ríkjandi og sauðfjárbeit ein helsta landnýtingin. Louis hafi um árabil rannsakað kolefnisbúskap beitarlanda, en um helmingur af allri losun gróðurhúsalofttegunda í Nýja-Sjálandi sé einmitt úr úthögum. Það er í samræmi við nýjustu losunartölur á Íslandi sem gefa til kynna að um 63 prósent af losun kolefnis frá Íslandi komi frá landnotkunarhlutanum, en sá hluti skiptist svo niður í mólendi (77 prósent), ræktað land (19 prósent) og votlendi eða mýrarjarðveg (11 prósent).

### *Hvati til eigin rannsókna*

Stór hluti af þeim gögnum sem stuðst er við hér á Íslandi, við útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnýtingar, kemur frá stöðlum Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC), en frumvinna stendur nú yfir við þessa gagnaöflun um losun frá þessum þremur áðurnefndum bókhaldsflokkunum landnotkunar. Gert er ráð fyrir að fyrstu tölur ættu að koma inn í bókhaldið á næstu tveimur árum.

Schipper segir að ekki sé óvana- legt að áætla að þessi staðalgildi séu íhaldssöm og mögulega hærri en raunin sé, spurður um hvort ástæða sé til að ætla að tölur frá IPCC um losun frá landnotkunarhlutanum séu ekki í samræmi við raunverulega losun.

Hann segist skilja fyrirkomulag losunarstuðlanna þannig að það sé IPCC sem leggi þá fram sem staðalgildi, sem lönd geti notað þegar þau hafi ekki sín eigin gögn. Það hvetji lönd til að safna eigin mælingum til að bæta reikningsbókhaldið á gróðurhúsalofttegundum. Sérstaklega þar sem losun frá ákveðnum þáttum sé mikil.

### *Grunnmat sem hægt er að bæta*

Schipper heldur áfram og segir að lönd búi gjarnan við ákveðið samspil landbúnaðar og loftslags – og um Ísland ætti hið sama að gilda. Þær losunartölur sem miðað sé við séu því ekki í eðli sínu rangar heldur einfaldlega grunnmat, sem hægt sé að bæta með vandaðri rannsóknarvinnu, eins og Hlynur og samstarfsmenn hans séu að vinna að. Þessar losunartölur geri löndum einnig kleift að einbeita sér að því að nýta tækifærin til að draga úr eigin losun.

### *Traustar rannsóknaraðferðir til jarðvegssýnatöku*

Spurður um mögulegan ávinning af rannsóknum hans fyrir Ísland, segir Schipper að það verði örugglega gagnkvæmur ávinningur af rannsóknarvinnu beggja landa.

Til að bæta staðalgildin hafi þau á Nýja-Sjálandi einbeitt sér að því að þróa traustar rannsóknaraðferðir til að meta hversu mikið kolefni tapast eða bætist við jarðveg sem notaður er til beitar. Þau hafi þróað sértækar aðferðir til jarðvegssýnatöku og leiðir til að mæla bindingu og losun koltvísýrings úr jarðvegi.

### *Mikilvægi beitarstjórnar*

Þessar aðferðir segir Schipper að hafi gert þeim kleift að mæla breytingarnar sem tengjast mismunandi aðferðum beitar- stjórnar, eins og vökvunar, ræktunar á nytjaplöntum og mikilvægi beitarstjórnunar á mýrarjarðvegi.

Með þessu fáist betri gögn um losun frá mismunandi landnýtingu og þá verði hægt að einbeita sér að því að draga úr losun og jafnvel finna beitarstjórnunaraðferðir sem geta bundið koltvísýring úr andrúmsloftinu.

### *Viðkvæmur mýrarjarðvegur*

Schipper segir að mýrarjarðvegur sé sérstaklega viðkvæmur fyrir raski og geti losað mikið af gróðurhúsalofttegundum. Bæði löndin hafi áhuga á því að skoða hvernig draga megi úr losun frá framræstum mýrarjarðvegi með annars konar beitarstjórnun eða með mögulegri endurheimt yfir í náttúrulegt vistkerfi.

Hann telur að þó mikið vísindastarf sé fram undan hjá báðum löndum, megi ekki gleyma því að bæði löndin þurfi að vinna með bændum og samfélögum þeirra til að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum breytingum. Bændur séu vörslumenn landsins og munu því hafa innsýn í hvað sé mögulegt að gera á þeirra löndum.

### *Heimafengin gögn um metanlosun dýra*

Þegar Schipper er spurður um stöðu losunarrannsókna og rannsóknargögnum í Nýja-Sjálandi segir hann að það sé misjafnt eftir lofttegundum. Flestir losunarstuðlarnir sem séu í notkun fyrir nituroxíð frá jarðvegi og metanlosun frá dýrum séu byggðir á rannsóknum frá Nýja-Sjálandi.

Stuðlar varðandi breytingar á kolefnisinnihaldi í jarðvegi þegar breyting á landnotkun hefur átt sér stað, til dæmis með umbreytingu skóga í beitilönd, séu einnig byggðir á rannsóknum frá Nýja-Sjálandi. Fyrir framræstan mýrarjarðveg séu notuð fyrir fram gefin staðalgildi.

Stöðugt sé verið að endurskoða þessa losunarstuðla til að fínstilla þá, með árlegum rannsóknarverkefnum fyrir forgangssvæði.

### *Beitarlönd í kolefnislegu jafnvægi*

Hlynur vinnur sjálfur að rannsóknarverkefnum fyrir hönd Landbúnaðarháskólans sem munu bæta losunargögn fyrir Ísland. Hann segir að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að fylgjast vel með því sem gert er í Nýja-Sjálandi í þessum efnum, þar sem þeir væru komnir svo langt á undan okkur. Í máli Schipper hafi komið skýrt fram að staðan á heimsvísu væri alvarleg að því leyti að kolefni úr jarðvegi væri jafnt og þétt að tapast. Mikilvægt væri að spyrna við fótum og varðveita það.

„Mér þótti áhugavert að sjá að samkvæmt mælingum hans þá var graslendi beitarlanda jafnan í kolefnislegu jafnvægi, nema þegar rask eða rof hefur orðið í jarðveginum og þá er tap. Svo var áhugavert að heyra hann segja frá rannsóknum á losun frá lífrænа jarðveginum [framræstu votlendi], að hann sé talinn vera um eitt prósent af landi í landnotkunarhluta Nýja-Sjálands en beri ábyrgð á um átta prósent af heildarlosuninni.

Í túnræktinni virtist líka allt vera í jafnvægi, nema þegar plægt er og landið stendur bert. Þá er kolefnisbúskapurinn neikvæður og það verulega. Því ættum við hér á Íslandi kannski að hugsa um að stýra okkar jarðrækt þannig að land standi helst aldrei bert, nema þá í mjög stuttan tíma. Því er æskilegt að land sé frekar plægt á vorin en ekki á haustin eins og þekkist.“








Fundarstjóri: Jón Bjarnason bóndi

**Setning**
Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands

**Bændur og fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar**
Arnar Már Elíasson, forstjóri Byggðastofnunar

**Fæðuöryggi í breyttum heimi**
Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands

**Pallborðsumræður:** Auður Alfa - ASÍ, Benedikt - SVÞ, Runólfur - RML, Steinþór Logi - Ungir bændur

**Sófaspjall við matvælaráðherra**

**Gullhúðun EES-gerða - tillögur um úrbætur og hlutverk hagsmunasamtaka**
Margrét Einarsdóttir, lagaprófessor við HR

**Tækifærin í endurnýjanlegum auðlindum og upplýsingagjöf um sjálfbæra þróun**
Sveinn Margeirsson, framkvæmdstjóri nýsköpunar og loftslagsmála Brim

**Pallborðsumræður:** Björn Bjarnason - Fyrrv ráðherra, Margrét - SAFL, Sigríður Mogensen - SI, Þórarinn Ingi - Form. atvinnuveganefndar

---

## Bændur bjóða gesti velkomna heim í hlað

## **laugardaginn 12. október milli 13 og 16**

Garðyrkjustöðin Espiflöt - Reykholti
Kúabúið Stóra Hildisey I - Austur - Landeyjum
Blandaður búskapur Stóra Ármót - Flóahreppi
Einangrunarstöð Nautís á Stóra Ármóti - Flóahreppi

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
SAFL

## Skógar:

# Trén lyfta anda manneskjunnar

## – Könnun á líðan fólks innan um tré


Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

**Leitið og þér munuð finna er heiti verkefnis Sigrúnar Magnúsdóttur sem hún vann við Hallormsstaðaskóla og sýndi í Hallormsstaðarskógi fyrr á árinu.**

Markmið Sigrúnar var að kanna hvernig fólki liði innan um tré og gróður og hver áhrifin væru á líkamlega og andlega heilsu.

„Ástæða þess að ég valdi að skrifa ritgerð um tré og gróður eru hrein og bein áhrif sem ég varð fyrir þegar ég kom fyrst á Hallormsstað til að hefja nám í Hallormsstaðaskóla," segir Sigrún. „Skógurinn skartaði sínum fallegu haustlitum í öllum regnbogans litum. Ég fann það strax að ég myndi vilja kynnast þessu gróðursæla umhverfi betur og finna áhrifin innan um trén. Ég er sjálf mikið náttúrubarn og líður alltaf best innan um tré og gróður frá því ég man eftir mér," segir hún um tilurð verkefnisins.

Hún vildi fá fólk til að skoða þann möguleika að gera einfalda hluti til að stuðla að betri líðan og heilsu, eins og t.a.m. að fara í göngutúr í skógi, faðma tré og staldra við og leita eftir hughrifum frá gróðrinum í kring.

„Ósjálfrátt gerist eitthvert undur í huga okkar og hjarta, hjartslátturinn verður hægari, blóðþrýstingur verður jafnari og við leitum inn á við, hlustum betur á innsæið okkar og tilfinningar," útskýrir Sigrún og bætir við að öll séum við mismunandi eins og við séum mörg og upplifum alls konar áhrif úti í náttúrunni. „Í þessu fallega lífsformi eins og við mennirnir erum hver á sinn hátt. Ég finn líka fyrir auðmýkt í hjarta mínu fyrir lífi náttúrunnar og fullkomleika hennar," segir hún.



**Leikið í laufum. „Ósjálfrátt gerist eitthvert undur í huga okkar og hjarta, hjartslátturinn verður hægari, blóðþrýstingur verður jafnari og við leitum inn á við, hlustum betur á innsæið okkar og tilfinningar," segir Sigrún Magnúsdóttir.**
Myndir / Aðsendar



Nútímamaðurinn ver minni tíma úti við heldur en forfeður okkar gerðu, því eru tengsl okkar við náttúruna að dvína. En á sama tíma hefur kannski aldrei verið meiri þörf fyrir náttúrutengingu en áður og hefur rannsóknum sem benda á ávinning þess og mikilvægi að verja tíma í náttúrunni fleygt fram.
Sigrún Magnúsdóttir



**Hallormsstaðaskóli í haustfegurð skógarins.**

### *Tré draga fólk að sér*

Sigrún tók viðtöl við 22 ólíka einstaklinga sem svöruðu spurningalista hennar um viðfangsefnið.

Einn svarenda, sem hefur búið í skógi í 47 ár, sagði að í skógi liði sér betur en í öðrum vistkerfum. Þar væru ekki eingöngu tré heldur einnig fuglar, skordýr, sveppir og ótal plöntutegundir svo eitthvað væri nefnt. Trén ynnu saman og töluðu saman neðanjarðar.

Annar talaði um að upplifa frið í skóginum og jafnvel upplifa að verða að trénu, tré drægju viðkomandi að sér. Minnst var á ýmsar trjátegundir í svörunum en einum viðmælenda sagðist sem svo: „Birkiætt vex víða um norðurhvel jarðar, er hægvaxta, ljóselskt, vind- og frostþolið eins og við Íslendingar urðum að vera til að lifa af hér áður fyrr. Ætli þessi tegund sé ekki í svona miklu uppáhaldi hjá mér þar sem hún líkist okkar uppruna og hefur fylgt okkur frá því við námum Ísland. Birkiafurðir eru heilnæmar fyrir mannslíkamann, að vera úti í birkiskógi gefur manni orku, að drekka birkisafa gefur manni orku. Birkitréð er mögnuð lífvera."

### *Styrkur, stöðugleiki og sveigjanleiki*

Talað var um trén sem efnivið til smíða, sem hitagjafa og skjól. Þau gefi frá sér holl efnasambönd, gefi verndandi tilfinningu, mildi veður og ilmurinn og litir þeirra séu heilnæmir, auk þess sem unun sé að heyra vindinn þjóta um krónur trjánna. Þau merki styrk og stöðugleika, en ekki síður sveigjanleika.

„Mér líður yfirleitt vel í skógi og við tré," svaraði annar og sagðist títt sækja þangað styrk og ró. „Tré þykja mér afar merkilegar lífverur, m.a. vegna stærðar og aldurs margra þeirra, og mikilvægis fyrir lífið á jörðinni og ekki síst vegna fegurðar þeirra."

Á jörðinni vaxa um þrjár billjónir trjáa, eða um 422 tré á hvern einstakling, segir í verkefninu. Samanlagt sé þetta verulegt magn laufblaða sem sannarlega hafi áhrif á líf okkar, bæði hvað varðar loftgæði og tónlist. Án laufblaða verði trén hljóðlát. Brotni þau vaxi þau yfirleitt aftur, ef til vill bara í aðra átt. Þau teygi sig til sólar og blómstri og visni á víxl. Maðurinn upplifi ró og frið í skógum.

Nokkrir sögðust finna fyrir nærveru krafta og vera sem jafnan væru ósýnileg mannsauganu, svo sem ljósálfa, álfadísa og blómálfa.

„Tré fyrir mér er eitthvað stabílt en sveigjanlegt. Eitthvað sem þolir mikla mótstöðu og hreyfist með vindinum. Tré er merki lífs og þroska en fyrst og fremst þolinmæði í gegnum erfiða, kalda tíma," hljóðaði eitt svaranna. Annar viðmælandi minnti á að trén veittu endalausan innblástur í myndir, smásögur og ljóð, auk tónlistar. Þá var skógurinn sagður kjörinn staður til að hugsa og velta öllum mögulegum hlutum fyrir sér.

„Ég elska skógargöngustíga, ég baða mig í orku trjánna. Japanir kalla það skógarbað. Það er mikil heilun að ganga um fallegan furulund um leið og það heilar þig og alla þína veru. Að anda að sér súrefni og tíðni trésins er dásamlegt að upplifa, það er alltaf til staðar að njóta gjafa frá trjám. Þetta er eina besta orkuhleðsla sem ég nýti ef þörfin kallar á að endurnærast," var enn eitt svarið.

### *Tónverk um Hallormsstaðarskóg*

Eitt svarið vakti sérstaka athygli en sá viðmælandi sagðist einfaldlega ekki verða fyrir nokkrum einustu áhrifum af trjám og var það eina svarið af því tagi. Annar minnti á að þrátt fyrir að skógar væru oft friðsælir og hrífandi gætu þeir einnig verið ógnandi svæði, t.d. í myrkri, þau gætu verið hættuleg í óveðrum og erlendis væri víða ýmsum dýrum, eins og björnum og úlfum, að mæta í skógum. Tónlistarmaður nokkur, sem var einn svarenda, kvaðst nýlega hafa samið tónverk skv. pöntun, um Hallormsstaðarskóg og íslensku skógana almennt. Er verkið samið fyrir einleiksfiðlu.

Uppáhaldstré voru, auk birkis, sögð vera t.d. hengibjörk, askur, heggur, furur, þ.á m. lindifura, fjallaþinur, beyki, blóðheggur, síberíulerki, kirsuberjatré, reyniviður, þ.á m. ilmreynir, íslenski einirinn og blæösp. */sá*

Lífræn hreinsistöð




Fyrirferðarlítil með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

# Veturinn nálgast

## Þú finnur Nesdekk á sjö stöðum um land allt

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi.

Komdu við á Nesdekk og fáðu ráðleggingar fagmanna um val á réttum dekkjum fyrir veturinn.







**Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðhöfði 13** | **Skeifan 9** | **Fiskislóð 41** | **Lyngási 8** | **Njarðarbraut 9** | **Austurvegi 54** | **Dalsbraut 1** |
| 110 Reykjavík | 108 Reykjavík | 101 Reykjavík | 210 Garðabæ | 260 Reykjanesbæ | 800 Selfossi | 600 Akureyri |
| 590 2080 | 590 2098 | 561 4110 | 565 8600 | 420 3333 | 590 2095 | 460 4350 |

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

## Hólmahjáleiga:

# Með bjartsýni og gleði að vopni

## – Rebekka K. Björgvinsdóttir og Jack W. Bradley festu kaup á kúabúi í sumar



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

**Rebekka K. Björgvinsdóttir nautgripabóndi hlaut í sumar fyrsta lán Byggðastofnunar sem ætlað er til nýliðunar í landbúnaði undir nýju samkomulagi við evrópska fjárfestingasjóðinn (EIF) þegar hún festi kaup á Hólmahjáleigu í Austur-Landeyjum.**

Rebekka varði fyrstu árum ævi sinnar á Syðstu-Mörk í Rangárþingi eystra, þar sem afi hennar, oddvitinn Guðjón Ólafsson, og amma, Hallfríður Helga Dagbjartsdóttir, voru með búskap. Fjögurra ára fluttust þau foreldrar hennar til Reykjavíkur en Rebekka sótti fast í að verja öllum sumrum og fríum í sveitinni hjá afa og ömmu. „Ég segist alltaf vera úr sveit, ef einhver spyr, enda kann ég hvergi betur við mig,“ segir Rebekka sem hefur nú fest rætur sínar kirfilega í Austur-Landeyjum.

„Ég átti tvær íbúðir á Hellu sem ég leigði út, en eftir að við ákváðum að reyna okkur við kaupin á Hólmahjáleigu seldi ég þær og þannig náðum við upp í tíu prósentin sem til þurfti við kaupin – og reyndar meira en það. Svo gat ég fært gamalt íbúðarlán yfir á Hólmahjáleigu, með lægri vöxtum og öllu sem því fylgir. En alls er þetta 90% veðhlutfall hjá okkur. Heil tíu prósent hljóma kannski ekki sem há upphæð, en fyrir þá sem láta sig dreyma um að kaupa jörð þá verður að athuga að heildarkaupverðið getur hlaupið á hundruðum milljóna,“ segir hún hlæjandi.

Kaupverð Hólmahjáleigu var 280 milljónir króna, en í kaupunum fylgdi aðliggjandi jörð, Rimakot og svo bústofn, vélar og framleiðsluréttur. Jörðin er í kringum 600 hektarar, um það bil helmingurinn gróið og grasgefið land og hinn helmingurinn sandur, en báðar jarðir liggja að sjó.

Fyrrverandi eigendur voru þau Rafn Bergsson, formaður búgreinadeildar nautgripabænda, og kona hans, Majken Egumfeldt-Jörgensen, sem hafa fært sig um set í Austur-Landeyjum og búa nú á Stóru-Hildisey 1. Þau hjónin tóku við Hólmahjáleigu fyrir tæpum 20 árum en bærinn var áður í eigu foreldra Rafns.

### *Fundu hvort annað á Tinder*

Rebekku við hlið í þessum stórræðum er kærasti hennar, Jack William Bradley, sem ættaður er frá Bretlandi.

Þau Jack kynntust á stefnumótaforritinu Tinder sem kemur með uppástungur að maka í nágrenninu og segir Rebekka litlu hafa munað að þau misstu hvort af öðru. „Ég var með einhverja kílómetratakmörkun á leitarvél Tinder og Jack var þá á leið vestur á Flateyri að hitta vini sína, en hann starfaði áður á kúabúi Jónatans Magnússonar, bænum Hóli í Önundarfirði, frá árinu 2020 og hafði kynnst fólki fyrir vestan. Þannig er hann hefði verið kominn lengra en kílómetrarnir sögðu til um á Tinder hefðum við ef til vill aldrei hist.“

„En við fundum hvort annað,“ segja þau brosandi og rifja upp fyrsta stefnumótið fyrir nær tveimur árum. „Það var hávaðarok og við ákváðum að fara og fá okkur ís, nema ísinn lenti allur framan í Rebekku,“ segir Jack og má ætla að einhverjir vonbiðlar hefðu látið það sig hverfa. Jack lét hins vegar engan bilbug á sér finna enda Rebekka ótvíræður kvenkostur í hans augum og þau eiga bæði auðvelt með að sjá spaugilegu hliðarnar á lífinu.



Þau Rebekka og Jack eru bjartsýn á framtíðina enda þýðir ekkert annað. Myndir / sp og aðsent

### *Brösótt byrjun en framtíðin björt*

„Ég hóf annars ferilinn sem hermaður í Bretlandi sem gekk ekki þrautalaust. Þar kom í ljós að ég er með óreglulegan hjartslátt, glímdi við síþreytu, auk þess að ég sleit liðband í hné og fótbrotnaði svo að lokum. Ég er kannski ekki gerður fyrir herþjónustuna,“ segir Jack og glottir.

Hann þrjóskaðist við um átta ára skeið, en þótt herþjónustan hafi verið draumurinn kitlaði landbúnaðurinn einnig. Áður en að hann flutti hingað til lands fyrir um fimm árum hafði hann reynt fyrir sér á nautgripabúum í Ástralíu og á Bretlandi, sótt námskeið í klaufsnyrtingum og sæðingum auk þess að stunda nám í hjarðstjórnun mjólkurkúa (*e. dairy heard management*) við háskólann í Chester í Bretlandi. Fór svo að Jack útskrifaðist á tímum Covid-veirunnar og fékk þá kunnáttu sína í gegnum vinnu metna.

„Áhugi minn fyrir nautgripum vaknaði þegar ég neyddist til að aðstoða á kúabúi fyrrverandi kærustu minnar, en ég get ekki sagt að samband mitt við kýr hafi verið ást við fyrstu sýn. Ég man eftir því að hafa stokkið yfir girðingu á flótta frá þeim, nær verið búinn að gera í buxurnar af hræðslu við þessi stóru dýr. Breskar kýr vega venjulega vel yfir hálft tonn, eða 550–700 kg, á meðan íslensk meðalkýr er um 450 kg.“

Aðspurð segja þau Jack sjá að langmestu leyti um búið sjálfur enda vinni Rebekka utan heimilisins eins og er. Þau hafi þó fengið verktaka í heyskap því þau hafa ekki enn komið sér upp öllum þeim vélabúnaði sem þarf til verksins. Þau halda að jafnaði um fjörutíu mjólkurkýr í lausagöngufjósi þar sem þær ganga í mjaltaþjón að vild og hafa greiðan aðgang að fóðri og vatni.

Kálfar njóta þarna góðs atlætis í stíum sínum og sækja í kálfafóstru að vild. Jack segist panta mjólkurduftsblöndu frá Danmörku í stað þess að nota íslenskt duft. „Þeir fá skitu, greyin, af því íslenska og verða ekki alltaf langlífir eða hraustir, enda ýtir slæm uppistaða næringar á fyrsta ári undir dauðsföll eða veikindi í framtíðinni.“

### *Kálfadauði og kvótakaup*

Hlutfall dauðfæddra kálfa hjá fyrsta kálfs kvígum er hátt og bendir Jack á að eitt vandamálanna sé það að kvígurnar séu smáar og hafi ekki líkamlegan burð til þess að ala fullvaxta kálfa. Leggja þurfi góðan grunn að öllum gripum upp á framtíðina því það skilur ekkert eftir sig að gæta ekki vel að fyrstu gerð. „Ef kálfar eru veikburða þá eru þeir ekki að fara að bera hraust afkvæmi. Og ef þú færð ekki hraust dýr, af hverju ertu þá að eyða peningum í þennan rekstur? Íslenska kýrin er góð mjólkurkýr sem þyrfti eins og önnur dýr að vera eins mikið úti og hægt er, að auki þarf aðgætni, gott fóður og góðan aðbúnað í heild. Þannig vaxa þau best og við fáum sem mest út úr hverjum grip,“ segi Jack, sem hyggur á aukna framleiðslu í náinni framtíð.

„Mér hefur reiknast það til að við þyrftum að vera með um 55 mjólkandi kýr, auk þess að stækka fjósið ef við eigum að geta uppfyllt mjólkurkvótann. Hann er 400 þúsund lítrar en eins og er náum við 226 þúsund lítrum árlega. Stækkun plús róbótar mun kosta okkur 29 milljónir króna ef ég hef reiknað þetta rétt,“ segir Jack, sem þó er harðákveðinn í að gefast ekki upp.

„Vaxtalaust lán kæmi sér þarna mjög vel. Ef við hefðum þess háttar viðbót gætum við fengið gróða úr rekstrinum hjá okkur sem svo færi beint í búið. Þannig hagnast smátt og smátt án mikils halla á ársgrundvelli. Ég geng í öll störf sjálfur, enda er líka mikilvægt að við séum ekki bæði yfir okkur þreytt og stressuð.

Mér þykir líka annars gaman að elda og hef komist að því að það er mjög mikilvægt að Rebekka borði reglulega staðgóðar máltíðir svo hún verði nú ekki „hangry“,“ segir Jack hlæjandi.

Eins og er borga þau aðeins vexti af láninu en áætlað er að eftir þrjú ár hefji þau fullar greiðslur. Þau stefna að því að innan þess tíma verði framleiðslan komin á gott skrið og þau geti uppfyllt mjólkurkvótann. „Þetta er auðvitað kannski óraunhæfur draumur, en það má halda í vonina. Málið er bara það að ef eitthvað fer úrskeiðis, mjólkurróbóti skemmist eða annað, þá getur allt farið á hliðina því við höfum ekkert almennilegt fjármagn til að standa í ströngu. Ekki enn að minnsta kosti. Mánaðarlegur rekstur eins og er skilur lítið eftir.“

Jack segir að í raun sé það ekki það skynsamlegasta að taka við búi á miðju sumri eins og þau gerðu.



Kálfarnir á bænum fá danskan sopa.

### Ný útlán

Evrópski fjárfestingasjóðurinn (EIF) og Byggðastofnun undirrituðu samkomu lag þann 6. júní sl. um bakábyrgðir lána til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Ábyrgðir EIF, sem njóta stuðnings InvestEU áætlunar Evrópusambandsins, munu gera Byggðastofnun kleift að veita allt að 3,2 milljarða króna í formi nýrra útlána með sveigjanlegri skilmálum en áður. Fjármagninu er einkum ætlað að styðja við unga bændur, viðkvæm byggðarlög, nýsköpun og konur í frumkvöðlastarfsemi.

### Kálfadauði

Í skýrslu RML, Kálfadauði hjá fyrsta kálfs kvígum, frá árinu 2021 kemur fram að um 64% bænda ætli kálfa stóra við burð og telji það líklegustu orsök þess að þeir fæðist dauðir eða drepist í fæðingu. Á fagfundi nautgriparæktar sem haldinn var á Hvanneyri í vor kom Þórdís Þórarinsdóttir, ráðunautur í búfjárrækt hjá RML, inn á að einungis fæddust að jafnaði um 70–75% lifandi kálfa við fyrsta burð mæðra sinna, eða af þeim 26–27 þúsundum sem fæðast árlega eru 4.500 eða svo sem lifa ekki..







Það væsir ekki um búfénaðinn á bænum enda metnaður lagður í að ala hrausta og langlífa gripi.

## 5 hlutir sem Rebekka getur ekki verið án



**1. Jack,** hann er kletturinn minn, kann allt og veit allt og kemur manni til að hlæja alla daga.



**2. Róbótinn,** ég er sárfegin að þurfa ekki að handmjólka 50 kýr kvölds og morgna!



**3. Traktorinn,** ekki heyjum við, ýtum svo rúllu inn af túni og inn í fjós sjálf, þá væri maður sko orðin að vöðvabúnti.



**4. Kálfafóstran** er algjör snilld! Kálfarnir fá sjálfsafgreiðslu.



**5. Dýrin:** Arló, sem réttir mér skóna á morgnana, Lokkur, sem ber mig á bakinu og lyftir af herðum mér öllum áhyggjum lífsins stundarkorn og Kitler, sem malar á öxlinni á mér eftir langan dag.



Bærinn Hólmahjáleiga við falleg birtuskil.



Hænurnar eru alls níu talsins og njóta lífsins í kofanum sínum fyrir aftan þau Rebekku og Jack. Fremst á myndinni strunsar kötturinn Brandur í burtu, ef til vill á leið í fjósið til að verða sleiktur.



Rebekka og hesturinn Lokkur.

„Fyrri eigendur voru búin að nýta mest af mjólkurkvótanum sem fylgdi við kaupin og við fengum því einungis lítinn hluta hans í ár."

Rebekka tekur undir og segir það þó alltaf hafa verið á hreinu hvað myndi fylgja með jörðinni, seljendur nýttu kvótann fram að 1. júlí þegar þau tóku við. Þau séu þó í óvissu með afkomu eftir að kvótinn er fullnýttur en þar spili inn í ákvörðun á verði fyrir umframmjólk.

### Dregur úr nýliðun í landbúnaði

Íslenska greiðslumarkskerfið hefur verið gagnrýnt fyrir ýmsa ágalla og það þykir ekki það auðveldasta fyrir nýgræðinga í greininni.

Rebekka og Jack benda á að mjólkurkvótar séu dýrir og takmarki nýliðun í greininni enda eigi nýir bændur oft erfitt með rekstur þar sem þeir þurfa að fjárfesta í greiðslumarki auk annarra kostnaðarliða. Þannig takmarki kerfið möguleika bænda á að auka framleiðslu sína, jafnvel þótt eftirspurn eftir mjólkurvörum sé mikil. „Þetta leiðir til þess að framleiðsla er stöðluð, sem getur hindrað nýsköpun og þróun í mjólkuriðnaðinum. Opinber stuðningur þyrfti að vera meiri."

Jack veltir fyrir sér ýmsu varðandi íslensk nautgripabú og tekur fram að í Englandi hefðu þau vart getað fengið lán til kaupanna á Hólmahjáleigu. Þar séu bændur fæddir í starfið.

> ... það er mjög mikilvægt að Rebekka borði reglulega staðgóðar máltíðir svo hún verði nú ekki „hangry" ...

### Biblía landbúnaðar

Það er þó sitthvað sem hann vill innleiða í sinn búskap frá heimalandinu og mælir með að fólk líti á vefsíðuna ahdb.org.uk. Þar sé um að ræða svokallaða biblíu landbúnaðar í Englandi sem geymi ógrynni nytsamlegra upplýsinga.

Hann nefnir til dæmis auknar rýmiskröfur í fjósum ytra. „Þegar kemur að því að ég breyti fjósinu hér mun ég hafa það í huga, auk þess að steypa gólfið og setja mykjulón fyrir utan sem er mun hagstæðara og heilsusamlegra í heildina.

Það þarf nefnilega að gæta þess að kýrnar fái hreint loft en andi ekki stöðugt að sér menguðu lofti frá sínum eigin úrgangi. Það þætti ekki heilsusamlegt fyrir mannskepnuna að anda í sífellu að sér þeim gastegundum sem myndast úr eigin afturenda og þess þá heldur fyrir kýrnar með sína gasmengun. Það getur valdið súrefnis- eða orkuskorti sem ég hef tekið eftir í kúm hérlendis. Annað sem ég hef tekið eftir er að fleiri bændur þyrftu að geta tileinkað sér að framkvæma fleiri hluti sjálfir og spara sér með því ýmsan kostnað. Til dæmis bæði sæðingar og svo klaufsnyrtingu, en rannsóknir hafa sýnt að góð klaufhirða bætir líðan kúnna auk þess að auka nyt þeirra um allt að einn lítra mjólkur daglega."

Jack segist stefna á að rækta naut sem eiga að geta verið úti allan ársins hring. „Landið okkar er mjög gjöfult og ég sé fyrir mér að byggja skýli þar sem þau geta haldið við. Naut geta vanist á að vera utandyra frá unga aldri og upplagt að nýta þetta stóra land sem við eigum. Í skýlinu yrði auðvitað hey og einhver aðstaða, en þetta eru dýr sem geta vel staðið af sér veturinn.

Fyrst af öllu þurfum við þó að finna út úr mjólkurkvótamálunum, svo get ég farið að hefja ræktun og byggja skýli," segir Jack sem hefur augljóslega skýra sýn á framtíðina.

„Við erum heilt yfir heppin með landið okkar og hvort annað," segir Jack og Rebekka tekur undir. Þau eru að sama skapi afar ánægð með lánveitingu Byggðastofnunar og hvetja þá sem áhuga hafa að kynna sér málið. Ferlið segja þau auðvelt og aðstoð auðfáanlega ef spurningar vakna.

### Almennilegt kaos

Það má þó ekki gleyma að með Hólmahjáleigu fylgdi einnig fimmtíu hesta hjörð, en umsjón hennar er alfarið í höndum Rebekku. „Það kom mér skemmtilega á óvart að eignast allt í einu heilt stóð! Mér hefur alltaf þótt gaman af hestum og eignaðist minn fyrsta hest fyrir nokkrum árum, sem lifði þó því miður ekki lengi. Þá fékk ég hann Lokk minn sem er mikið yndi og svo á ég núna heila fimmtíu í viðbót sem var skemmtilegt viðbrigði," segir Rebekka og hlær. „Þetta gengur ágætlega hjá mér – þetta eru hryssur sem mér tókst að koma öllum inn í gerðið og það er búið að snyrta á þeim hófana og svona. Þær voru mishressar með þetta í fyrstu, enda sumar ungar og óvanar nokkurri meðhöndlun. Þarna er að finna ægilega gullmola inn á milli og svo eru þarna um tuttugu folöld sem þarf að temja eða selja. Þetta kemur allt í ljós," segir hún.

Níu hænsnfuglar eru einnig á bænum, kettlingurinn Kitler, hvolpurinn Arló og kötturinn Brandur sem veit ekkert betra en að vera sleiktur þéttingsfast af kúnum og því heldur klístraður dags daglega. „Þetta er almennilegt kaos sem við höfum gaman af að takast á við," segir Rebekka að lokum.





Frakkland:

# Stjórnvöld vilja uppræta vínekrur

**Stjórnvöld í Frakklandi vilja verja 120 milljónum evra til að rífa upp vínvið af allt að þrjátíu þúsund hekturum lands. Ástæðan er offramboð.**

Í Frakklandi eru um átta hundrað þúsund hektarar af vínekrum. Franska landbúnaðarráðuneytið áformar nú að borga bændum, einkum í Bordeaux-héraði, fyrir að uppræta hluta vínviðar síns til að draga saman framboð á þrúgum til víngerðar.

Alþjóðleg vínframleiðsla var rúmlega 10% meiri en eftirspurn árið 2023 samkvæmt tölum frá Alþjóðlegu vínstofnuninni (OIV) og vilja frönsk stjórnvöld hemja offramboð. Er talið að verkefnið muni kosta um 120 milljónir evra og markmiðið að koma í veg fyrir framleiðslu vínþrúgna af um 30 þúsund hekturum lands. Franska víntímaritið Decanter greinir frá.

*Fá 600 þúsund á hektara*

Til stendur að uppræta hátt í níu prósent af vínekrum Bordeaux-héraðsins. Bændur gætu fengið allt að fjögur þúsund evrur, um 600 þúsund kr., á hektara fyrir að heimila stjórnvöldum að uppræta vínvið. Jafnframt þyrftu þeir að undirgangast bann við gróðursetningu vínviðar á landi sínu fram til ársins 2029. Offramboð hefur lækkað verð á vínum og hefur áhrif á afkomu vínbændanna. Sömuleiðis hefur orðið markaðskreppa m.a. vegna innrásarstríðs Rússa í Úkraínu.



**Uppræta á hátt í 9% af vínekrum Bordeaux-héraðsins vegna offramboðs.** Mynd / Pixabay

*Vínneysla fer minnkandi*

Vínneysla er að breytast víða um heim. T.d. dróst vínsala í frönskum matvöruverslunum saman um 5 prósent milli ára og er einkum um að ræða rauðvín og rósavín. Meðal-Frakkinn neytti á árum áður að meðaltali 120 lítra víns á ári en það magn er nú komið niður í 40 lítra. Franskur vínútflutningur dróst saman um 9,4 prósent á síðasta ári og hefur ekki verið minni síðan árið 2007. */sá*

**Bandaríkin:**

# Eilífðarefni í ræktarlandi

## – PFAS berst í matvæli vegna mengaðs áburðar

**Hátt hlutfall eilífðarefna hefur fundist í landbúnaðarafurðum í Bandaríkjunum. Það er rakið til notkunar skólps sem áburð á ræktarlönd sem hófst fyrir áratugum síðan.**

Bandarísk stjórnvöld hafa um áratugaskeið hvatt bændur til að nýta hreinsað skólp frá sveitarfélögum sem áburð. Seyran er uppfull af næringarefnum og með þessu er komist hjá urðun. Nýjar rannsóknir benda til þess að skólpið, sem kemur bæði frá heimilum og iðnaði, getur innihaldið PFAS. Þessi eilífðarefni hafa nú fundist í miklu magni í ræktarlandi í ríkjum eins og Texas, Maine, Michigan, New York og Tennessee. The New York Times greinir frá.

Þessi þrávirku eilífðarefni, sem eru oft kölluð PFAS, safnast upp í vistkerfum og geta borist í menn meðal annars í gegnum fæðu. Fjölmörg efni sem eru notuð í allt frá útivistarfatnaði, viðloðunarfríum steikarpönnum og ýmsu sem viðkemur iðnaði eru nefnd PFAS. Neikvæð áhrif þeirra á heilsu manna og dýra hafa komið í ljós á undanförnum áratugum.

*Lífræn bú hafa ekki sloppið*

PFAS efnin berast úr ræktarlandinu í fóður, þaðan sem það safnast upp í búfénaði og hefur það greinst í mjólk og kjöti. Bú þar sem er stunduð lífræn ræktun hafa ekki sloppið, en PFAS getur varðveist í jarðvegi í áratugi og haldið áfram að valda skaða löngu eftir að notkun mengaðs skólps er hætt.

Yfirvöld í Michigan voru meðal þeirra fyrstu sem fóru að kanna eilífðarefni í skólpi sem er notað til áburðar. Þar hefur öll landbúnaðarframleiðsla um ókomin ár frá einu býli verið stöðvuð vegna sérlega hás hlutfalls PFAS í jarðveginum. Ekki hefur verið lagst út í víðtæka könnun á PFAS í ræktarlandi í ríkinu þar sem óttast er að það valdi víðtækum efnahagslegum skaða innan landbúnaðargeirans.



**Búfénaður hefur drepist og fólk hefur veikst vegna PFAS-mengunar í ræktarlandi í Bandaríkjunum.** Mynd / Kristyn Lapp

Árið 2022 voru yfirvöld í Maine þau fyrstu í Bandaríkjunum til að banna notkun skólps til áburðar. Það er jafnframt eina ríkið sem hefur lagst í markvissa könnun á magni PFAS í ræktarjörð. Hingað til hefur mengun mælst á 68 af meira en hundrað bújörðum sem hafa verið skoðaðar, en til stendur að kanna meira en þúsund.

*Málsókn bænda í Texas*

Í Texas hafa nokkrir bændur hafið málsókn þar sem búfénaður hefur drepist í miklu magni. Annars vegar gegn Synagro, sem er fyrirtækið sem útvegaði skólpáburð, og hins vegar gegn Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna (EPA), þar sem stofnunin var ekki með nógu öflugt regluverk yfir notkun skólps. EPA hefur fylgst með sýklum og þungmálmum en ekki PFAS, þrátt fyrir stöðugt auknar vísbendingar um slæm áhrif eilífðarefna á heilsuna.

Bændurnir tengja veikindi búfénaðarins við notkun mengaðs skólps á nágrannajörð sem barst í grunnvatnið. Í málsókn þeirra kemur fram að ein tegund af PFAS hafi mælst í grunnvatni í hlutföllunum 1.300 hlutar á móti trilljón og innihélt lifur dauðfædds kálfs sambærilegt PFAS efni í hlutföllunum 610.000 hlutar á móti trilljón. Þó það sé ekki fullkomlega samanburðarhæft hefur EPA mælst til þess að í drykkjarvatni séu tvær tilteknar tegundir PFAS efna ekki yfir 4 hlutum á móti trilljón. Ein trilljón samsvarar milljón billjónum.

Notkun á skólpi sem áburð hófst eftir að bann var lagt við að losa það í ár og vötn árið 1972. Bent hefur verið á að bann við notkun skólpáburðar sé ekki endilega lausnin, því eftir að Maine tók fyrir slíka notkun hefur þurft að flytja það í nágrannaríki þar sem urðunarstaðir geta ekki tekið við því. Lausnin felist frekar í því að banna notkun PFAS í vörur og fara fram á að iðnfyrirtæki hreinsi affallið frá sér áður en það er sent í skólphreinsistöðvar. */ál*




England:

# Bændur orðnir langþreyttir

**Hjálparbeiðnir frá bændum í Lincolnshire í Englandi hafa margfaldast frá því sem var.**

Forsvarsmenn hjálparsíma bænda í Lincolnshire í Englandi, Lincolnshire Rural Support Network (LRSN), hafa greint frá því að 96% aukning hafi orðið í símtölum frá bændum undanfarin tvö ár. The Scottish Farmer greinir frá.

Hjálparlínan er rekin af góðgerðarsamtökum á svæðinu og segja þau að rekja megi aukninguna til fjölbreyttra og erfiðra áskorana sem bændur hafi staðið frammi fyrir undanfarið, ekki síst vegna mikillar rigningartíðar í sumar sem leið. Fjöldi bænda varð fyrir tjóni í storminum Henk fyrr á þessu ári, sem og í óveðrinu Babet í fyrra.

Segja LRSN að þegar lífsviðurværi bænda velti mjög á hlutum sem þeir hafi enga stjórn á geti það verið þeim mjög erfitt. Þá reki hver áskorunin aðra og fólk sé hreinlega uppgefið.

Samkvæmt LRSN fékk hjálparlínan 174 símtöl árið 2023 og veitti 348 manns svokallaðan einstaklingsstuðning.

Símaþjónustan er mönnuð af sjálfboðaliðum og hefur verið rekin í tuttugu og fimm ár.



**Mikið hefur rignt í Englandi undanfarin misseri og bændur eru víða í vandræðum.** Mynd / Gosia K.

Bændur á svæðinu segjast enn bíða eftir fjárhagslegum stuðningi sem ríkisstjórnin lofaði þeim en sérstakur sjóður, The Farm Recovery Fund, hafði verið stofnaður í þágu bænda sem verða fyrir skemmdum á landi. Sumarið þetta árið bætti ekki úr skák og kvarta bændur sáran undan því að bleytutíðin hafi komið í veg fyrir að uppskeran þroskaðist á tilsettum tíma þannig að mæta mætti eftirspurn eftir afurðum.

Hjálparlína bænda í Lincolnshire býst þannig enn við stigvaxandi fjölda símtala þar sem bændur geta orðað vandkvæði sín, fengið hvatningu og aðstoð. */sá*


Weckman
stálklæðningar
H. HAUKSSON EHF.
• 30 ára reynsla á Íslandi • Hagstætt verð • Fjölmargir litir í boði • CE vottuð framleiðsla •
Bárujárn
Verð kr. 3.600 m2 með vsk.
Stallað stál
Verð kr. 4.900 m2 með vsk.
Trapisustál
Verð kr. 3.600 m2 með vsk.
H. Hauksson ehf. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is
WECKMAN
MADE IN FINLAND


MHG VERSLUN
Husqvarna - feel the power
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Rier RC320TSAWD
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW
Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm
Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m2 - 20% halli
Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m2 - 45% halli
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is


Tuttugu og fimm milljónasta plantan gróðursett hjá Héraðsskógum sumarið 2011.


Skógarbændur á Vestfjörðum á keðjusagarnámskeiði á Þingeyri 2013. Myndir / LM

# Skógrækt á bújörðum

**Saga skógræktar á Íslandi er rakin til stofnunar Skógræktar ríkisins 1907 en skógrækt bænda á bújörðum með aðkomu ríkisins á sér styttri sögu.**


Lilja Magnúsdóttir.

Fljótsdalsáætlun er talin vera upphaf skógræktar á bújörðum og hófst hún formlega 25. júní 1970. Síðan var verkefnið Nytjaskógrækt á bújörðum sett af stað með lagasetningu 1984 og var hún stunduð á nokkrum stöðum á landinu þar sem skilyrði til skógræktar þóttu góð. Þegar velgengni þess verkefnis fór að koma í ljós vildu fleiri bændur taka þátt og svo fór að Héraðsskógar á Austurlandi tóku til starfa 1991 og í kjölfarið komu Suðurlandsskógar 1997 á grundvelli lagasetninga. Árið 1999 voru sett lög um landshlutaverkefni í skógrækt og á grundvelli þeirra laga voru landshlutaverkefnin Vesturlandsskógar og Norðurlandsskógar stofnuð og tóku þau við samningum um nytjaskógrækt á bújörðum auk þess að gera samninga við bændur um skógrækt á jörðum þeirra.

### *Upphaf má rekja til áhuga bænda*

Skjólskógar á Vestfjörðum voru einnig stofnaðir á grundvelli þessara laga en á Vestfjörðum hafði ekki fengist samþykki fyrir því að fara í nytjaskógrækt á bújörðum þar sem skilyrði til skógræktar voru ekki talin nægjanlega góð. Áhugasamir bændur í Önundarfirði og Dýrafirði voru ekki sáttir við þá niðurstöðu og stofnuðu sitt eigið verkefni sem fékk nafnið Skjólskógar á Vestfjörðum árið 1997.

Þegar lög um landshlutaverkefni voru sett 1999 tók landshlutaverkefnið á Vestfjörðum við nafni og hlutverki eldri Skjólskóga og gerðu samninga við áhugasama bændur líkt og í öðrum landshlutum.


Starfsmenn Suðurlandsskóga á Selfossi sumarið 2011.

Upphaf skógræktar á bújörðum má yfirleitt rekja til áhuga bændanna sjálfra á skógrækt og þeirrar umræðu og áhrifa sem þeir höfðu sjálfir á stjórnsýsluna og þingmenn. Þennan áhuga má líka sjá í stofnun félaga skógarbænda um allt land en þau eru fagfélög líkt og hjá öðrum bændum. Fyrsta skógarbændafélagið var stofnað á Fljótsdalshéraði 1988 og síðan fylgdu aðrir landshlutar í kjölfarið eftir því sem skógrækt óx fiskur um hrygg á hverju svæði. Landssamtök skógareigenda voru stofnuð 1997 og stóðu félög skógarbænda um allt land að samtökunum en þeim var ætlað að vinna að hagsmunum skógarbænda og atvinnugreinarinnar skógræktar.

### *Málþing í Sælingsdal*

Árið 2021 sameinuðust Landssamtök skógareigenda Bændasamtökum Íslands og við hlutverki LSE tók búgreinadeild skógarbænda innan Bændasamtakanna. LSE var lagt í dvala og undanfarin ár hefur stjórn búgreinadeildar skógarbænda, SkógBÍ, unnið að hagsmunamálum skógarbænda. Tilgangur SkógBÍ er að sameina þá sem stunda skógrækt í atvinnuskyni, hvort sem þeir eru eingöngu með skógrækt eða stunda jafnframt aðrar búgreinar. Það er því ótvíræður hagur skógarbænda að sameinast undir hatti SkógBÍ til að leggja sitt af mörkum til að vinna saman að hagsmunum skógræktar á bújörðum og auka vægi skógræktar sem búgreinar. Slíkt vægi skiptir sérstaklega miklu máli þegar horft er til samskipta við ríki og stofnanir þess þar sem skógrækt undir hatti Bændasamtaka Íslands á aukna möguleika á að ná til ráðuneyta og annarra stofnana ríkisins.

Á málþingi Félags skógarbænda á Vestfjörðum, sem haldið verður á Laugum í Sælingsdal þann 12. október næstkomandi, verður saga skógræktar á bújörðum rakin með dæmum frá Vestfjörðum og Vesturlandi auk fleiri fyrirlestra en á málþinginu verður félagsmálum skógarbænda og umræðu um þau gert hátt undir höfði. Ljóst er að þeir skógarbændur sem voru félagar í LSE hafa ekki allir gengið til liðs við SkógBÍ og því má slagkraftur í samstöðu skógarbænda vera töluvert meiri. Því fleiri sem ganga til liðs við búgreinadeild skógræktar innan Bændasamtaka Íslands, því öflugri verður hagsmunabarátta okkar og samstaðan verður sýnilegri.

### *Samstaða er nauðsynleg*

Við sem stöndum að málþinginu á Laugum hvetjum því alla bændur sem eru með skógrækt á sínum bújörðum, hvort sem það er skjólbeltaræktun, skjólskógaræktun, timburskógrækt eða útivistarskógar með eða án annarra búgreina til að skoða af fullri alvöru hvort aðild að Bændasamtökum Íslands, búgreinadeild skógarbænda, sé ekki til þess fallin að efla eigin hagsmuni jafnt sem heildarinnar. Ef þið eruð í vafa um kosti þess að gerast félagar í SkógBÍ þá hvetjum við ykkur til að mæta á málþingið á Laugum, hlusta á fyrirlestrana og spyrja fyrirlesarana spurninga sem þið viljið fá svör við og fá þannig upplýsingar um hvað felst í aðild að SkógBÍ og Bændasamtökum Íslands.

Samstaða er nauðsynleg til að ná árangri, við sjáum það best í skóginum okkar, tré á berangri eiga erfitt uppdráttar þar sem þau eru ein að berjast en þau tré sem standa saman í skóginum dafna flest betur í sameiginlegu skógarskjóli.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest á Laugum í Sælingsdal og taka þátt í umræðum, spjalla um skóga og skemmta okkur saman.

*Höfundur er formaður Félags skógarbænda á Vestfjörðum.*




Bændablaðið
www.bbl.is

# Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir




HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

# EIN VÉL – MÖRG TÆKI

VALLARBRAUT



## Multihog



Vallarbraut ehf kynnir nýjung í tækjaflórunni.
MULTIHOG er fjölnota vél sem bíður uppá endalausa möguleika á fylgihlutum.
Hagkvæmur rekstur byggist ávallt á góðum grunni.
Multihog byggir á einni grunnvél þar sem notandinn velur þá fylgihluti sem hentar viðkomandi rekstri í hvert sinn.
Með Multihog gefst kostur á að nýta sömu vélina fyrir allar árstíðir.
www.multihog.com



75 hö og 130 hö frá DEUTZ eða HATZ
Sjáfstæð fjöðrun, Hydrostatic skipting
Aflúrtak að framan
Euro festingar

**Vallarbraut.is S- 4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 Hafnarfirði**



Veltuminnkun var hjá sex af tíu stærstu afurðafyrirtækjunum í mjólkuriðnaði á milli ára, mælt í bandarískum dollurum. Mynd / Seges

## Rabobank:

# Fonterra að ná vopnum sínum á ný



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Hin árlega skýrsla hollenska landbúnaðarbankans Rabobank um tuttugu stærstu afurðafyrirtæki heims í mjólkuriðnaði, kom út nýverið.**

Sem fyrr er margt einkar áhugavert í þessari samantekt stærsta landbúnaðarbanka heims, en á hans vegum starfa sérfræðingar á ólíkum fagsviðum í landbúnaði. Stóru tíðindin eru að svo virðist sem nýsjálenska afurðafélagið Fonterra sé nú loks á réttri leið og að ná fyrri stöðu sem eitt af sterkustu afurðafyrirtækjum í heimi. Undan þessu forna félagi hafði fjarað í mörg ár, enda hafði félagið staðið í mjög umdeildum fjárfestingum í Kína sem kostuðu á endanum milljarða að komast út úr.

### *Heildarumsvif jukust um 0,3%*

Eftir hreint ótrúlegt gengi 20 stærstu fyrirtækja heims á næstsíðasta rekstrarári, þegar heildarvelta þeirra jókst um 8,1%, var gengið allt annað síðasta rekstrarár þegar velta þessara 20 fyrirtækja jókst ekki nema um 0,3%, mælt í Bandaríkjadölum. Skýringin á þessari miklu breytingu á milli ára skýrist, að sögn sérfræðinga Rabobank, fyrst og fremst af lækkuðu mjólkurverði en auk þess voru nokkur stórfyrirtæki í þónokkrum vanda á rekstrarárinu.

### *Meirihluti stórfyrirtækjanna gáfu eftir*

Eitt það áhugaverðasta á þessum lista Rabobank í ár, sjá meðfylgjandi töflu, er sú staðreynd að meirihlutinn af stærstu fyrirtækjum heims í mjólkuriðnaði voru að gefa aðeins eftir, þegar horft er til heildarveltu. Þannig varð veltuminnkun hjá 6 af 10 stærstu fyrirtækjunum á milli ára, mælt í bandarískum dollurum. Þessi tekjulækkun fyrirtækjanna sex var svo umtalsverð að þrátt fyrir að hin fyrirtækin fjögur hefðu bætt við umsvif sín á milli ára, þá varð heildartekjusamdráttur meðal þessara 10 stærstu fyrirtækja. Fór heildarveltan þannig úr 187,1 milljarði dollara niður í 183,9 milljarða dollara sem er heildarsamdráttur um 1,7%.

| Röð árið 2024 | Breyting á milli ára | Röð árið 2023 | Nafn | Höfuðstöðvar | Ársvelta, milljarðar USD* | Ársvelta, milljarðar ÍSK** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 1 | Lactalis | Frakkland | 30,2 | 4.170 |
| 2 | ↑ | 3 | Nestlé | Sviss | 24,1 | 3.327 |
| 3 | ↓ | 2 | Dairy Farmers of America | Bandaríkin | 21,7 | 2.996 |
| 4 | | 4 | Danone | Frakkland | 19,7 | 2.720 |
| 5 | | 5 | Yili | Kína | 17,5 | 2.416 |
| 6 | ↑ | 9 | Fonterra | Nýja-Sjáland | 15,1 | 2.085 |
| 7 | ↓ | 6 | Arla Foods | Danmörk | 14,8 | 2.043 |
| 8 | ↓ | 7 | FrieslandCampina | Holland | 14,1 | 1.947 |
| 9 | ↓ | 8 | Mengniu | Kína | 13,9 | 1.919 |
| 10 | | 10 | Saputo | Kanada | 12,8 | 1.767 |
| 11 | | 11 | Unilever | Holland/Bretland | 8,7 | 1.201 |
| 12 | ↑ | 16 | Schreiber Foods | Bandaríkin | 7,4 | 1.022 |
| 13 | | 13 | Savencia | Frakkland | 7,4 | 1.022 |
| 14 | ↓ | 12 | Gujarat Cooperative MMF | Indland | 7,2 | 994 |
| 15 | ↓ | 14 | Müller Milk | Þýskaland | 6,7 | 925 |
| 16 | ↑ | 17 | Sodiaal | Frakkland | 6,3 | 870 |
| 17 | ↓ | 15 | Agropur | Kanada | 6,1 | 842 |
| 18 | | 18 | DMK | Þýskaland | 5,9 | 815 |
| 19 | | 19 | Froneri | Bretland | 5,7 | 787 |
| 20 | ↑ | - | Grupo Lala | Mexíkó | 5,6 | 773 |

** Veltutölur fyrirtækjanna eru oft byggðar á áætlun Rabobank*
*** Miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 6. september 2024*

### *Veltan segir ekki allt*

Þrátt fyrir að veltutölur síðasta rekstrarárs líti e.t.v. ekki eins vel út og margir hefðu óskað er samt ljóst að veltan segir ekki alla söguna, enda skiluðu mörg af þessum stærstu fyrirtækjum heimsins í mjólkuriðnaði umtalsverðum hagnaði. Sum meira að segja juku hagnaðinn á milli ára, þrátt fyrir að heildartekjurnar hafi dregist saman.

Með öðrum orðum náðu sum fyrirtækin að nýta betur framleiðslugetu sína og mögulega aukið áherslu á framlegðarhærri vörur. Það er í raun afar góður árangur ef litið er til þess hve erfiður þessi alþjóðlegi mjólkurvörumarkaður er, þar sem mörg stór alþjóðleg innkaupafyrirtæki verslunarkeðja ráða miklu.

### *Lactalis stækkar og stækkar*

Eins og áður segir var gengi fyrirtækjanna misjafnt á síðasta rekstrarári en athygli vekur þó hve stöðugu flugi franska fyrirtækið Lactalis er á. Í fyrsta skipti í sögunni fer heildarvelta eins fyrirtækis í mjólkuriðnaði yfir 30 milljarða dollara eða um nærri 4.200 milljarða íslenskra króna! Frá fyrra rekstrarári nam veltuaukning Lactalis 5,6% sem er ein mesta aukning 10 stærstu fyrirtækjanna á listanum. Einungis Fonterra jók veltu sína hlutfallslega meira, eða um 6,3%, en vissulega

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463

VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR



Rabobank

er það fyrirtæki að koma úr minni heildarveltu en Lactalis svo árangur franska risans er einstakur.

*Bandaríski risinn með sætaskipti við Nestlé*

Í yfirliti Rabobank sést einnig að bandaríska afurðafélagið Dairy Farmers of America (DFA), sem er samvinnufélag þarlendra bænda, hafði sætaskipti við svissneska fyrirtækið Nestlé. Skýringin var ekki mikill framgangur Nestlé, sem var þó 3,4% á milli ára, heldur mun frekar mikið tekjufall DFA en það var alls 11,4%. Skýring á þessu tekjufalli felst aðallega í því að DFA er með frekar umfangsmikla heildsölu á óméðhöndlaðri mjólk, svo að verðbreytingar á henni koma hratt fram í heildarveltu félagsins.

*Fonterra ýtir Arla og FrieslandCampina neðar*

Eins og áður segir hefur Fonterra náð nokkuð sínum fyrri styrk og náði á rekstrarárinu að stinga sér fram fyrir sína helstu keppinauta á alþjóðlegum markaði, Arla og FrieslandCampina. Munurinn á þessum þremur félögum, sem öll eru samvinnufélög kúabænda, er þó lítill en öll eru þau á svipuðum markaði með mjólkurduft og osta, þó svo að áherslumunur sé vissulega til staðar á milli þeirra.

*Fyrirtæki frá Mexíkó nýtt á listanum*

Síðasta rekstrarár var einnig áhugavert fyrir þær sakir að nýtt fyrirtæki, mexíkóska Grupo Lala, náði inn á listann yfir 20 stærstu afurðafyrirtæki heims. Þetta fyrirtæki, sem ýtti hinu írska Glanbia út af listanum, bæði jók umsvif sín á þarlendum markaði um 6% en það sem einnig hjálpaði verulega var 11,8% styrking mexíkóska pesóans gagnvart Bandaríkjadal.

*Fáar sameiningar eða uppkaup*

Í skýrslunni kemur einnig fram að meðal þessara 20 fyrirtækja á lista Rabobank var lítið um sameiningar eða uppkaup á síðasta rekstrarári og er það nokkuð svipuð staða og var á næstsíðasta rekstrarári. Hins vegar benda sérfræðingar Rabobank á það að margt bendi nú til þess að mörg fyrirtæki séu í startholunum til að kaupa upp eða sameinast. Auk þess hafi mörg fyrirtæki þegar tilkynnt að þau ætli að selja frá sér hluta af núverandi framleiðslu til að sérhæfa enn frekar aðra framleiðslu. Það á við um sölu á ísstarfsemi Unilever, fyrirhuguð sala Fonterra á hluta af starfsemi sinni á neytendamarkaði sem og fyrirhuguð sala General Mills á Yoplait jógúrtfyrirtækinu.

Þessar mögulegu breytingar á eignarhaldi fyrirtækja á lista Rabobank undirstrika þá breytingu sem á sér stað nú um stundir þar sem fleiri og fleiri fyrirtæki eru nú að einbeita sér frekar að kjarnastarfsemi sinni og losa sig við ónauðsynlegar rekstrareiningar til að hámarka framtíðarvöxt og arðsemi.

*Heimild: RaboReseach 2024, Global Dairy Top 20*






# Skipulagning frístundahúsabyggða á tímum náttúru- og loftslagskreppu

## – Rannsóknaráðstefnan PLANNORD


Harpa Stefánsdóttir.


Jin Xue.

**Nýverið fór norræna skipulagsrannsóknarráðstefnan PLANNORD fram á Íslandi, en um er að ræða stærsta viðburðinn á Norðurlöndum um skipulagsmál og miðlun rannsóknaafurða.**

Á ráðstefnunni kemur saman fræðafólk við háskóladeildir í skipulagsfræði á Norðurlöndunum. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Skipulag í norrænu samhengi – tækifæri og áskoranir“ en tilgangur hennar var að fjalla um á hvaða hátt skipulag á Norðurlöndum stendur frammi fyrir sérstökum áskorunum tengdum staðbundnum aðstæðum eða hvort þær bjóði upp á tækifæri sem skoða ætti í auknum mæli til að mæta markmiðum um sjálfbæra og lífvænlega framtíð. Þessar staðbundnu aðstæður gætu varðað samfélag, menningu, réttarkerfi, skipulagsaðferðir, hnattræna stöðu, náttúrufar sem og byggt umhverfi.


Nýleg frístundahúsabyggð í Beitostølen, Jötunheimum í Suður-Noregi. Mynd / Aðsend

### *Ógnvænleg þróun í Noregi*

Eitt af umræðuefnunum varðaði frístundahúsabyggð og sjálfbærni svæða sem fara undir frístundahús, en Jin Xue, prófessor í skipulagsfræði við norska umhverfis- og lífvísindaháskólann (NMBU), leiddi málstofu um efnið og greindi frá mjög alvarlegum áskorunum sem Norðmenn standa frammi fyrir vegna ógnvænlegrar þróunar. En Harpa Stefánsdóttir, prófessor í skipulagsfræði við LbhÍ, hefur um árabil unnið með Jin að rannsóknum um frístundabyggð í Noregi. Þar sem málefnið hefur lítið verið rannsakað hérlendis, er mikilvægt að staldra við og velta fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að læra af Norðmönnum áður en í óefni er komið. Á Íslandi hefur nefnilega notkun frístundahúsa færst í vöxt og uppbygging verið hröð ekki síður en í Noregi.

Frístundahús eða sumarbústaðir hafa langa hefð á Norðurlöndunum. Í Noregi er litið á ferðir í sumarbústaði staðsetta uppi í fjöllum, í skógum og meðfram ströndum, sem órjúfanlegan hluta af þjóðerniskennd Norðmanna. Að hafa tækifæri til að upplifa og njóta náttúrunnar á meðan dvalið er í bústaðnum hefur djúpar menningarlegar rætur hjá Norðmönnum. Eftir nokkra áratugi í stöðugri uppbyggingu frístundahúsa þar sem þróunin hefur lítið verið gagnrýnd, eru komnar upp miklar deilur, aðallega vegna neikvæðra áhrifa sem ágeng þróun þeirra hefur haft á náttúru og loftslag. Bústaðir, sem áður voru taldir tákn um lífsstíl sem endurspeglaði ástríðu Norðmanna fyrir náttúrunni og frumstæðum lifnaðarháttum, eru í dag taldir ógna líffræðilegri fjölbreytni, aðlögunarhæfni búsetu og loftslagi.

### *Mikið land tekið undir frístundahúsabyggð*

Í gegnum tíðina hefur hvorki skipulagsgerð á Norðurlöndunum né rannsóknir tengt frístundahúsum sýnt umhverfislegum afleiðingum þeirra sérstakan áhuga. Hins vegar hefur á síðustu árum verið lögð aukin áhersla á umhverfistengd málefni. Í Noregi hefur átt sér stað hröð uppbygging á fjallasvæðum inn til landsins, þar sem náttúra og vistkerfi eru oft viðkvæm. Smáskammtauppskipting lands fyrir byggingu frístundahúsa í Noregi hefur leitt til sundrungar búsvæða dýra, einkum villtra hreindýra. Hins vegar er raunverulegt landnám oft margfalt stærra en það sem húsið sjálft tekur, vegna mikillar landþarfar fyrir tengda innviði eins og vatn, rafmagn, fráveitu og vegi. Mikið af landinu sem breytt hefur verið í frístundahúsasvæði hefur verið tekið frá skóglendi og jafnvel votlendi, sem eykur einnig á loftslagsbreytingar.

### *Notkunin ekki síður orsök umhverfisvandamála*

Notkun frístundahúsa er jafnmikil eða jafnvel meiri orsök umhverfisvandamála. Ferðir milli heimilis og frístundahúsa skapa stóran hluta bílaumferðar á helstu þjóðvegum milli borga og helstu frístundahúsasvæða um helgar og á frídögum.

Á Íslandi er staðan ekki ósvipuð frá höfuðborgarsvæðinu, og umferðarstíflur algengar bæði austur og norður. Auk þess veldur aukin notkun bústaða meiri staðbundinni umferð inn á friðlýst svæði, sem leiðir til ágangs á náttúrulegt umhverfi og raskar villtu dýralífi. Aukin orkunotkun vegna hás standards nútíma frístundahúsa skapar einnig þrýsting á staðbundna orkuinnviði.

### *Hlutverk skipulags í að stýra uppbyggingu*

Í Noregi hefur samfélagsumræðan beint spjótum sínum að þessum umhverfsislegu áskorunum. Samfélagshópar í nokkrum sveitarfélögum með frístundahúsabyggð hafa mótmælt frekari uppbyggingu, ásamt umhverfissamtökum og rannsakendum. Pólitískur klofningur er orðinn mikill tengt málefnum frístundahúsa, bæði í sveitarfélögum og á landsvísu.

Í þessu samhengi snýst mikilvægur hluti umræðunnar um hlutverk skipulags í að stýra uppbyggingu í átt að umhverfislegri sjálfbærni. Stefnumótandi skipulag sem tekur til langtíma- og heildrænna markmiða býður upp á þann möguleika að tengja frístundahúsauppbyggingu víðtækari staðbundinni samfélagsþróun, með tilliti til bæði félagslegs og umhverfislegs þols. Staðarmótun (e. place-making) og stjórnun ferðamannastaða geta verið gagnleg hugtök og ákjósanleg nálgun fyrir sveitarfélög til að koma slíkri stefnumótun til framkvæmda. Landnotkunarskipulag getur á hinn bóginn staðsett og stjórnað uppbyggingu frístundahúsabyggða og dregið úr umfangi notkunar lands, orku- og auðlinda ásamt umferð. Fyrir utan deiliskipulag svæðanna sjálfra, þá getur svæðisskipulag stærri svæða verið heppilegra til að halda utan um verndun heildstæðra náttúrusvæða og til að forðast að þau verði smám saman skorin sundur í minni einingar.

### *Umræða nauðsynleg á Íslandi*

Frístundahúsanotkun er einnig í örum vexti á Íslandi, en þeir bústaðir sem hafa verið byggðir síðustu áratugi hafa farið stækkandi og eru með aðstæðum sem gætu frekar talist til lúxuss frekar en naumhyggju. Álag á umferðarkerfi hefur aukist mikið og sama má eflaust segja um álagið á þjónustuframboð þeirra sveitarfélaga sem eiga í hlut. En engu að síður, þá hafa spurningar þar um fengið takmarkaða athygli hvorki frá rannsakendum, samfélagi eða stjórnmálamönnum. Skipulag sem getur verið bæði bölvun eða blessun umhverfisvandamála þarf að taka alvarlega.

*Höfundar eru prófessorar í skipulagsfræði, Harpa við LbhÍ og Jin Xue við NMBU í Noregi.*




**Starf fjármeistara Hvanneyrarbúsins ehf við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) er laust til umsóknar**

Hlutverk Hvanneyrarbúsins er búrekstur í þágu kennslu- og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands. Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn LbhÍ og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast sauðfjárrækt, nautgriparækt, jarðrækt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd. Viðkomandi starfsmaður yrði hluti af teymi LbhÍ sem hefur umsjón með rekstri Hvanneyrarbúsins í samráði við bústjóra. Um fullt starf er að ræða.

HELSTU VERKEFNI

- Umsjón með allri starfsemi á fjárbúinu Hesti
- Umsjón með ræktunarstefnu í samráði við bústjóra, umsjón með lögbundnu hjarðskýrsluhaldi og öðru skýrsluhaldi fyrir rannsóknir og kennslu
- Umsjón með aðbúnaði búfjár og viðhaldi á aðstöðu
- Vélavinna við gegningar, heyskap, jarðrækt og fleira
- Skipulagning og umsjón sauðburðar
- Þátttaka í rannsóknum og mælingum
- Móttaka nemenda, kennara og tilfallandi gesta
- Virk þátttaka í uppbyggingu og innleiðingu nýsköpunar í búrekstri sem og önnur störf er tilheyra búrekstri

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Búfræðimenntun og/eða BS próf í búvísindum eða öðrum landbúnaðarfræðum
- Önnur iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af sauðfjárrækt og vélavinnu
- Sjálfstæð, skipulögð og snyrtileg vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku og ensku

**Umsóknarfrestur er til 24. október 2024**

Gert er ráð fyrir að umsækjandi hefji störf sem fyrst og eigi síðar en 2. janúar 2025. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Nánari upplýsingar veita**

**Guðmunda Smáradóttir**, mannauðs- og gæðastjóri LBHÍ, **gudmunda@lbhi.is**, s. 433 5000
**Egill Gunnarsson**, bústjóri Hvanneyrarbúsins, **egill@lbhi.is**, s. 433 5000

lbhi.is

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT FASTEIGNASALA


Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is


Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Land og skógur

# Vöktun á skógum Íslands

**Íslensk skógarúttekt (ÍSÚ) er samheiti fyrir nokkur verkefni hjá Landi og skógi þar sem meginmarkmiðið er að safna saman á vísindalegan hátt upplýsingum um skóga og skógrækt á Íslandi.**

Sérstakt teymi hjá stofnuninni hefur það hlutverk að hanna og halda úti kerfi þar sem safnað er gögnum um skóg- og kjarrlendi á Íslandi sem stenst vísindalegar kröfur um áreiðanleika og nákvæmni. Úr upplýsingunum sem verkefnahópurinn safnar eru unnin gögn í:

- Árlegt bókhald gróðurhúsalofttegunda varðandi skóg- og kjarrlendi, skógrækt og innlendar viðarafurðir.
- Spá um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna skóg- og kjarrlendis, skógræktar og innlendra viðarafurða sem gerð er annað hvert ár.
- Árleg tölfræði um flatarmál, viðarmagn, lífmassa, kolefnisforða og kolefnisbreytingar á skóg- og kjarrlendi á Íslandi með meiru.
- Tölur í skýrslur FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, um skógarauðlindir jarðarinnar (Global Forest Resources Assessment) og um stöðu skóga Evrópu (State of Europe‘s Forests) sem gefnar eru út fimmta hvert ár.

*Fjögur meginverkefni*

**1. Gagnagrunnur um skóga á Íslandi.** Safnað er saman árlega í landfræðilegan gagnagrunn upplýsingum um staðsetningu og afmörkun nýskógræktar á vegum opinberra stofnana og verkefna ásamt kortlagningu eldri skógræktar. Þessi grunnur er m.a. nýttur til að leggja út mælifleti í Landsskógarúttekt (sjá hér að neðan). Í sérstakri vefsjá um skóglendi á Íslandi, Skóglendisvefsjá, er að finna upplýsingar um bæði ræktaða skóga og náttúrulegt birki.

Þar eru einnig aðgengileg til niðurhals landupplýsingagögn um skóglendi á Íslandi.

**2. Landsskógarúttekt á ræktuðum skógum.** Í Landsskógarúttekt eru lagðir út mælifletir í skógum landsins samkvæmt föstu kerfi. Í ræktuðum skógum er fjarlægð milli mæliflata 0,5 km í austur-vesturstefnu og 1,0 km í norður-suðurstefnu. Hver mæliflötur er heimsóttur á fimm ára fresti og framkvæmdar skógmælingar, mælingar á botngróðri og fleiri athuganir. Þannig er hægt að fylgjast með framþróun skógræktar, þar með talið kolefnisbindingu skóganna. Sérstakar mælingar á sjálfsáningu trjátegunda hafa verið gerðar undanfarin þrjú ár.

**3. Landskógarúttekt á náttúrulegu birki á Íslandi.** Verkefnið er mikilvægur hluti af því að vakta vernd og endurheimt birkiskóga á Íslandi auk þess að vera nauðsynleg upplýsingaöflun vegna kolefnisbókhalds skóga. Mælifletir eru lagðir út á svipaðan hátt og í Landsskógarúttekt á ræktuðum skógum en fjarlægðin milli mæliflata er tvöfalt meiri, þ.e. 1,0 km í austurvestur og 3 km í norður-suður. Hver mæliflötur er heimsóttur á tíu ára fresti og mælingar gerðar. Árið 2021 var lokið við að mæla alla mælifleti í birkiskógum í annað sinn. Þriðja mæling á mæliflötum í birkiskógum hefst árið 2025.

**4. Úrvinnsla jarðvegs- og svarðsýna úr Landsskógarúttekt.** Safnað hefur verið miklu magni af jarðvegs- og svarðsýnum í landsskógarúttektum síðustu ára. Svarðsýnið hefur að geyma gróður og dautt lífrænt efni (kallað sóp) í skógarbotninum ásamt húmus-lagi jarðvegsins. Verið er að vinna úr og meta kolefnisforða í jarðvegi, botngróðri og sópi. Keypt voru ný greiningartæki í samstarfi með Landbúnaðarháskóla Íslands sem nýtt eru til mælinganna. Með sameiningu tveggja eldri stofnana í Land og skóg um síðustu áramót jukust möguleikar til að vinna úr jarðvegssýnum í rannsóknastofum stofnunarinnar í Gunnarsholti og á Mógilsá.

*Önnur verkefni teymis Íslenskrar skógarúttektar (ÍSÚ)*

Auk þess sem áður er nefnt vinnur teymi ÍSÚ einnig að stöðugri þróun úttektanna til að nákvæmni þeirra, hagkvæmni og áreiðanleiki aukist. Notast er við nýjustu tækni hverju sinni, svo sem með fjarkönnun, myndgreiningu og skógmælingum með hjálp gervigreindar.

Teymið skipuleggur og framkvæmir sérstakar úttektir tengdar skógum og skógrækt fyrir þriðja aðila sem þess óskar. Innheimtur er kostnaður fyrir úttektir sem þessar en slík starfsemi skal ekki vera í samkeppni við einkaaðila.

Teymið heldur úti, viðheldur og bætir Skógarkolefnisreikni eftir því sem ný gögn og nýjar rannsóknaniðurstöður gefa tilefni til.

*Arnór Snorrason, stjórnandi Íslenskrar skógarúttektar og Pétur Halldórsson kynningarstjóri.*












# Heilsa og velferð búfjár

## – Af ráðstefnu evrópskra búfjárvísindamanna. Annar hluti.

**Hér held ég áfram að fjalla um erindi á árlegri ráðstefnu Evrópusamtaka búfjárvísindamanna (EAAP) sem var haldin í Flórens á Ítalíu 1. til 5. september síðastliðinn. Í þessari grein verður kastljósinu beint að nokkrum erindum sem fjölluðu á einhvern hátt um heilsu og velferð búfjár.**



**Jón Hjalti Eiríksson.**

Yfirskrift málstofu sem ætluð var öllum gestum ráðstefnunnar var „Endurmat á sambandi okkar við búfé“ þar sem fulltrúum mismunandi sjónarhorna á samband manna og búfjár var boðið að vera með erindi og taka þátt í pallborðsumræðum. Linda Keeling, sérfræðingur í dýravelferð frá Sænska landbúnaðarháskólanum (SLU), fjallaði í sínu erindi um sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvernig þau tengjast velferð búfjár. Í einhverjum tilfellum hafa sjálfbær þróun og velferð búfjár verið talin illa samrýmanleg markmið vegna þess að auknar velferðarkröfur geta dregið úr skilvirkni matvælaframleiðslu. Linda taldi aftur á móti að bætt dýravelferð hlyti að vera hluti af lausninni á vegferð okkar til sjálfbærrar þróunar og hvatti fólk til að sameinast við að vinna á þeim sviðum þar sem bætt dýravelferð og sjálfbær þróun eiga saman.

### *Ekkert búfé 2050?*

Elena Nalon dýralæknir talaði fyrir hönd félagasamtaka um réttindi dýra. Samtök hennar hafa komið að því að tala máli búfjár við Evrópusambandið og stuðla að reglusetningu í þágu þess, svo sem með banni við því að halda varphænur í búrum. Að mati Elenu er í gangi faraldur skertrar dýravelferðar vegna fjölgunar búfjár. Elena kallaði eftir róttækni vísindamanna – þau sem hafa þekkinguna verði að vera óhrædd við að beita sér t.d. hvað varðar framleiðsluaðferðir sem rannsóknarniðurstöður hefðu sýnt að væri skaðlegar fyrir dýravelferð. Sú framtíðarsýn sem samtök Elenu

> Samt sem áður væri þessi sami almenningur með miklar skoðanir um framleiðsluaðferðir sem oft væru ekki á rökum reistar ...

hafa sett fram vakti nokkra athygli á ráðstefnunni. Þau sjá fyrir sér að árið 2050 verði búfé sárafátt og því ekki slátrað til manneldis. Búfé væri aðeins haldið til að skaffa frumur sem væru svo ræktaðar áfram í frumuræktun til að framleiða mat.

Nokkuð annan tón kvað við hjá fulltrúa samtaka sláturhúsa og gripaflutningafyrirtækja, Carolinu Cucurella. Í sínu erindi talaði hún um að velferð búfjár væri líka hagsmunamál iðnaðarins vegna þess að það væri liður í að tryggja gæðavöru og að það þyrfti líka að tryggja velferð framleiðenda, bændanna. Hún lagði áherslu á fræðslu almennings; þekking stórs hluta almennings á því hvernig matur verður til væri mjög lítil. Samt sem áður væri þessi sami almenningur með miklar skoðanir um framleiðsluaðferðir sem oft væru ekki á rökum reistar. Carolina setti spurningarmerki við þá hugmynd að stærri einingar þýddu endilega verri dýravelferð. Til dæmis væri frekar til peningar fyrir dýralæknakostnaði í stærri einingum og frekar hægt að fara í stórar fjárfestingar til að bæta aðstæður dýranna.

Fjórði og síðasti fyrirlesarinn í þessari dýravelferðarmálstofu var Achim Spiller, prófessor í markaðsmálum matar og landbúnaðarafurða við Göttingen-háskólann í Þýskalandi. Hann sagði frá tilraunum til að beita landbúnaðarkerfinu og markaðsaðferðum í Þýskalandi til að stuðla að bættri dýravelferð, bæði því sem hefði gengið vel og því sem ekki hefði tekist að koma í kring. Ítarlega unnar tillögur hafa ekki náð fram að ganga vegna andstöðu stjórnmálaflokka þrátt fyrir að þær njóti stuðnings úr röðum framleiðenda og neytenda.

Líkt og Carolina benti Achim á þann mun sem getur verið á hugmyndum almennings og raunverulegri aðstöðu á búum en samkvæmt könnun í Þýskalandi héldu 36% að algengt væri að varphænur væru í búrum þar í landi, meira en 20 árum eftir að bannað var að hafa hænur í búrum og búrhænuhald lagðist af.



Sauðfjárrækt á Skotlandi glímir við vandamál sem hljómar kunnuglega í eyrum íslenskra sauðfjáráhugamanna – afföll fjár á heiðum. Mynd / jhe

### *Kunnugleg vandamál varðandi velferð sauðfjár í Skotlandi*

Michelle Reeves frá Háskólanum í Edinborg í Skotlandi sagði frá rannsóknum á nokkrum áskorunum er varða velferð sauðfjár og rannsóknum á mögulegum umbótum. Í fyrsta lagi talaði hún um flutning fjár lengri leiðir. Þrátt fyrir bann við flutningum sauðfjár með bílum lengur en í 8 klukkustundir án hvíldar er sláturfé flutt frá skoskum eyjum með ferjum í 10–14 tíma. Atriði sem væri hægt að bæta í slíkum ferðalögum eru aðgangur að drykkjarvatni og minnkuð hávaðamengun. Gelding hrútlamba er enn víða stunduð í sauðfjárræktarlöndum svo sem Bretlandi. Ný tækni við það sem kallast ClipFitter virðist valda minni sársauka við geldingu smálamba en hefðbundnari aðferðir en ekki ef tæknin er notuð á eldri lömb. Enn annað velferðarmál sauðfjár í Bretlandi sem og annars staðar er ormaveikin og Michelle sagði frá tilraunum til að meta ormaveiki og líðan sauðfjár út frá hegðunarupplýsingum sem er safnað með stafrænni tækni.

Sauðfjárrækt á Skotlandi glímir við vandamál sem hljómar kunnuglega í eyrum íslenskra sauðfjáráhugamanna – afföll fjár á heiðum. Í framleiðslukerfi sem byggir á útiveru allt árið og því að féð gengur mikið til sjálfala verða afföll þar sem ástæðan er ekki endilega þekkt. Í Skotlandi er þetta kallað Blackloss. Fiona McAuliffe var með tvö erindi um þetta efni. Annars vegar sagði hún frá spurningakönnun meðal sauðfjárbænda um hvert þeir teldu umfang vandans vera og helstu ástæður. Þær ástæður sem helst er horft til eru sníkjudýr, rándýr, sólarofnæmi og næringarskortur. Niðurstöðurnar sýndu að sauðfjárbændurnir töldu afföllin allt að 17,5%, sem er reyndar lægra en gögn benda til. Seinna erindi Fionu fjallaði um einn orsakavald, sambærilegt við það sem er kallað sólarofnæmi eða álfabruni í íslensku. Niðurstöðurnar benda til þess að hann geti verið áhrifaþáttur þar sem hærra hlutfall dauðra lamba var með einkenni sólarofnæmis heldur en tíðni sjúkdómsins í hjörðinni í heild.

### *Baráttan við sjúkdóma*

Baráttan við sjúkdóma í búfé er stöðugt strit sem snýr bæði að velferð búpenings og skilvirkni framleiðslunnar. Nú sem fyrr voru allmörg erindi sem tengdust þessu efni, meðal annars hvernig hægt er að kynbæta fyrir þoli fyrir ýmsum sjúkdómum. Til dæmis sagði Roel Meyermans frá Belgíu frá rannsóknum á erfðum psoroptic mange, húðsjúkdóms á nautgripum sem orsakast af mítli. Þessi sjúkdómur er algengur í holdanautakyninu vöðvastælta Belgískum bláum. Eins og með svo marga aðra sjúkdóma í búfé er hluti af breytileikanum í næmni gripa fyrir sjúkdómnum tengdur erfðum og því getur einn þáttur í lausninni verið að velja fyrir minnkuðu næmi, t.d. með erfðamengjavali.

Hvernig smitsjúkdómar bregðast við úrvali og hvernig þeir eiginleikar sem hafa áhrif á útbreiðslu þeirra tengjast er rannsóknarefni sem hefur fengið nokkra athygli að undanförnu. Tvö erindi á ráðstefnunni sögðu frá tilraunum á þessu en í báðum tilfellum var horft til aðstæðna í fiskeldi. Annars vegar stór smittilraun í fiskum sem sýndi fram á erfðabreytileika sem tengist líkum á því að fiskar smitist af sjúkdómi annars vegar og hversu líklegir þeir eru til að smita aðra fiska hins vegar. Hvort tveggja reyndist hafa erfðabreytileika og óhagstæða erfðafylgni sín á milli. Annað erindi sagði frá hermirannókn á því hvernig val gegn smitsjúkdómi virkar miðað við mismunandi erfðafylgni á milli þessara undirliggjandi faraldursfræðilegu þátta.

### *Heilsa og velferð búfjár eru stór viðfangsefni*

Mörg önnur erindi komu inn á velferð eða heilsu búfjár á EAAP enda mikilvæg atriði í allri búfjárrækt. Mörg erindanna tengdust tækniframförum við að fylgjast með þessum þáttum, en í næsta blaði verður fjallað um nýjungar í tækni og aðferðum sem fjallað var um á EAAP í ár.

*Höfundur er lektor við LbhÍ.*






Viðurlög við ólöglegum geldingum sauðfjár geta verið stjórnvaldssekt.

# Geldingar lambhrúta

**Athygli sauðfjáreigenda er vakin á því að geldingar leikmanna á öllu búfé eru bannaðar.**



Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir.

Dýralæknar einir mega gelda lambhrúta og önnur dýr og skal það gert í deyfingu og gefið verkjastillandi lyf eftir þörfum. Í reglugerð 1066/2014 segir:

*8. gr. Aðgerðir.*

*Dýralæknum er einum heimilt að afhorna kindur og geitur þannig að fari inn í sló og* ***gelda karldýr.*** *Skylt er að nota deyfingu við þær aðgerðir og nota skal langverkandi verkjalyf þar sem það á við. Matvælastofnun getur krafist upplýsinga um allar aðgerðir sem hafa verið gerðar á sauðfé eða geitfé sem eru á búinu eða koma til slátrunar, þar með talið hornatöku og geldingar.*

Það er eitt af meginverkefnum Matvælastofnunar að fylgjast með að frumframleiðendur, þ.e. dýraeigendur, fari að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru. Eftirlit með geldingum búfjár er eitt þessara verkefna. Þetta eftirlit fer fram á tveimur stöðum, annars vegar í sláturhúsum og hins vegar heima á býli. Í sláturhúsum er athugað hvort innleggjandi hafi sent sauði til slátrunar og þá hver hafi gelt þá. Við eftirlit Matvælastofnunar með sauðfjárbúum er það einnig fastur liður að athuga er hvort á viðkomandi búi séu sauðir og þá hver hafi gelt þá. Viðurlög við ólöglegum geldingum sauðfjár geta verið stjórnvaldssekt.

*Höfundur er sérgreinadýralæknir jórturdýra hjá Matvælastofnun.*




## Sérfræðingur í landfræðilegum gögnum og gagnagrunnum

Land og skógur leitar að öflugu starfsfólki til að vinna að uppbyggingu og vernd gróðurauðlinda á Íslandi með landgræðslu, nýskógrækt og friðun skóga til að efla hagrænan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinning af sjálfbærri landnýtingu. Leitað er að sérfræðingi sem vinnur með landfræðileg gögn og gagnagrunna, auk landfræðilegra greininga.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Vinna við þróun og uppbyggingu á landupplýsingakerfum og ferlum innan LOGS.
- Samþætting/stöðlun gagnasetta Lands og skógar.
- Gæðaeftirlit með gögnum stofnunarinnar ásamt skráningu á ferlum.
- Gagnaskráning og vinnsla.
- Skjölun gagnasetta og ferla.
- Greining á gögnum.
- Tilfallandi verkefni innan landupplýsingateymis.

**Hæfniskröfur**

- B.Sc.-próf sem nýtist í starfi. Meistarapróf er kostur.
- Þekking á uppbyggingu gagnagrunna og gagnagrunnsvinnslu.
- Þekking og færni í notkun ESRI-hugbúnaðar.
- Reynsla af greiningu landfræðilegra gagna.
- Þekking á gagnastöðlum.
- Þekking á afritun og vistun gagna.
- Þekking á skýjalausnum og gagnavistun.
- Gott vald á ensku og íslensku.

Umsækjandi þarf jafnframt að hafa til að bera frumkvæði og geta unnið sjálfstætt, hugsað í lausnum, komið upplýsingum á framfæri á skýran hátt og átt skilvirkt samstarf við samstarfsfólk og stofnanir. Gott er ef viðkomandi hefur þekkingu á fjarkönnun og vinnslu flygildagagna. Nánari upplýsingar um hæfniskröfur má finna á Starfatorgi. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Þetta er fullt starf sem hentar öllum kynjum. Starfið er óstaðbundið.

**Sótt er um starfið á Starfatorgi. Umsóknarfrestur er til 28. október 2024.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Traustason, fagstjóri landupplýsinga:
*Bjorn.Traustason@landogskogur.is – 863 5169*

Land og skógur



Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

***Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is***

Eignatorg





EXIDE rafgeymar

Með tilkomu sífellt flóknari og fjölbreyttari farartækja sem eru búin sérhæfðum rafbúnaði, hefur þörfin fyrir öfluga og trausta rafgeyma aukist.

Skannaðu QR kóðann og finndu rétta rafgeyminn fyrir þitt farartæki

**Fyrirtækjaþjónusta Olís**
Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

Hafðu samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1100 eða pontun@olis.is

olís


Hópmynd af fundarmönnum Finnlandsmegin við landamæri Rússlands.

NORDIC FAMILY FORESTRY


Í elstu sjoppu Finnlands var allt gamalt.

# Norrænu fjölskylduskógarnir

## – Bændasamtökin áttu tvo áheyrnarfulltrúa á fundi í Finnlandi

**Skandinavíuþjóðirnar eiga mikið undir timburiðnaði, mismikið þó. Þessar frændþjóðir okkar halda úti hagsmunasamtökum; Norrænu fjölskylduskógunum (NFS), í frjálslegri þýðingu.**


Hlynur Gauti Sigurðsson.

Þau eru með starfsstöð í Brussel og árlegir aðalfundir eru haldnir með bróðurlegri skiptingu milli landanna. Síðustu ár hafa þau boðið fulltrúum skógarbænda á Íslandi að sitja fundi og kynnast fólkinu og samtökunum.

Rætt hefur verið um hvort íslenskir skógarbændur væru gjaldgengir aðilar að samtökunum. Bæði hefur það verið rætt meðal Íslendinga um hvort það væri mögulegt, æskilegt og hvað það hefði í för með sér. Einnig kemur umræðan reglulega komið upp innan norrænu samtakanna sjálfra og þau gera sér grein fyrir mikilvægi samstöðunnar þrátt fyrir að Ísland komist ekki í hálfkvisti við hinar þjóðirnar

Nú í september síðastliðnum fóru tveir fulltrúar á vegum búgreinadeildar BÍ til Finnlands á aðalfund NFS. Íslensku fulltrúarnir voru Dagbjartur Bjarnason, stjórnarmaður deildarinnar og Hlynur Gauti Sigurðsson starfsmaður. Hér á eftir verður greint frá því helsta sem fór fram í ferðinni, hvernig tengslin styrkjast og hvað fór fram á aðalfundinum í landi jólasveinsins.

Í hópi Norðurlandaþjóða eru Íslendingar yfirleitt fremur bláeygðir í málum timburiðnaðar. Það er ekkert skrítið. Á meðan þær hafa í aldaraðir byggt hús og jafnvel háhýsi út timbri úr þeirra eigin heimaræktuðu skógum hafa Íslendingar lagt megináherslur á ósjálfbæran innflutning steinefna til húsbygginga. Við erum eftirbátar þeirra, um það verður ekki spurt en íslensku sendiboðarnir tveir voru allavega komnir á fundinn til að hlusta og blanda geði.






***Ferðalagið***

Finnska borgin Oulu er við Helsingjabotn, þ.e. nyrsta hluta Eystrasaltsins, og deilir hnattrænni breiddargráðu með Reyðarfirði og Stykkishólmi. Á flugvellinum í Oulu hittust fundarmenn í rjómablíðu, sunnudaginn 8. september, fyrir utan tvo Dani sem höfðu ákveðið að keyra. Það fór reyndar þannig að þau sameinuðust ekki hópnum fyrr en að morgni þriðjudags, sem var hinn eiginlegi fundardagur en líka dagur heimferðar. En allt í góðu. Föruneytið var skipað einum Dana (hann kom með flugi), tveimur Íslendingum, þremur Norðmönnum, fjórum Finnum, sjö Svíum og starfsmanni NFS, Ungverja búsettum í Brussel.

Strax við upphaf ferðar var komin seinkun sem varð þess valdandi að á fyrsta skoðunarstað var ekki farið út úr rútunni heldur einungis horft út um gluggann. Það var áhugaverður barna- og unglingaskóli í smábænum Pudasjarvi þar sem byggingar voru sérstaklega vistvænt hannaðar og skólastarfið tók mið af því. Skólasvæðið er um einn hektari og var byggt fyrir átta árum. Þessi nálgun á námið skilar sér í meiri vellíðan og betri námsárangri. Og talandi um uppbyggjandi leik og starf fyrir krakka þá eru Finnar nýlega búnir að kynna skemmtilegan tölvuleik sem heitir Pocket Forest, gefið út af Koko games.

Á leiðinni á náttstað á hótel Iso-Syöte, mátti víða sjá hreindýr inni í víðfeðmum barrskóginum. Íslendingar furðuðu sig á því hvað lítið væri um hefðbundið landbúnaðarland á þessum slóðum. Það kemur víst til út af rótgrónum búskaparháttum. Leið okkar lá við jaðar Lapplands, ekki langt frá heimili jólasveinsins í Rovaniemi þar sem er fyrst og fremst stundaður hjarðbúskapur með hreindýr. Svo virtist sem hreindýrin nytu þess að spígspora þurrum fótum innan um stæðileg furutrén, en manni sýndist að án trjánna hefði landið verið ein stór mýri.

Við sólarupprás morguninn eftir sáum við döggina læðast yfir viði vaxnar hæðir og spegilslétt vötn allt um kring. Stórfengleg sýn. Að hugsa sér, að svona gæti það litið út alla Skógarströndina við Breiðafjörð.


Við Raate-veginn má finna ýmis ummerki eftir stríðsátök, svo sem skotgrafir.

Að loknu morgunkaffinu var farið á fyrsta skipulagða viðkomustað dagsins; Pölkky Oy sögunarmylluna í sveitarfélaginu Taivalkoski. Vinnsluálmurnar voru risastórar, vélarnar voru tæknilegar og öll gólf voru með ólíkindum þrifaleg. Að jafnaði skilar vinnslan 85 metrum af flettum borðviði á mínútu. Það virtist því sem flokkunin færi fram bæði vélrænt og sjónrænt því vaktmenn fylgdust vel með öllu. Uppistaða hráefnisins var skógarfura 80% og rauðgreni 20%. Vinnslusvæðið er á um 100 hekturum og þjónustusvæðið er í um 150 kílómetra radíus. Til samanburðar er bein lína frá Siglufirði til Víkur í Mýrdal 300 kílómetrar. Í Pölkky starfa 80 manns í allt og unnið er á tveimur vöktum á sólarhring. Þegar eftir því var spurt sagði hæstráðandi að það væri ekkert útilokað að þeir réðu Íslending til starfa yrði eftir því leitað.

Á hótel Kiannon Kuohut í sveitarfélaginu Suomussalmi var næst fyrirlestur frá einu finnsku landshlutabundnu félagi skógarbænda en umfang þess er ögn landminna en Ísland. Síðustu ár hefur starfið gengið þungt og hafa bændur selt jarðir sínar til stórfyrirtækja. Samstöðumátturinn er aftur að koma saman enda mikið í húfi fyrir bændur.

Að lokum var straujað í átt til rússnesku landamæranna með örstuttu túristastoppi hjá elstu sjoppu Finnlands; Jalavan Kauppa, þar sem


Íslensku ferðalangarnir, Hlynur og Dagbjartur, á vinnslusvæði Pölkky-sögunarmyllunnar.



Marko Mäki-Hakola kynnir mögulega aðild Íslendinga að NFS.

skoðaðir voru innanstokksmunir frá gamla tímanum. Ferðinni var heitið að Raate road-safninu, þar sem frægasta orrusta finnska vetrarstríðsins átti sér stað árið 1939. Okkur var boðið upp á kaffi og finnskan kleinuhring (Munkki) þegar við komum. Hvort sem illska Sovétmanna fól í sér óttablendna undirgefni við herra Stalín eða harðræðið foringjans gagnvart þegnunum, þá er stórmerkilegt að fámennt herlið Finna hafi stráfellt óvininn eins og raun bar vitni. Einungis Finnlandsmegin við landamærin er sögu stríðsins haldið á lofti, en ekki minnst á það austan megin. Alger þöggun. Það verður þó ekki þagað um það að hópurinn lét taka mynd af sér skammt frá landamærunum.

### *Fundurinn*

Að morgni þriðjudags hófst formlegur fundur. Þótt NFS kljáist fyrst og fremst við Evrópusambandið eiga þjóðirnar sjálfar við ýmsar grýlur að glíma heima fyrir. Daginn áður höfðu fulltrúar hvers lands haldið stuttan annál í rútunni. Þar var sagt frá helstu verkefnum og áskorunum. Líkt og á Íslandi er hávær umræða um líffjölbreytni, uppkaup lands og viðskiptakerfi með kolefniseiningar. Það er skemmtileg tvíræðni að umræðan um líffjölbreytnina á Norðurlöndum snýr að verndun auðugs skógvistkerfis á meðan nýskógrækt sé ógn við líffjölbreytileika á Íslandi.

Að loknum umræðum um ársreikninga var vikið að öðrum málum fundarins. Á árinu ætla samtökin að skipuleggja herferð sem er ætlað að útskýra gildi Family forest og ætlað að ná til valdhafa í sem víðustum skilningi. Málefni norðurslóða, sama og hreindýrahalds voru sérstaklega rædd á fundinum. Breyttur heimur og menningarmynstur hefur keðjuverkandi áhrif, meðal annars á venjur og þróun skógræktar á svæðinu. Að lokum fóru Finnar yfir það helsta sem hefði áunnist í stjórnartíð þeirra á árinu og færðu loks Dönum að taka við stjórninni fram að næsta fundi að ári. Eitt af þeim verkefnum sem Dönum var falið var að vinna náið með Íslendingum um hvort og þá með hvaða hætti þeir vildu eiga aðild að NFS. Þetta þótti skemmtilegt á fundinum og höfðu Danir orð á því að með þessu yrðu þeir ekki lengur minnsta skógarþjóðin í samtökunum og hlökkuðu til að taka upp frekara samtal.

Störf hagsmunasamtaka skipta máli. Að baki hvers lands í NFS eru félög skógarbænda. Í hverju félagi skógarbænda er fólk sem hefur hag af sterku Norðurlandasamstarfi. Það getur einnig átt við um Ísland. En nú er spurningin hvað lítil deild skógarbænda innan raða BÍ vill gera hvað varðar aðild að NFS.

Myndband úr ferðinni má sjá á Youtube-síðu Bændasamtaka Íslands.

*Höfundur er starfsmaður búgreinadeildar skógarbænda.*









# Eru loftslagsmál bara kostnaður?

**Landbúnaður hefur þá sérstöðu að vera frumframleiðandi, hvort sem um ræðir matvæli, timbur eða önnur hráefni sem ræktuð eru á landi.**


Hilmar Vilberg Gylfason.

Umræðan um loftslagsaðgerðir í landbúnaði þarf að taka mið af þeirri sérstöðu. Í umsögn Bændasamtakanna um nýja og uppfærða aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er lögð höfuðáhersla á að kvaðir, markmið og aðgerðir í loftslagsmálum landbúnaðarins byggi á og taki mið af fæðuöryggi, matvælaöryggi og sjálfbærum rekstri býla. Þessar áherslur tengjast beint skyldum Íslands í alþjóðamálum og stefnumörkun stjórnvalda, svo sem stefnum um matvæli, landbúnað, þjóðaröryggi og byggðaáætlun.

Bændasamtökin horfa þess vegna jákvæðum augum á aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Sú sviðsmynd sem margir aðilar hafa dregið upp af áætluninni um að henni fylgi eintómur kostnaður og enginn ávinningur er ekki í samræmi við mat samtakanna. Flestar aðgerðir í aðgerðaáætlun stjórnvalda sem snúa að landbúnaði hafa jákvæð langtímaáhrif á afkomu og jákvæð efnahagsleg áhrif þó stofnkostnaður geti verið hindrun.

Í umsögn Bændasamtakanna kemur fram að íslenskir bændur eiga í reynslubankanum bæði aðgerðir og útfærslur í stuðningskerfi landbúnaðar með jákvæðum hvötum sem hafa skilað góðum árangri við innleiðingu nýrra aðferða. Öflugt skýrsluhald og ráðgjafarþjónusta í landbúnaði er líklega eitt besta dæmið um innleiðingu á aðferðum sem hafa skilað mikilli þekkingu, framförum og bættri afkomu bænda. Þessar aðgerðir hafa einnig skilað gríðarlegum árangri í loftslagsmálum en frá árinu 2005 hefur náðst tæplega 30% samdráttur á hverja framleidda einingu í íslenskum landbúnaði. Þannig má í reynd fullyrða að með sterkum grunnstoðum og jákvæðum hvötum sé hægt að halda áfram á sömu braut árangurs.

Af því mikið hefur verið talað um umsögn Viðskiptaráðs um aðgerðaáætlunina þá verður að nefna að ráðið lagði það mat á aðgerðir í landbúnaði að nánast engar þeirra hefðu jákvæð áhrif.


Í loftslagsvegvísi landbúnaðarins verður nánar fjallað um einstakar aðgerðir í loftslagsmálum og tengingu þeirra við aðgerðaáætlun stjórnvalda. Mynd / sp

Þetta mat ráðsins byggir á einhverjum misskilningi. Sem dæmi má nefna er innleiðing á umhverfisbókhaldi landbúnaðarins aðgerð sem snýst fyrst og fremst um að nýta þær upplýsingar sem bændur eru þegar að skrá í skýrsluhaldið. Bændur eru alvanir að skrá upplýsingar í skýrsluhaldið og vinna með þau gögn sem bústjórnartæki. Kynbótastarfið byggir sem dæmi á þess háttar vinnu. Umhverfisbókhald, loftslagsbókhald eða hvaða nöfnum sem það er nefnt er í grunninn bara tól til að fylgjast með notkun á aðföngum, afurðasemi á búum og tengslum þessara þátta við kolefnislosun. Samhliða gefa slík tól möguleika á að bændur geti borið sig saman við önnur sambærileg bú og þannig sett sér markmið í sínum rekstri. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að bætt afurðasemi og minni notkun aðfanga er í báðum tilfellum jákvæð stærð í afkomu bænda.

Þessa dagana vinna Bændasamtökin að útgáfu á Loftslagsvegvísi landbúnaðarins þar sem nánar verður fjallað um einstakar aðgerðir í loftslagsmálum og tengingu þeirra við aðgerðaáætlun stjórnvalda. Grunnstefið er að við höldum áfram á sömu braut árangurs, styrkjum grunninn, innleiðum hratt nýjar sannprófaðar aðgerðir og nýtum til þess jákvæða hvata. Með allt þetta að leiðarljósi mun íslenskur landbúnaður vera vel fær um að halda áfram að leggja sitt af mörkum í loftslagsmálum og framleiða loftslagsvænstu afurðir heims.

*Höfundur er sjálfbærnisérfræðingur hjá BÍ.*

Pistill formanns

# Skemmtilegur dagur

**Dagur landbúnaðarins er fram undan, nánar tiltekið á morgun 11. október, og ég er ekki í nokkrum vafa um að hann verður bæði áhugaverður og skemmtilegur.**


Trausti Hjálmarsson.

Það er nefnilega þannig að hvort heldur sem umræðan snýst um hlutverk íslenska landbúnaðarins eða tækifæri hans verður hún bæði framsækin og spennandi. Og þegar athyglin beinist að stöðu landbúnaðarins í dag og afkomu bænda, sem vissulega á enn þá í vök að verjast, skiptir sú staðreynd miklu máli að um þessar mundir þarf enginn að velkjast í vafa um þann vilja stjórnvalda og reyndar þjóðarinnar allrar að festa hann kirfilega í sessi til langrar framtíðar.

> Eitt breytist samt ekki og ávallt er hægt að ganga að því vísu: Fólk þarf að borða ...

**Í tilefni dagsins** er blásið til málþings á Selfossi og kennir þar ýmissa grasa. Vonandi verður umræðan þess eðlis að eftir henni verði tekið og í þeim efnum horfi ég ekki síst til fjölmiðla sem sýnt hafa málefnum okkar mikinn og þakkarverðan áhuga síðustu misserin. Með því að leggja við hlustir á málþinginu geta þeir eflaust fundið sér áhugaverða vinkla til þess að fjalla um í framhaldinu. Á laugardeginum opna síðan nokkrir bændur á Suðurlandi hús sín og bjóða gestum og gangandi bæði að skoða búreksturinn og kaupa afurðir sínar beint frá býli.

**Málþinginu er langt í frá ætlað að vera eintal** um ágæti landbúnaðarins. Við munum t.d. heyra raddir Alþýðusambands Íslands og Samtaka verslunar og þjónustu sem væntanlega munu spegla kröfur neytenda um ásættanlegt vöruverð og heimtingu viðskiptalífsins á viðunandi samkeppnisumhverfi. Að mínu viti eru báðir hóparnir kærkomnir samherjar okkar og þar af leiðandi alls ekki andstæðingar. Bændur hafa að sjálfsögðu engin markmið önnur en að þjóna neytendum sem allra best. Til viðbótar við hagkvæma innanlandsframleiðslu er hluti af því einnig að heyja drengilega samkeppni við innflutning og stöðugt fjölbreyttara fæðuframboð á heilbrigðum grundvelli.

**Íslensk þjóð þarf samt að vera sinn eigin herra** að svo miklu leyti sem unnt er hvað varðar fæðuöryggi sitt. Í þeim efnum skiptir landbúnaðurinn miklu máli og fróðlegt verður að hlýða á nýráðinn framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands, Margréti Ágústu Sigurðardóttur, fjalla um þann þátt á málþinginu. Erindi Arnars Más Elíassonar, forstjóra Byggðastofnunar, verður ábyggilega ekki síður athyglisvert. Stofnunin hefur með aðkomu Evrópska fjárfestingarbankans tryggt sér möguleika til þess að veita allt að 90% lán til kaupa á bújörðum sem auðvitað getur skipt nýliðun í bændastéttinni afar miklu máli.

**Ég er viss um að lífleg umræða** mun skapast um bæði þessi framangreindu mál á þinginu og sömuleiðis t.d. um gullhúðun EES-reglugerða sem Margrét Einarsdóttir, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík, mun fjalla um. Erindi Sveins Margeirssonar, framkvæmdastjóra nýsköpunar og loftslagsmála hjá sjávarútvegsfyrirtækinu Brimi, um tækifærin í endurnýjanlegum auðlindum og upplýsingagjöf um sjálfbæra þróun, verður ábyggilega ekki síður athyglisvert.

**Fjöldi góðra gesta,** sem of langt mál er að telja upp hér, mun svo taka þátt í pallborðsumræðum sem eflaust verða líflegar. Fróðlegt verður svo að fylgjast með sófaspjallinu svokallaða við matvælaráðherra, Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur. Í samskiptum okkar síðustu vikur og mánuði hefur hún bæði sýnt málefnum landbúnaðarins mikinn áhuga og skilning. Við höfum rætt um mikilvægi þess að nýir búvörusamningar muni í senn verða til þess að eggja íslenska bændur til dáða og tryggja neytendum óaðfinnanlegt aðgengi að fyrsta flokks matvælaframboði.

Markmiðin eru metnaðarfull og áskorandi og vonandi mun niðurstaða samningaviðræðnanna endurspegla þennan sameiginlega vilja.

**Íslenskt samfélag er í bílstjórasætinu** þegar umgjörð íslenska landbúnaðarins er annars vegar. Það er sem betur fer sinn eigin gæfu smiður. Við erum vissulega ekki óháð aðstæðum í alþjóðasamfélaginu, stríðsátökum, náttúruhamförum, hlýnun jarðar o.s.frv. Í aðalatriðum ráðum við samt för þegar nýting hinna íslensku náttúruauðlinda okkar, ræktun, framleiðsla matvæla og gæði þeirra er annars vegar. Andhverfa þess að hafa örlögin í sínum eigin höndum sést t.d. í þeim ógnunum sem felast í súrnun og mengun sjávar fyrir auðlindir hinna alþjóðlegu hafsvæða. Þar ráðum við auðvitað engu í stóra dæminu og heldur engu um ógnir í Atlantshafinu eða íslenskri landhelgi. Sjórinn hvorki þekkir né virðir nokkur landamæri.

**Önnur mikilvæg útflutningsverðmæti** okkar Íslendinga eru einnig háð ytri aðstæðum sem við höfum litla sem enga stjórn á sjálf. Tískustraumar ferðamennskunnar geta t.d. eflaust verið fallvaltir enda þótt hreinleiki og fegurð íslenskrar náttúru glati vonandi aldrei aðdráttarafli sínu. En það eru einmitt duttlungar þeirrar sömu móður jarðar, t.d. með eldsumbrotum sínum, sem geta nánast á einni nóttu orðið alvarleg hindrun fyrir móttöku milljóna ferðamanna á hverju ári eða dregið úr kjarki þeirra og áhuga á að sækja heim þessa óútreiknanlegu eyju elds og ísa. Á þessum þáttum höfum við enga stjórn frekar en t.d. hinum miklu sveiflum í heimsmarkaðsverði á áli sem ráða svo miklu um tekjur okkar af raforkuframleiðslunni.

**Eitt breytist samt ekki** og ávallt er hægt að ganga að því vísu: Fólk þarf að borða. Og væntanlega mun það heldur ekki breytast að landsmönnum haldi áfram að fjölga. Til viðbótar munu kröfurnar um gæði matvælanna og heilbrigðan uppruna þeirra verða stöðugt fyrirferðarmeiri. Þar getur íslenskur landbúnaður staðið hnarreistur í fylkingarbrjósti, jafnt hér á heimamarkaði sem annars staðar. Þess vegna verður umræðan á degi landbúnaðarins án efa bæði fróðleg og skemmtileg.

*Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.*




Bændafundir 2024



4. nóvember
Kl. 12:00 - Félagsheimilið Félagslundur, Flóahreppur
Kl. 16:00 - Félagsheimilið Hvoll, Hvolsvelli

5. nóvember
Kl. 12:00 - Flatey á Mýrum
Kl. 20:00 - Barnaskólinn á Eiðum

6. nóvember
Kl. 12:00 - Öxi, Kópaskeri
Kl. 17:00 - Félagsheimilið Breiðamýri, Þingeyjarsveit

7. nóvember
Kl. 12:00 - Hlíðarbær, Akureyri
Kl. 16:00 - Miðgarður, Varmahlíð

8. nóvember
Kl. 12:00 - Félagsheimilið Tjarnarlundur, Búðardalur
Kl. 20:00 - Félagsheimilið Þinghamar, Borgarbyggð

13. nóvember- Vestfirðir
Kl. 12:00 - Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði
Kl. 17:00 - Félagsheimilið Patreksfirði

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



# Afleiðingar ótíðar í júní

## – Mikilvægt að bændur tilkynni tjón fyrir 1. nóvember

**Afleiðingar óveðurs fyrri hluta júnímánaðar og einnig óhemju rigninga í lok júní eru stöðugt að koma betur í ljós.**



Unnsteinn Snorri Snorrason.

Mest eru áhrif þessa veðurfars á Norður- og Austurlandi, en önnur landsvæði urðu einnig fyrir búsifjum. Við bætist síðan að tíðarfar á landinu, sem eftir fylgdi, getur tæpast talist hagfellt og sést það m.a. á því að uppskerustörf hafa dregist langt fram á haustið.

Í júní var ljóst að umfangið væri þess eðlis að það myndi hafa veruleg áhrif á afkomu bænda með margvíslegum hætti. Heybirgðir voru mjög víða í sögulegu lágmarki á sama tíma og verulegt kal blasti við. Í vor var óvanalega mikið frost í jörðu og jarðvegur var því kaldur fram eftir sumri sem tafði verulega jarðvinnslu. Sú endurræktun sem margir snéru sér að þegar loksins var fært um tún gaf ekki þá uppskeru sem til var ætlast og þar sem fé var lengi á túnum hafði það einnig veruleg áhrif á uppskeru. Síðslegin túnin gefa síðan ekki mikla haustbeit sem hefur bein áhrif á vænleika lamba.

Opnað hefur verið skráningarkerfi á Bændatorginu (torg.bondi.is) þar sem bændur eiga að skrá það tjón sem varð af völdum óveðursins í júní eða rekja má til þess. Valmöguleikar til skráninga eru ekki tæmandi en gefa þó mynd af því hvernig megi standa að skráningum.

Hægt er að setja inn viðhengi með nánari skýringum og myndum ef við á og bæta við gögnum eftir á. Bændur eru hvattir til að greina sem skilmerkilegast frá þeim aðstæðum sem þeir hafa þurft að takast á við í kjölfar þessa óveðurs. Einnig er mikilvægt að gera vel grein fyrir afdrifum sauðfjár, nautgripa, hrossa í skýrsluhaldskerfum – þær upplýsingar verða notaðar við úrvinnslu umsókna. Gott er að skrá strax það tjón sem vitað er um. Þegar frekari upplýsingar liggja fyrir t.d. varðandi afurðir og vanhöld á fullorðnum gripum er þeim upplýsingum bætt við umsóknina. Í einhverjum tilfellum eru holdakálfar sem fæddust í júní léttari en vanalega, en hvernig þeir leggja sig kemur jú ekki í ljós fyrr en að ári. Þar sem tjón hefur orðið í útiræktun grænmetis þá eru garðyrkjubændur hvattir til að skila inn gögnum. Sama á við um t.d. þar sem hvassviðrið í júní olli tjóni á ræktarlöndum.

Ekki liggur fyrir hversu miklu fjármagni, frá hinu opinbera, verður varið til að mæta þessum tjónum. Unnið er að að því að ná utan um heildarumfang tjóna og er mikilvægt að bændur skrái allt það tjón sem fyrst. Hægt er að bæta við skráningar í tjónaskýrslur fram að skiladegi.

Skráningarformið á Bændatorginu verður opið til og með 1. nóvember næstkomandi. Hægt er að leita aðstoðar hjá RML við skráningar.

*Höfundur er verkefnastjóri hjá Bændasamtökunum.*









# Íslandsmót í rúningi

**Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu (FSD) hyggst endurvekja Íslandsmeistaramótið í rúningi í tengslum við Haustfagnað félagsins sem er haldinn árlega um veturnætur.**


Steinþór Logi Arnarsson.

Mótið fer einmitt fram fyrsta vetrardag kl. 13, laugardaginn 26. október, í reiðhöllinni í Búðardal. Mótið var haldið síðast árið 2018 þegar Jón Bjarnason frá Skipholti 3 í Hrunamannahreppi bar sigur úr býtum. Var það í ellefta skiptið sem Íslandsmeistari í rúningi var krýndur en mótið hafði þá verið haldið óslitið í Dölunum frá árinu 2008.

Það er okkur sönn ánægja að koma mótinu á laggirnar á ný eftir nokkurra ára hlé. Það stóð til að mótið færi fram 2020 á degi sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu en kórónuveirufaraldurinn kom í veg fyrir það á sínum tíma og mótið fór í smávala. Í millitíðinni hefur komið ný og öflug kynslóð rúningsmanna og -kvenna sem hefur nú tækifæri til að bera saman bækur sínar og keppa á mótinu. Tilgangurinn er jú sá að gera rúningi hátt undir höfði sem eins konar íþrótt, sem krefst mikillar tækni og styrks til að ná góðum árangri. Gæði ullar byggir að miklu leyti á fagmennsku og góðum vinnubrögðum við rúning og því tilvalið um leið að miðla slíku með viðburði sem þessum. Það er feiknagaman að fylgjast með flottum rúningi.

Skráning á mótið fer fram á netfangið steinthor99@gmail.com eða í síma 858-1999 til og með þriðjudagsins 22. október.

Á Haustfagnaði FSD eru einnig lambhrútasýningar og á þeim jafnvel gripir boðnir til sölu, veitt eru verðlaun fyrir góðan árangur í ræktunarstarfinu auk þess sem félagið stendur um þessar mundir fyrir ljósmyndasamkeppni með þemað „Sauðkindin á óvæntum stöðum“. Allt þetta verður hægt að finna í reiðhöllinni í Búðardal fyrsta vetrardag ásamt markaðnum „Matur er mannsins megin“, þar sem matur úr héraðinu verður í fyrirrúmi ásamt handverki. Rúsínan í pylsuendanum er svo sviðaveislan að Laugum í Sælingsdal í samvinnu við Dalahótel. Þar verða á boðstólum svið, reykt og söltuð, með tilheyrandi og góð skemmtun undir stjórn Gísla Einarssonar, auk þess sem Tindatríóið kemur fram og hagyrðingar munu fara um víðan völl.

Sauðfjárbændur í Dölum hlakka því innilega til helgarinnar, sem er sannkölluð uppskeruhátíð og eru öll önnur áhugasöm um sauðfé, rúning, mat og eða mannfögnuði hvött til að mæta og eiga góða stund.

*Höfundur er formaður Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu.*




Hópurinn við fjósið í Gunnbjarnarholti. Myndir / Aðsendar

# Ráðstefna evrópskra frjótækna á Selfossi

**Árið 1981 voru samtök fag- og stéttarfélaga frjótækna í Evrópu stofnuð í Strasbourg í Frakklandi. Samtökin nefnast *Permanent Commission of European Insemination and Animal Breeding Technicians* og eru aðildarlönd samtakanna tólf talsins, en Ísland bættist í hópinn árið 2022.**


Andri Már Sigurðsson.

Samtökin halda ráðstefnu sína á tveggja ára fresti í einu af aðildarlöndunum og dvöldu gestir hennar hér á landi frá 11.–16. september sl. Hafði Frjótæknafélag Íslands veg og vanda af skipulagningu ráðstefnunnar og dagskrá tengda henni. Gestir að þessu sinni voru 36 talsins frá níu löndum; frjótæknar, rekstraraðilar sæðinga, sérfræðingar í fósturvísaflutningum og ráðunautar í kynbótastarfi.


Páll Eggert Ólafsson á Þorvaldseyri leiðir ráðstefnugesti í allan sannleika um búskapinn.

*Ýmsar nýjungar kynntar*

Sjálf ráðstefnan fór fram laugardaginn 15. september sl. á Hótel Selfossi. Þar kynnti hvert land stöðu á gangi mála þegar kemur að þróun sæðingastarfsemi og ræktunarstarfi. Einnig var farið yfir menntunarmál, kjaramál og kynntar ýmsar nýjungar. Af nýjungum má nefna að FABA í Finnlandi kynnti nýja tækni í notkun hitamyndavéla til að greina vandamál varðandi klaufhirðu kúa áður en þau vandamál verða sýnileg. Viking Genetics kynnti nýja tækni sem kallast CFIT (*e. Cattle Feed Intake Technology*), en þar er notast við þrívíddarmyndavélar og gervigreind til að bera kennsl á kýrnar, meta þyngd og holdastig einstakra gripa, ásamt því að mæla hversu mikið þær éta. Greiningar bera kennsl á hversu skilvirkar kýr eru í að breyta fóðri í mjólk og eru grundvöllur að kynbótaeinkunn fyrir eiginleikann (*e. Saved Feed Index*); því hærri einkunn þeim mun skilvirkari er kýrin að breyta fóðri í afurðir og þar með hagkvæmari í framleiðslu. Fyrirtækið IMV, sem framleiðir margs konar búnað og rekstrarvörur fyrir sæðingar, kynnti sæðingatækið AlphaVision sem útbúið er myndavél og gæti komið að góðu gagni við verklega kennslu í kúasæðingum. Fulltrúi Íslands var með kynningu á sæðingaappi sem er í þróun í samstarfi Búnaðarsambandanna, RML og finnska fyrirtækisins MTech og er það nú í prófun hjá frjótæknum hér á landi. Það hefur hlotið nafnið FANG. Vonir standa til að appið komi að mestu til með að taka við af símsvörum og símatímum í framtíðinni. Í appinu koma bændur til með að panta sæðingar og aðra þjónustu frjótækna. Frjótæknar skrá sæðingarnar og fangskoðanir jafnóðum í gegnum appið eftir að verki lýkur á hverjum bæ, jafnframt sem möguleiki er að senda bændum smáskilaboð í upphafi dags um hvenær frjótæknirinn er væntanlegur heim á bæ þann daginn.

*Góðar móttökur hvarvetna*

Auk þess faglega var farið með með hópinn vítt og breitt um Suðurland. Skoðaðar voru helstu perlur íslenskrar náttúru, þar á meðal Gullfoss, Geysir, Seljalandsfoss og Skógafoss. Einnig var farið í kynningu á starfsemi MS á Selfossi ásamt góðum heimsóknum á mektarbýlin Gunnbjarnarholt og Þorvaldseyri. Alls staðar var mjög vel tekið á móti hópnum og fékk hann góða kynningu á starfsemi þessara aðila. Einnig bauð Kynbótastöð Suðurlands hópnum í mat að Stóra-Ármóti, þar sem Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur hjá RML, mætti með góða kynningu á íslenska kúastofninum ásamt gangi mála í mjólkurframleiðslunni á Íslandi.

*Íslenska náttúran gleður*

Ráðstefnugestir voru einróma um að Íslandsferðin hefði heppnast einstaklega vel og verið fróðleg og skemmtileg. Erlend tengsl af þessu tagi eru faglegur styrkur fyrir innlenda frjótækna, auk þess að víkka sjóndeildarhring stéttarinnar. Bændur og fyrirtæki sem tóku á móti hópnum fá miklar þakkir fyrir þeirra framlag, sem og styrktaraðilar ráðstefnunnar, sem eru Nautastöðin á Hesti, Búnaðarsamband Suðurlands, Búnaðarsamband Eyjafjarðar og Auðhumla svf. en án þeirra myndarlega framlags hefði þessi viðburður vart orðið að veruleika. Næsta ráðstefna samtakanna verður svo haldin í Þýskalandi árið 2026.

*Höfundur er formaður Félags frjótækna.*




# Arfgerðargreindir gripir standast ekki villupróf

**Mikill gangur hefur verið í arfgerðargreiningum í sauðfé frá áramótum.**


Guðrún Eik Skúladóttir.

Borið hefur á því að gripir sem hafa verið arfgerðargreindir fái ekki flagg, sem segði til um niðurstöðu greiningarinnar um næmi gegn riðusmiti, heldur fái hvítt spurningarmerki á svörtum grunni inn í skýrsluhaldið.



Guðrún Eik Skúladóttir, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), segir að ástæðan sé að gripirnir standist ekki villupróf og oftast sé skýringin sú að niðurstaðan úr greiningunni passi ekki við niðurstöður foreldra.

### *Um 65 þúsund sýni greind á þessu ári*

Guðrún segir að önnur ástæða gæti verið mistök í skráningu eða sýnatöku og sýni víxlist á milli gripa. Íslensk erfðagreining hafi greint mikinn fjölda sýna á þessu ári, um 65 þúsund, og það skýri kannski það að fleiri gripir hafi ekki staðist þetta villupróf að undanförnu. „Við höfum metið að hlutfall þeirra gripa sem komast ekki í gegnum villuprófið nú sé um 0,5 prósent.

Í ljósi þess að talið er að ætternisfærslur séu ranglega skráðar í um fimm til sex prósenta tilfella má búast við að hlutfall gripa sem komast ekki í gegnum villuprófið fari vaxandi,“ segir Guðrún.

### *Villurnar koma í ljós í annarri umferð*

„Villurnar koma ekki fram í fyrstu umferð, þegar foreldrarnir eru greindir, þannig að það er ekki fyrr en í annarri umferð þegar afkvæmið er greint sem ljóst er að ætternisfærslurnar eru ekki réttar. Í þeim tilvikum er annað hvort ætternisfærslur foreldra eða afkvæmis ranglega skráðar,“ heldur Guðrún áfram.

Hún mælir með því fyrir bændur sem lenda í þessu að byrja á að skoða ættartré og arfgerðargreiningu gripsins. Æskilegt sé að taka aftur sýni úr gripum sem fá þessa niðurstöðu, en þó verði að meta hvern grip fyrir sig. Stundum geti villan til að mynda legið hjá foreldri, en ekki afkvæmi.

Guðrún segir að gripir geti einnig fengið spurningarmerki í stað flaggs ef til eru tvær greiningar á gripnum og þeim beri ekki saman. Í þeim tilvikum þurfi að óvirkja sýnið sem er rangt greint og geti ráðunautar RML aðstoðað við það.

Hún bendir á að hægt sé að senda inn fyrirspurnir vegna arfgerðargreininganna á netfangið dna@rmlis. /smh
















Samfélag:

# Harðindi til lands og sjávar

## – Staðan tekin á bændum og búaliði um 1700



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

**Í nýrri bók: Ástand Íslands um 1700, lífshættir í bændasamfélagi, er fjallað um bændur og býlin í landinu, byggð og ólík búsetusvæði, félagshópa og stéttir í gamla bændasamfélaginu. Sögufélag gefur út.**

Ástand Íslands um 1700, lífshættir í bændasamfélagi er safn ellefu greina eftir sjö höfunda og fjallar um ástand lands og þjóðar við upphaf 18. aldar frá ýmsum hliðum. Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, ritstýrði verkinu.

„Þetta er eins konar ástandsskoðun,“ útskýrir Guðmundur. „Mikilvægir þættir samfélagsins eru skoðaðir í miklum smáatriðum. Við gerum það af því að við höfum alveg einstök gögn að byggja á og getum farið inn á hvern bæ, hvert heimili og heilsað upp á hvern mann,“ segir hann.




**Búsvæðaskiptingin er byggð á manntali og kvikfjártali 1703 og jarðabókinni 1702–1714.**
*Úr Ástand Íslands um 1700. Lífshættir í bændasamfélagi, Byggð og búsvæði, bls. 164.*

### *Umboð til samfélagsskoðunar*

Bókin byggist mest á manntali frá árinu 1703, jarðabók frá 1702–14 og kvikfjártali 1703.

„Þessar þrjár umfangsmiklu heimildir samþættum við með því að setja þær í gagnagrunn,“ segir Guðmundur. Þessar einstæðu heimildir séu til af því að í kjölfar langvarandi harðinda á Íslandi hafi Danakonungur, Friðrik IV, stofnað sérstaka rannsóknarnefnd.

„Í hana voru skipaðir Árni Magnússon, prófessor og handritasafnari, og Páll Jónsson Vídalín, stórbóndi í Víðidalstungum, mikill valdsmaður og einn helsti lögspekingur Íslands á þessum tíma. Þeir voru vinir, gamlir skólafélagar, og mjög gagnrýnir á margt sem aflaga fór í samfélaginu. Þeir fengu langt erindisbréf frá konungi þar sem þeir voru beðnir um að afla upplýsinga um ástand Íslands og jafnframt að kanna hvað aflaga hafði farið í stjórn landsins og verslun. Þeir höfðu því geysilega víðtækt umboð konungs til að kanna margar hliðar samfélagsins,“ segir hann jafnframt.

### *Ómagar, þurfamenn og flakkarar*

„Við byrjum á að lýsa harðindunum, hvað olli þeim og hvaða afleiðingar þær höfðu á mannfólkið,“ heldur Guðmundur áfram. „Þá er breið lýsing á efnahagslegu og félagslegu umhverfi bænda og búaliðs. Svo er mannfólkinu lýst með hjálp manntalsins, hversu margir landsmenn voru og hvernig samsetning íbúanna var. Þar tökum við meðal annars eftir því að mjög fátt er um ung börn og gamalt fólk. Slík aldurssamsetning segir að þarna hafi gengið eitthvað mikið á, af því að börnin og gamalmennin falla í harðindum, það er segin saga.“

Ýmsar athuganir aðrar eru gerðar, svo sem á stærð og gerð heimila og fjallað um þann gríðarlega ómagafjölda sem var á þessum tíma í landinu. Hefur hann aldrei mælst eins mikill. Þannig voru 14–15% allra landsmanna ómagar, þurfamenn eða flakkarar.

### *Allt að 20 hjáleigur á býli*

Samfellt kuldaskeið var á Íslandi á árabilinu 1696 til 1702 og árin á undan höfðu einnig verið erfið, allt frá 1686. Sigríður Jörundsdóttir lýsir þessu mikla kuldaskeiði í einum kafla bókarinnar en það var ekki aðeins á Íslandi heldur einnig í norðanverðri Evrópu.

Auk þess lækkaði sjávarhiti þannig að fiskur fór frá landinu og mikið fiskileysi varð suðvestan- og vestanlands. Afleiðingum harðindanna er lýst nokkuð nákvæmlega en þær birtust í ýmsum myndum, skepnufelli, bjargarskorti og mannfelli af völdum hungurs. Fólksflótti var frá harðbýlum svæðum norðan- og austanlands til Suður- og Vesturlands sem leiddi víða til byggðaeyðingar. Yfir 500 býli fóru í eyði, langmest hjáleigur.




Þá taka við nokkrir kaflar um ólík búsvæði á landinu, jörðum og býlum er lýst og eignarhaldi þeirra. Sérstakur kafli er um höfuðbólin.

„Á þessum tíma voru býlin miklu fjölbreyttari að stærð og gerð en í dag og efnalegur munur á bændum miklu meiri,“ segir Guðmundur. „Við könnuðum meðal annars fjölda ábúenda á hverju lögbýli og fundum út að á meira en fjórðungi þeirra var margbýlt, mest í Ísafjarðarsýslu. Þá voru hjáleigur á fjórðungi jarða og var langhæsta hlutfallið í Gullbringusýslu. Oftast voru þær ein eða tvær á býli en á Stokkseyri voru þær 19 að tölu.“



Guðmundur Jónsson. Mynd / sá

### *89 prósent eignalaus*

Höfundar skoðuðu einnig stærð jarða eftir verðmæti þeirra og hvernig þær dreifðust yfir allt landið. Um fimmtungur jarða var tíu kýrverð eða minna að verðmæti og ef hjáleigubændum er bætt við þann hóp þá voru smábændurnir um 40% allra bænda.

„Við könnuðum eignadreifinguna, hverjir áttu hvað. Við bjuggum til lista með nöfnum 1% ríkustu landeigendanna, 13 manns, og greinum frá eignum þeirra, stöðu og ættartengslum. Brynjólfur Thorlacius á Hlíðarenda í Fljótshlíð trónir þar á toppnum.

Síðan sýnum við eignadreifinguna almennt í samfélaginu. Þá kemur í ljós að 89% búandi manna eiga ekkert






**Örlygur Atli Guðmundsson, stjórnandi Karlakórs Hveragerðis (t.v.) og Sigurður Birgir Sæmundsson, formaður kórsins.** Mynd / Aðsend

# Hressir karlar í Hveragerði

**Það er mikið um að vera hjá Karlakór Hveragerðis um þessar mundir því kórinn mun standa fyrir hausttónleikum í Hveragerðiskirkju laugardaginn 19. október klukkan 16.**

Jónas Sig. mun koma fram með kórnum. Tveimur dögum eftir tónleikana munu kórfélagar og makar fara í söngferðalag til Ítalíu.

Kórinn er nú á sínu áttunda starfsári en að jafnaði syngja á milli 35 og 40 karlar með kórnum á öllum aldri. Örlygur Atli Guðmundsson hefur verið stjórnandi kórsins frá upphafi og hefur honum tekist einstaklega vel að skapa skemmtilega stemningu í kórnum með hressilegum lögum þar sem leikrænir tilburðir kórfélaga koma oft við sögu við mikla hrifningu tónleikagesta. Jólatónleikar eru fyrirhugaðir í Hveragerðiskirkju þann 7. desember þar sem kórinn mun koma við sögu ásamt fleira tónlistarfólki úr Hveragerði. Einnig stefnir kórinn á að standa fyrir hagyrðingakvöldi 18. janúar næstkomandi svo eitthvað sé nefnt.

Nýir félagar eru alltaf velkomnir í kórinn en kórinn er með Facebook-síðu þar sem hægt er að forvitnast um kórinn og senda skilaboð ef svo ber undir. En nú eru það hausttónleikarnir 19. október, eitthvað sem enginn má missa af þegar gleði og söngur er annars vegar.

*Sigurður Birgir Sæmundsson, formaður Karlakórs Hveragerðis.*

en 11% eiga allar jarðirnar. Þetta er mjög mikil eignasamþjöppun, bæði miðað við Ísland í dag en líka önnur lönd á þessum tíma,“ segir hann.

***Þéttbýlissvæði allvíða***

Guðmundur segir ýmislegt hafa komið á óvart eftir því sem línur skýrðust á vinnslutíma bókarinnar. Til dæmis hin gríðarmikla samþjöppun eigna. Einnig að þéttbýli hafi verið talsvert á Íslandi á þessum tíma.

„Við ímyndum okkur að Ísland í gamla daga, í bændasamfélaginu svokallaða, hafi almenna reglan verið dreifð byggð stakra býla. En í ljós kemur að allmörg svæði voru þéttbýl, aðallega vestanlands. Á Snæfellsnesi var stærsta þéttbýlið á landinu, þar voru hátt í 500 manns búsett á nokkrum lögbýlum á Hellissandi og Rifi. Einnig var þéttbýlt á Stapa og fleiri jörðum þar um slóðir og sömuleiðis á Seltjarnarnesi. Það voru þannig nokkrir staðir á landinu þar sem fólk skipti hundruðum. Íslendingar hafa þó ekki kallað þessi þéttbýli bæi af því að þetta er allt innan lögbýla, heldur fremur hverfi,“ segir hann enn fremur.

***Konur áttu 36% prósent jarðeigna***

Þá hafi verið forvitnilegt að sjá stöðu kvenna varðandi eignir. Konur hafi yfirleitt ekki staðið fyrir búi nema þær væru ekkjur eða ógiftar. Aðeins 11% kvenna hafi verið húsráðendur en engu að síður hafi konur átt talsverðar eignir. Erfðalög voru á þann veg að synir erfðu tvo þriðju en dætur þriðjung.

„Konur áttu um 36% allra jarðeigna. Þær sem voru efnum búnar létu eiginmanninn um fjársýslu búsins og forsvar. Konan hafði ekki fjárræði og ákvæði voru um hversu hún mátti eyða miklu af eignum búsins á ári. Kona gat þannig átt eignir en ekki ráðstafað þeim að vild,“ útskýrir Guðmundur.





***Einstakt á alþjóðavísu***

Um það hvort einhverjir fyrri alda hafi verið kortlagðar á sambærilegan hátt segir Guðmundur svo ekki vera og kveður verkefnið einstakt.

„Þetta er einstakt og er bókin ein nákvæmasta lýsing sem gerð hefur verið á lífsháttum í gamla bændasamfélaginu fyrir tíma þjóðfélagsbreytinganna á 19. og 20. öldinni. Ég held að margar þjóðir myndu öfunda okkur af þessum upplýsingum. Við höfum nákvæmari upplýsingar um svo marga hluti í samfélaginu sem ekki eru fyrir hendi frá þessum tíma í nálægum löndum. Til dæmis var ekki tekið manntal í Danmörku fyrr en í 1769, en það var ekki með nöfnum,“ segir hann.

***Flókið og yfirgripsmikið***

Guðmundur segir þetta flóknasta sagnfræðiverkefni sem hann hafi unnið að um sína daga. Það kostaði mikla yfirlegu að smíða gagnagrunninn en einnig að tengja á milli manntalsins og jarðabókanna. Óskar Guðlaugsson og Ólöf Garðarsdóttir eiga mestan heiðurinn af því.

Kvikfjártalið sé líka einstakt, að hafa skrá yfir allar skepnur á bújörðum og þar er jafnvel ástandi dýranna lýst. Um 37% kvikfjárskýrslna hafa ekki varðveist og eru jarðabók Múlasýslna og Skaftafellssýslna glataðar, eyðilögðust líklega í brunanum mikla í Kaupmannahöfn 1728 þegar nokkur hluti af safni Árna Magnússonar brann. Höfundarnir höfðu þó sínar aðferðir til að afla gagna úr öðrum áttum til að fylla í eyðurnar.

Mörg mannár liggja að baki bókinni. Sjö hafa unnið að þessu viðamikla verkefni sem staðið hefur með hléum frá árinu 2017. Eru það, auk Guðmundar, Sigríðar, Óskars og Ólafar, þau Árni D. Júlíusson, Björgvin Sigurðsson og Ingibjörg Jónsdóttir. Myndaritstjóri er Inga Lára Baldvinsdóttir. Útgefandi er sem fyrr segir Sögufélag. Bókin er 440 bls.

## 1703.is

Útbúinn hefur verið vefur sem ber heitið 1703.is og var opnaður seint í september. „Vefurinn er öllum opinn núna en er enn í vinnslu. Hver og einn getur opnað þennan vef og flett upp í honum Jóni og Gunnu árið 1703, hvar þau eru og hversu margir eru á heimilinu, hversu margar skepnur, hver dýrleiki bæjarins er og svo framvegis. Í vefnum er kortasjá þar sem sjá má öll lögbýli í landinu árið 1703. Við vonum að sem flestir skoði og njóti. Vonandi kviknar áhugi einhverra á að skoða sína sögu og heimaslóðir, forfeður og formæður. Síðan er í framtíðinni áformað að tengja yngri manntöl og jafnvel jarðatöl við þennan stóra gagnagrunn þannig að við höfum ekki bara einn punkt í sögunni heldur getum skoðað þróunina í tíma,“ segir Guðmundur Jónsson.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is












## Hannyrðir:

# Peysan Fis

**Létta, lipra peysan sem göngugarpar elska að skella í bakpokann.**



**Stærð:** A (minni)/B (stærri) Efni: Hörpugull (handlitaður einfaldur Þingborgarlopi) 200 gr. / 250 gr. Prjónafesta: 15 lykkjur x 20 umferðir með sléttu prjóni = 10x10 cm á prjóna nr. 6.

**Prjónar:** Sokkaprjónar nr. 4.5 og 6, hringprjónar nr. 4.5 og 6 (60-80cm).

**Bolur**: Fitjið upp 124/136 lykkjur á hringprjón nr. 4.5. Tengið í hring og prjónið perluprjón 10 umferðir. Skiptið yfir á hringprjón nr. 6 og prjónið slétt þar til bolur mælist 44/48 cm (mælið viðkomandi og metið bolsídd).

**Ermar**: Fitjið upp 36/40 lykkjur á sokkaprjóna nr. 4.5. Tengið í hring og prjónið perluprjón 10 umferðir. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 6 og prjónið slétt. Aukið út um tvær lykkjur undir miðri hendi (1 l eftir fyrstu lykkju og 1 l fyrir síðustu lykkju í umferð). Endurtakið aukningu með 10 umf. millibili, 8 sinnum þar til lykkjurnar eru orðnar 52/56. Skiptið yfir á stuttan hringprjón nr. 6 um ca miðja ermi. Prjónið þar til ermi mælist 46/50 cm (mælið viðkomandi og metið ermasídd). Gerið seinni ermi eins.

**Axlastykki:** Sameinið bol og ermar á lengri hringprjón nr. 6. Setjið prjónamerki þar sem ermi og bolur sameinast (þ.e. 4 merki), setjið 4 síðustu lykkjur og 4 fyrstu lykkjur á báðum ermum á prjónanælu. Setjið 8 l af bol á prjónanælu, þar sem umferð byrjar vinstra megin á bol. Prjónið fyrri ermina við bolinn 44/48 lykkjur, prjónið næstu 54/60 lykkjur af bol og setjið næstu 8 l á prjónanælu. Prjónið seinni ermina við. Prjónið síðan 54/60 lykkjur af bol, þá eru 196/216 lykkjur á prjóninum.

**Úrtaka:** Laskaúrtaka:Tekið er úr á fjórum stöðum, alltaf þar sem bolur og ermi mætast. 1.umf.: Prjónið þar til 3 l eru eftir að prjónamerki, prjónið 2 l slétt saman, 2 l slétt, prjónamerki situr mitt á milli þessa tveggja lykkja. Lyftið 1 l af prjóni eins og prjóna eigi slétt, 1 l slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir. Endurtakið við öll hin prjónamerkin sem eftir eru (= 8 lykkjur færri). 2. og 3. umf.: Prjónað slétt yfir allar lykkjur. Þessar þrjár umferðir eru endurteknar þar til 76/80 lykkjur eru eftir á prjóninum (notið styttri hringprjón þegar lykkjum fækkar). Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 4.5 og prjónið perluprjón 10 umf. Fellið laust af. Gangið frá endum og þvoið í volgu sápuvatni og leggið á handklæði til þerris.

***Hönnun: Harpa Ólafsdóttir***
***horpugull@gmail.com***



Héraðsskjalaverðirnir Stefán Bogi Sveinsson, Hrafn Sveinbjarnarson og Svanhildur Bogadóttir en þau tvö síðarnefndu voru útnefnd heiðursfélagar Félags héraðsskjalavarða á dögunum. Mynd / Aðsend

# Héraðsskjalaverðir heiðraðir

**Félag héraðsskjalavarða á Íslandi útnefndi Svanhildi Bogadóttur, fyrrverandi borgarskjalavörð og Hrafn Sveinbjarnarson, fráfarandi héraðsskjalavörð í Kópavogi, heiðursfélaga á haustráðstefnu félagsins.**

Á ráðstefnunni, sem haldin var í Skálholti, komu saman héraðsskjalaverðir og annað starfsfólk héraðsskjalasafna víðs vegar að af landinu.

Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að Svanhildur hafi verið borgarskjalavörður í 36 ár en starf hennar var lagt niður í kjölfar ákvörðunar Reykjavíkurborgar að loka Borgarskjalasafninu. Hrafn Sveinbjarnarson lætur af sömu ástæðu af starfi héraðsskjalavarðar í Kópavogi á næstunni eftir sautján ára starf. Stefán Bogi Sveinsson, héraðsskjalavörður Austfirðinga, tilkynnti um útnefninguna. */ mhh*

## Flóahreppur:

# Undirliggjandi minni

**Kvikmyndaverk byggt á æskuminningum þriggja einstaklinga sem ólust upp í Flóahreppi er sýnd þessa dagana í félagsheimilinu Félagslundi. Verkið „Undirliggjandi minni“ er eftir Ólaf Svein Gíslason.**

Einstaklingarnir þrír sem eru í aðalhlutverki eru þau Guðjón Helgi Ólafsson frá Ásgarði, Anný Ingimarsdóttir frá Vorsabæjarhjáleigu og Kristjana Ársól Stefánsdóttir. Þau leika einnig í kvikmyndinni ásamt börnum sem tengjast þeim. Myndin er byggð á æskuminningum þeirra þriggja en bernskuminningar liggja oft á mörkum þess óméðvitaða en ekki er alltaf ljóst hvað er frásögn annarra og hvað er eigin upplifun, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

„Minningar þátttakendanna tengjast á áhugaverðan hátt í fjósum tímans um og eftir 1970, þar sem miklar breytingar áttu sér stað í búskaparháttum. Upplifanir af bústörfum og heimilisfólki, kúm, fjósaköttum og músum vega þungt í huga barnanna Þannig er fjósið ákveðin þungamiðja verksins og var að hluta kvikmyndað í fjósinu í Gaulverjabæ. Kvikmyndin er jafnframt tekin upp utandyra, á stöðum sem tengjast eigin minningum þátttakenda, á heimabæjum og oftast við aðstæður þar sem hús, munir og fólk er horfið af vettvangi þess viðfangsefnis sem fjallað er um,“ segir í tilkynningunni.

Verkið verður sýnt daglega í Félagslundi til 20. október kl. 15–19 og eftir samkomulagi. */hf*



Úr kvikmyndaverki Ólafs Sveins Gíslasonar, „Undirliggjandi minni“.








Birgir Steinn Birgisson innan um Októberstjörnurnar en hluti af ágóða sölu hennar rennur til Krabbameinsfélagsins. Myndir / ghp

# Fjögur þúsund Októberstjörnur

**Bleikur er orðinn einn einkennislitur október, þökk sé Bleiku slaufunni, árlegu árvekni- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélagsins, tileinkað baráttunni gegn krabbameini hjá konum.**



Fjórða árið í röð hefur Birgir Steinn Birgisson hjá Garðyrkjustöðinni Ficus í Hveragerði framleitt Októberstjörnuna en hluti ágóða af sölu hennar rennur til Krabbameinsfélagsins.

Í febrúar fékk Birgir útgefið einkaleyfi á notkun orðsins Októberstjarnan. Heitið notar hann um fagurbleikt yrki jólastjörnu ´J´Adore Pink´sem blómstrar í október. Framleiðsla blómsins hefur vaxið ár frá ári síðan Birgir tók upp á framleiðslu þess árið 2020. Í ár framleiðir hann rúmlega 4.000 Októberstjörnur sem verða fáanlegar nú í október í ýmsum verslunum um land allt. Tíu prósent af söluandvirði Októberstjörnunnar mun renna til Krabbameinsfélagsins. */ghp*




# Fjórir snillingar

**Út er komin önnur bókin í ritröðinni Sagnaþættir úr Borgarfirði.**

Fjórir snillingar er heiti bókar sem Helgi Bjarnason blaðamaður hefur tekið saman og gefur nú út en hún er önnur í ritröð sem nefnd er Sagnaþættir úr Borgarfirði.




Í fréttatilkynningu segir að bókin hafi að geyma persónuþætti þar sem sagt sé frá ævi og störfum nokkurra áhugaverðra einstaklinga sem settu svip sinn á samfélagið í Borgarfirði á ýmsum tímum. Fjallað er um tvo bændahöfðingja sem stóðu framarlega í helstu framfaramálum héraðsbúa á fyrri hluta 20. aldarinnar og tvö skáld sem Helgi telur vert að lyfta upp á sjónarsviðið, annað átti sitt blómaskeið fyrir aldamótin 1900 og hitt um aldamótin 1600. Allt hafi þetta verið yfirburðamenn, hver á sínu sviði. Þeir karlar sem eru í aðalhlutverkum í bókinni eru Davíð Þorsteinsson, stórbóndi á Arnbjargarlæk, Kristján F. Björnsson, bóndi og byggingarmeistari á Steinum, Sigurður Eiríksson, afkastamikið skáld og þýðandi og Bjarni skáldi, eða Bjarni Borgfirðingaskáld.

Bókin er fáanleg hjá höfundi. */sá*



Vélabásinn:

# Alveg eins og sportbíll

## – Prufuakstur á Hyundai Ioniq 6



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Bændablaðið fékk til prufu Hyundai Ioniq 6 sem er stór rafknúinn fólksbíll með afgerandi útlit.**

Hér er á ferðinni ökutæki sem er afar sportlegt á að líta. Þegar horft er á bílinn fyrst að framan gætu sumir þurft smátíma til að ákveða sig hvort þeim finnist bíllinn lúðalegur eða töff, en ekki er víst hvort framljósin höfði til allra. Undirritaður tók hann í sátt eftir nokkurra daga notkun.

Frá hlið sést hversu langur bíllinn er. Formið er jafnframt mjög einkennandi og minnir að vissu leyti á hvernig hugmyndabílar framtíðarinnar voru í huga hönnuða um miðja síðustu öld. Þökk sé afturljósinu sem nær yfir allan afturendann, hinu aflíðandi þaki og tveimur vindskeiðum er skiljanlegt ef einhverjir halda að þessi kóreski fjölskyldubíll sé í raun sportbíll frá Þýskalandi eða Ítalíu.



Hyundai Ioniq 6 er kóreskur fjölskyldubíll með mikið rými fyrir farþega miðað við hversu sportlegur hann er í útliti. Þetta er vel útbúið og vandað ökutæki sem stenst ágætlega samanburð. Myndir / ál



Aflíðandi þak, tvö vindskeið og áberandi ljós.



Innréttingin er dökk en vönduð.



Skottið er stórt en hlerinn er lítill.

### *Klassísk innrétting*

Innréttingin í þessum bíl er öll meira og minna svört eða í dökkgráum tónum. Misjafnt er hvort efnin eru mjúk eða stíf, en áferðin er yfirleitt áhugaverð. Hönnunin er mjög klassísk að því leyti að hér eru öll stjórntæki og takkar til staðar, eins og til að eiga við hljóðstyrk í útvarpi eða stilla hitann.

Stýrið er með hnappa fyrir útvarp, hraðastilli og akstursstillingu. Á bak við stýrishjólið eru tveir flipar til að auka eða minnka ákefð mótorbremsunnar. Þá eru stangirnar fyrir ljós og rúðuþurrkurnar á sínum stað og rétt hjá þeim gírstöngin.

Stýrikerfið í snertiskjánum er nokkuð viðamikið en aðgengilegt þannig að flestir ættu að ná tökum á því hratt og örugglega. Neðan við skjáinn eru flýtihnappar fyrir hinar og þessar valmyndir í snertiskjánum.

Eins og með stóran hluta nýrra bíla í dag gefur þessi frá sér píp þegar ekið er yfir hámarkshraða. Hægt er að slökkva á þessu væli, en til þess þarf alltaf að fara í gegnum nokkur skref í snertiskjánum í hvert skipti sem ökutækið er ræst.

Á milli sætanna eru tveir glasahaldarar og þar undir í gólfhæð er rúmgott geymslutrog þar sem er til að mynda hægt að geyma húfur, vettlinga og innkaupapoka. Aftast í miðjustokknum er lokað hólf. Hanskahólfið er dregið út á svipaðan hátt og eldhússkúffa og er rúmgott. Hurðavasarnir eru ekkert sérlega breiðir, en eru með smádæld svo hægt sé að koma fyrir einni flösku. Fremst í miðjustokknum er þráðlaus hleðsla fyrir síma og eru nokkur usb-tengi hér og þar.

### *Lítill skotthleri*

Skottið í bílnum er ágætlega stórt. Hlerinn er hins vegar lítill og getur því verið erfitt að koma fyrir stærri hlutum eða nálgast eitthvað sem er alveg innst. Undir húddinu er pínulítið geymsluhólf sem rúmar einn hleðslukapal, átta samlokur eða tvo snakkpoka.

Framsætin eru þægileg og stillanleg með rafmagni. Að auki við hinar hefðbundnu stillingar er hægt að eiga við mjóbaksstuðninginn og afstöðu sessunnar. Eins og með alla Hyundai og Kia myndi undirritaður vilja að stýrið gæti teygst út aðeins lengra, en fyrir flesta er það ekki stórvægilegt atriði. Í aftursætunum er mikið fótapláss og er gólfið alveg flatt. Hið aflíðandi þak gerir það að verkum að höfuðrýmið er skert og munu farþegar í hærri kantinum kvarta á löngum ferðalögum, en miðað við hvað þetta er sportlegur bíll mætti rýmið aftur í teljast ágætt.

### *Afslappandi akstursеiginleikar*

Upphaf ökuferða á þessum bíl er afar hefðbundið. Þegar bílstjórinn sest um borð er bifreiðin ræst með því að ýta á hnappa á sama tíma og bremsufetlinum er haldið inni og er akstursgír valinn með gírstönginni á bak við stýrið. Hljóðvistin inni í bílnum er prýðileg, jafnvel þó að ekið sé á grófum malarvegi. Fjöðrunin er í mýkra lagi miðað við rafmagnsbíl, þó að jarðefnaeldsneytisbílar hafi yfirleitt vinninginn í þeim efnum. Útsýnið er nokkuð skert þar sem framrúðan er lág og skynjararnir við baksýnisspegilinn gera stóran blindan punkt. A-bogarnir hefðu jafnframt mátt vera örlítið grennri.

Í stýrinu er hnappur til að velja á milli akstursstillinga sem eru nefndar Normal, Sport og Eco. Sú síðastnefnda er sérlega þægileg og var notuð megnið af þessum prufuakstri. Þá verður inngjöfin löt, stýrið létt og finnst hvernig púls ökumannsins lækkar sem leiðir af sér afslappað og virðulegt aksturslag. Í sportstillingunni er þetta sprækur bíll, eins og við er að búast af 325 hestafla ökutæki. Hvor sinn takkinn er fyrir hraðastillinn og akstursaðstoðina. Því er hægt að láta bílinn eingöngu hjálpa til við að stýra á meðan ökumaðurinn sér um inngjöfina og öfugt. Þá dettur akstursaðstoðin ekki út þó svo að ýtt sé á bremsuna, ólíkt mörgum bílum þar sem slökknar á öllu við hemlun. Allt virkar þetta fumlaust og á bíllinn yfirleitt auðvelt með að halda sér á miðri akrein og vera í öruggri fjarlægð frá næstu bifreið.

### *Að lokum*

Á undanförnum árum hefur Hyundai eingöngu gert afbragðsgóða bíla sem eru nánast allir fallegir. Sama um hvaða bíl ræðir finnst strax að það er ökutæki sem hægt er að treysta, enda bilanatíðnin lág. Það sem Hyundai Ioniq 6 hefur umfram aðra bíla frá sama framleiðanda er að þetta ökutæki er með afar sterkan karakter. Í þessum stærðarflokki eru fjölmargir rafbílar sem eru ýmist betur eða verr verðlagðir með tilliti til útbúnaðar. Helstu mál í millimetrum eru: Breidd, 1.880; lengd, 4.855; hæð 1.495.

Ódýrasta útgáfan af Ioniq 6 nefnist Comfort og fæst í afturhjóladrifinni útgáfu á 7.590.000 krónur með vsk. og styrk frá Orkusjóði. Bíllinn í þessum prufuakstri var fjórhjóladrifinn og af Style útfærslu, sem er næsta gerð þar fyrir ofan, og kostar með styrk Orkusjóðs 8.590.000 krónur með vsk. 77,4 kílóvattstunda rafhlaðan á að gefa allt að 519 kílómetra akstursdrægni.

Nánari upplýsingar fást hjá BL sem er með umboðið fyrir Hyundai á Íslandi.

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Holtavörðuheiðarlína 1

Landsnet hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu 1.

**Kynning á umhverfismatsskýrslu:** Umhverfismatsskýrsla er aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is og á vef Skipulagsstofnunar.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgátt eigi síðar en 29. nóvember 2024.




Fjölskyldan á Gröf tekur yfir Instagram Bændablaðsins næstu daga. Þar er stundaður sauðfjárbúskapur. Jón Atli heldur á Melkorku Sif og Bryndís ber Patrek Þór á háhesti. Myndir / Aðsendar

Bóndinn:

# Sauðfé passleg stærð

**Hjónin Jón Atli Jónsson og Bryndís Karen Pálsdóttir reka sauðfjárbúið Gröf í Skaftárhreppi og telja sig hafa sauðfjárræktina í blóðinu. Lesendur geta fylgst með daglegum störfum þeirra á Instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu dögum.**

Jón Atli ólst upp í Gröf frá fimm ára aldri. Hann tók virkan þátt í bústörfum sem krakki. Bryndís kemur frá Fossi/Rauðalæk í Rangárvallasýslu og hefur ávallt verið mikill dýravinur. Þau fluttu saman í Gröf eftir útskrift úr búfræði vorið 2017.

**Hvenær hófu ábúendur búskap og hvers vegna?** Haustið 2017 völdum við ásetning þar sem foreldrar Jóns vildu hætta búskap. Við tókum við búrekstrinum 2018 og leigjum jörðina, tæki og skepnur enn sem komið er en það stendur til að gera kaupsamning. Sauðfjárræktin er í blóðinu og við erum við þakklát fyrir að geta stundað sauðfjárbúskap.

**Býli, gerð bús, staðsetning og stærð jarðar?** Sauðfjárbú í Gröf í Skaftártungu, Skaftárhreppi. Jörðin er 643 ha að heildarstærð. Þar af eru 49 ha ræktaðir.

**Ábúendur, fjölskyldustærð (og gæludýr)?** Við hjónin eigum tvö börn, Melkorku Sif, 6 ára og Patrek Þór, 4 ára. Svo eru tveir aðrir ættliðir í sama húsi, foreldrar Jóns Atla, bróðir og amma og afi. Til viðbótar eigum við þrjá Border Collie hunda, þau Ás, Bellu og Tinna.

**Fjöldi búfjár?** Síðasta vetur var 320 fjár en munum ná að fjölga aðeins í haust samkvæmt okkar ræktunarmarkmiðum.

**Hvers vegna veljið þið þessa búgrein?** Aðallega vegna þess að sauðfé er í passlegri stærð fyrir okkur stubbana. Svo er sauðkindin falleg, skemmtileg, bragðgóð og allt bras í kringum hana er svo gefandi.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Það er svo sem ekkert hefðbundið í sveitinni en dagurinn byrjar yfirleitt á kaffi eða morgunmat. Jón Atli vinnur utan bús hálft árið við rafvirkjun á Kirkjubæjarklaustri. Yfir innistöðutíma byrjar hann á því að gefa fénu áður en lagt er til vinnu á Klaustri.

Bryndís vinnur í ferðaþjónustu á næsta bæ svo það eru oftast þrif og þvottar fram yfir hádegi. Gefur svo oftast seinniparts-gjöfina. Þá er reynt að nýta helgar í tímafrekari vinnu í fénu, t.d. bólusetningar, rúning og þess háttar.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Sauðburður, smalamennskur og fjárrag á haustin er toppurinn, einnig heyskapur. Bryndís getur svo aftur á móti sturlast yfir því að gera við gamlar girðingar! Þó er allra leiðinlegast að þurfa að aflífa veik dýr.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þann 18. maí 2020, á miðjum sauðburði, var Bryndís komin sex mánuði á leið. Ærnar voru úti að viðra sig í blíðskaparveðri þegar hún sá eingöngu haus standa út úr burðarliðnum hjá einni ánni. Bryndís ætlaði sér heldur betur að ná kindinni hratt og örugglega til að bjarga lambinu en þá sneri kindin sér við og stefndi beint á hana.

Það fór ekki betur en svo að þegar Bryndís reyndi að grípa kindina þá datt hún um hjólför og þurfti að bruna á bráðamóttökuna á Selfossi. Út úr þessu kom illa tognaður ökkli, hækjur og gips í viku og ekki meiri þátttaka í sauðburði það árið.







Fjölskyldan sækir búpening sinn í réttir. Þau stefna á að fjölga í hjörðinni.

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?** Svo margt, þú færð að búa og vera í náttúrunni. Taka á móti ungviði og sjá það dafna. Rækta þitt eigið og sjá árangur. Einnig skapa fæðu fyrir íbúa landsins.

**Hverjar eru áskoranirnar?** Þær eru alls konar t.d. að ná ræktunarmarkmiðum, einnig er veðurfar á Íslandi talsvert áskorun og að standast álag sem fylgir þeirri vinnu að vera bóndi.

**Hvernig væri hægt að gera búskapinn ykkar hagkvæmari?** Sennilega með því að gera áætlun og fylgja henni eftir eins og á við um margt. Ná upp betri gerð svo meira fáist fyrir hvern dilk.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Það er margt stórmerkilegt að gerast, eins og arfgerðargreiningar gegn riðu og kyngreint sæði í kúabúskapnum. Vonandi halda bændur sínu striki þrátt fyrir erfiðleikana. Bændastéttin á skilið meiri virðingu frá samfélagi sínu og stjórnvöld mega ekki gleyma hvernig landið er uppbyggt. Íslenskt – Já, takk!









Matarkrókurinn:

# Vandamál eplabónda í Kópavogi

**Haraldur Jónasson**
haradlur@gmail.com



**Ég segi ekki að Bændasamtökin séu á bakinu á mér með að skrá mig í félagið en tæknilega séð á ég þar heima – sem ávaxtabóndi.**

Enda stoltur eigandi þriggja eplatrjája sem tvö gáfu ávöxt þetta sumarið. Vandamálið, fyrir utan að uppskeran var rétt tæplega tvö hundruð og fimmtíu grömm, er að mér finnast epli ekki góð.

Þegar hálf uppskeran var fallin í jörðina eins og hjá Newton forðum var ekki á annað hættandi en að taka restina á hús. Hún komst fyrir í morgunverðarskál og samanstóð af eplum á stærð við útlensk bláber upp í stærð á við plómutómat.

Við fyrstu smökkun komumst við bændurnir á heimilinu að því að þetta eru ekki beinlínis Pink Lady epli. Þau voru súr en þó var eplabragð af þeim. Hvað gera bændur þá? Jú, þeir skella í böku.









Nautnaseggir þeyta svo auðvitað rjóma með eplakoddunum. Mynd / Hari

### *Þarf alltaf að vera bras?*

En þá var komið að vandamáli númer tvö. Eins og mér finnast fersk epli ekki góð, finnst mér heit og mjúk epli enn þá verri. Eftir að hafa horft á eplaskálina í kæliskápnum í á fjórðu viku var bökugerðin ekki umflúin.

Eitt finnst mér gott við eplabökuhornin. Þau bera smá keim af eplum en engin eiginleg epli. Ég ákvað því að gera sætt eplamauk og pakka því inn í smjördeigskodda.

Þegar ég var búinn að afhýða og skera aldinið frá kjarnanum átti ég 160 grömm af eplum. Til að þau verði ekki brún undir eins er gott að kreista yfir þau sítrónusafa en viti menn! Ég er ekkert sérstaklega hrifinn af honum heldur. Þannig að ég muldi ⅓ af C-vítamín-freyðitöflu (C-vítamín er fullt af sítrussýru) út í nokkrar matskeiðar af eplasafa og velti uppskerunni upp úr blöndunni. Bætti svo við matskeið af sykri og hálfum desílítra af vatni og mallaði blönduna í potti með loki þangað til eplin voru mjúk. Meðan á suðunni stóð bætti ég hálfum desílítra í viðbót út í maukið þegar það var við það að skrælna. Næst stappaði ég eplin með kartöflustappara og smakkaði til með örlítið meiri sykri og klípu af salti. Maukið hepnaðist vel og ef mér þættu epli góð hefði mér svei mér þá þótt það gott.

### *Deigið*

Til að gera deigkoddana þarf smjördeig. Það er hægt að kaupa í frystideild nánast hvers einasta súpermarkaðar á Íslandi. En ef við ætlum að kaupa deigið er alveg eins hægt að sleppa því að rækta eplin og kaupa þau líka. Þannig að við hrærum í deig.

Eða tætum í deig. Því til að koma smjördegi saman er best að nota matvinnsluvél. Út í hana fer 325 grömm af allrahanda hveiti, 125 grömm smjör; best að það sé skorið í bita og ískalt – helst frosið. 20 grömm sykur.

Ég notaði saltað smjör þannig að ég bætti sirka 3 grömmum af salti við. Þeir sem eiga ósalt smjör geta aukið saltmagnið um 2–3 grömm. Þetta er púlsað saman nokkrum sinnum.

Ekki of mikið. Smjörið á að vera í sæmilegum stykkjum. Þá er að hræra 90 grömm af jökulköldu vatni saman við. Deigið á að vera eins og fín möl sem klessist saman milli fingra eins og leir.

Hvolfa deiginu á borð og koma því saman. Einfaldast að gera eins og verið sé að hnoða snjóbolta. Búa til sirka þriggja sentimetra þykkan disk úr deiginu, helst ferkantaðan af því að koddarnir eiga að vera ferkantaðir. Vinna hratt svo deigið hitni ekki mikið af lófunum. Setja svo í kæliskáp í minnst klukkutíma.

Allur þessi kuldi; kalda smjörið, kalda vatnið, kaldar hendur og svo að kæla deigið er til þess að smjörið bráðni ekki og samlagist hveitinu, heldur hangi milli hveitikornanna og rétt haldi því saman. Þannig verður deigið brakandi gott.

## Eplamauk

160 grömm af súrum eplum frá eplabónda í Kópavogi
1 dl vatn
2–3 msk. sykur
5 msk. eplasafi
⅓ C-vítamín-freyðitafla
¼ tsk. salt

## Smjördeig

325 g hveiti
125 g smjör
90 g vatn
15 g sykur
5 g salt
---
1 egg
Kanilsykur
Nokkrir dropar af mjólk

### *Klárt í ofninn*

Þegar deigið hefur tekið sig í kæliskápnum er að fletja það út. Þunnt en ekki þannig að hægt sé að lesa Bændablaðið í gegnum það. Skera í ferninga. Sirka 10 cm á kant. Setja slettu af eplamauki í miðjuna, smyrja kantana með pískuðu eggi og brjóta koddann í helming þannig að hann verði þríhyrndur. Klemma samskeytin svo með gaffli. Þegar hér kemur sögu er hægt að kæla koddana aftur og baka þegar hentar. Það er jafn vel ákjósanlegt eða baka þá bara strax.

Píska nokkra dropa af mjólk út í eggið og smyrja koddann með blöndunni, strá kanelsykri yfir. Skera þrjár rendur eða svo í miðjuna á koddanum svo gufan sem kemur af maukinu nái að sleppa út. Baka við 190 gráður í sirka 20 mínútur eða þangað til koddinn verður gullinbrúnn og gljáandi.

# KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

# HUGARÍÞRÓTTIR

## ML-sveitin ósigrandi í keppni eldri borgara

**Tvö Íslandsmót í bridds fóru fram um síðustu helgi. Annars vegar var keppt í sveitakeppni eldri spilara og hins vegar tvímenningi í sama aldursflokki.**

Tvímenninginn unnu Björn Eysteinsson og Guðmundur Sv. Hermannsson.



Björn Þorláksson.

Sveitakeppnina vann sveit Gauksins, þau Aðalsteinn Jörgensen, Sverrir Gaukur Ármannsson, Svala Pálsdóttir og Rosemary Shaw. Aðalsteinn og Sverrir unnu einnig bötlerinn.

Í flokki 70 ára og eldri vann ML-sveitin gullið líkt og um langt árabil. Liðið er skipað gömlum nemendum úr ML og tveimur fyrrverandi skólameisturum svo nokkuð sé nefnt!

Í lokaumferðinni reyndu liðsmenn Gauksins, þær Svala og Rosemary, að vinna fjögur hjörtu, skásta geimið á 4-3 fittið.

Svala spilaði spilið og eftir að vörnin tók þrjá fyrstu slagina í tígli var skipt yfir í spaða. Svala hugsaði sig aðeins um en setti svo ás. Svínaði laufi og það gekk. Nú þurfti ekki annað en að trompið lægi 3-3 til að 420 stig lægju á borðinu. 4-2 legan þýddi þó að spilið fór niður.

Sagnir afhjúpuðu veikleika í tígli og 4 hjörtu er mun skárra geim en 3 grönd, sem væru nánast vonlaus jafnvel í 4-3 legunni. Þótt báðar svörtu svíningarnar myndu heppnast sem þær gera ekki.

Þeir sem spila hálitageim á 4-3 fitt í sambærilegum höndum eru iðulega lengra komnir. Byrjendur hafa vonandi gagn að svona pælingum.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*



ML-sveitin sýnir og sannar að aldur er engin fyrirstaða er kemur að keppnisbridds. Mynd / AJ

**Norður**
♠ AQJ75
♥ A765
♦ J84
♣ 5

**Vestur**
♠ 1064
♥ 84
♦ AKQ109
♣ 842

**Austur**
♠ K932
♥ 10932
♦ 53
♣ KJ7

**Suður**
♠ 8
♥ KQJ
♦ 762
♣ AQ10963

Vestur gefur/enginn á hættu:



Sigursveit Gauksins. Gunnar Björn Helgason veitti verðlaunin.

## Öruggur sigur án vandræða

**Tómas Veigar Sigurðarson, nemi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, tók þátt í opna Íslandsmótinu í skák á Akureyri árið 2019.**



Hermann Aðalsteinsson.

Á mótinu tefldu nokkrir erlendir skákmenn, bæði stórmeistarar og keppendur af öllum styrkleikum. Tómas hafði svart gegn Þjóðverja nokkrum að nafni Ansgar Barthel sem þá var nokkuð stigahærri en Tómas, en það kom ekki að sök.

### *Íslandsmót skákfélaga*

Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga fór fram í Rimaskóla í Reykjavík helgina 4.–6. október. Skákfélög af öllu landinu taka þátt í mótinu sem er með deildarskiptu fyrirkomulagi, ekki ósvipað og tíðkast í boltaíþróttum.

Sterkustu liðin eru í Úrvalsdeild og svo eru 4 aðrar deildir. Alls tóku þátt um 450 skákmenn þátt í mótinu á öllum aldri og er þetta einn af hápunktunum í íslensku skákstarfi. Fjallað verður um það mót í næsta skákpistli.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.



Tómas Veigar Sigurðarson.

*Umsjón: Hermann Aðalsteinsson,*
*lyngbrekku@simnet.is*



**Svartur á leik. 33.....Df5 skák…og hvítur gafst upp. Það er sama hvert hvíti kóngurinn fer. Ef hann fer á h2 kemur skák með riddara á f3 og drottning hvíts fellur í næsta leik. Ef hann fer á g3 eða g2 kemur skák frá hrók á g1. Hvítur getur vissulega drepið hrókinn með drottningu en þá fellur hún í staðinn og eftirleikurinn verður auðveldur fyrir svartan enda þá með drottningu og riddara gegn hrók.**



Erfinginn:

## Þórdís Laufey

**Nafn:** Þórdís Laufey Ragnarsdóttir.

**Aldur**: 4 ára.

**Stjörnumerki:** Sporðdreki.

**Búseta:** Akureyri.

**Skemmtilegast í skólanum:** Leika.

**Áhugamál:** Perla, lita og spila.

**Tómstundaiðkun:** Ég æfi dans.



**Uppáhaldsdýrið:** Máttur og Vinur, hestarnir hans afa Jonna.

**Uppáhaldsmatur:** Makkarónugrautur.

**Uppáhaldslag:** Lagið um það sem er bannað.

**Uppáhaldslitur:** Bleikur.

**Uppáhaldsmynd:** Sing og Madagascar.

SING

**Fyrsta minningin:** Ég veit ekki.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert?:** Fara í stóra flugvél til útlanda.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?:** Vinna á sjúkrahúsi og flugkona.

**Viltu taka þátt ? Hafðu samband.**
**sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 |
| 8 | 7 | | 4 | 5 | | 3 | | |
| | 6 | | 7 | 1 | | | | |
| 6 | | 5 | | 3 | 7 | | 8 | |
| | | 7 | | | 6 | 5 | 4 | |
| 3 | | 9 | | | 8 | | 7 | 2 |
| | 2 | 8 | 3 | | | | | 7 |
| | | | 8 | 7 | | | 1 | |
| | 5 | | 9 | | | 4 | | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | | | | | |
| 3 | | | | 9 | | | | |
| | | 9 | | | | 8 | | |
| 6 | | 3 | | | | | | |
| | 7 | | | 1 | | 6 | | 5 |
| 5 | | | 3 | | 8 | | 2 | 9 |
| | | | | 3 | 7 | | | |
| | | | | 5 | 1 | | | 8 |
| 7 | 1 | 2 | | | | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | | | | 5 | | |
| 2 | 7 | | | | | | | |
| 9 | | | | 3 | 8 | | 2 | 6 |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | 2 | | | 9 | | 1 |
| 6 | | | | | | | 4 | 3 |
| | | | | 1 | | | | |
| 7 | 5 | | | | | | | |
| | | | 7 | | 4 | | 9 | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 9 | | | | | | |
| | | | | | 9 | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | | | | |
| 1 | | | 9 | | | 3 | 8 | 4 |
| | 2 | | | | 4 | 7 | 9 | |
| | | | | | | 2 | | |
| | 4 | 7 | | 3 | | 5 | | |
| | | | 8 | | | | 2 | |
| | 1 | | | | 5 | 8 | | |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** þarf að taka aðeins í hnakkadrambið á sjálfum sér og setja í framkvæmd það sem hann hefur ætlað sér frá því í janúar. Lífið mun taka stökk fram á við ef hann lýkur þessum verkefnum og honum að óvörum lendir hann í svolitlu ástarævintýri. Framvinda þess kemur einnig á óvart, en ekki á þann hátt sem vatnsberinn telur sig vita. Happatölur 4, 15, 6.

**Fiskurinn** á aldeilis eftir að hafa tækifæri til að gefa af sér á næstunni. Hann lendir í aðstæðum þar sem orðum hans er viðsnúið og gleður viðstadda öfugt við það sem hann lagði upp með. Fiskurinn þarf því að taka stöðuna innra með sér, ætlar hann að samgleðjast og leyfa hlutunum að fara þá leið, eða leiðrétta hlutina og mögulega koma af stað illindum? Happatölur 82, 61, 8.

**Hrúturinn** hringsnýst innra með sér um þessar mundir og á erfitt með að festa reiður á lífi sínu. Honum þykir verkefnafjöldinn heldur mikill og áreiti almennt auk þess sem ástar- og tilfinningamálin eru ekki enn upp á sitt besta. Hugleiðsla og gönguferðir gætu orðið honum til góðs við að leysa úr helstu tilfinningaflækjum. Ekki gefast upp. Happatölur 6, 11, 98.

**Nautið** á von á peningum núna á dögunum og skal ekki hika við að eyða hluta þeirra beint í sjálft sig. Nautið er eitt þeirra merkja sem lætur þarfir annarra framar sínum eigin en þarf að æfa sig í hinu gagnstæða. Bjart er yfir nautinu, jafnvægi ríkir nú meir en oft áður og því um að gera að njóta lífsins. Happatölur 8, 24, 13.

**Tvíburinn** kemur ágætlega undan sumrinu og þarf að setja í forgang að halda því jafnvægi. Ósætti eru nefnilega í loftinu og þar skal halda yfirvegun og ró eftir bestu getu svo málin leysist sem fyrst. Tvíburinn þarf að æfa sig í að halda stillingu og þarna gefst honum einstakt tækifæri. Happatölur 5, 78, 44.

Frjósemi er í loftinu hjá **krabbanum** og getur storkurinn áætlað mætingu á svæðið alveg óboðinn. Því skal taka með ró og muna að engin ákvörðun er slæm. Krabbinn þarf að gæta að heilsunni og vera meðvitaður um að sofa sína tíu tíma ef vel á að fara næstu vikur. Happatölur 30, 56, 40.

**Ljónið** á að sleppa tökunum á því sem er að angra það. Sjá hlutina frá fleiri sjónarhornum en sínu eigin með opnum huga og ekki láta neitt hræða sig. Það er þarna millivegur sem þarf að ferðast um og vera sáttur með, og ef sú ganga gengur vel verður hugarangrið leitt til lykta. Happatölur 13, 6, 12.

**Meyjan** tiplar heldur mikið á tánum nú í byrjun október, stígur varlega niður því hún er smeyk um að móðga nánasta umhverfi. Þarna er um misskilning að ræða sem ætti að komast til botns í sem fyrst því hún má vel taka sér pláss og þramma um. Meyjan þarf að tileinka sér að breyta hugarfarinu aðeins og taka meira pláss en áður, ekki síst í kringum þá sem eru henni næstir. Happatölur 89, 15, 75.

Of mikið hefur verið um að vera hjá **voginni** sem virðist engan endi taka. Hvíld, næring og opin samskipti eru því mikilvæg svo hún haldi dampi þar til hægist um. Félagslífið er í blóma og hún kynnist ýmsu fólki sem mun verða henni til halds og trausts næstu árin, jafnvel lengur. Eitthvað kviknar í ástarmálunum og rétt að hafa í huga að litlum blossa getur fylgt mikið bál. Happatölur 58, 5, 52.

**Sporðdrekinn** verður fyrir óhappi – sem verður honum til happs. Þetta kann að hljóma sérkennilega en þó kemur fyrir að maður þurfi að reka sig á til þess að geta staldrað við og þá haldið förinni áfram. Sporðdrekinn á eftir að kynnast ýmsum hliðum á lífinu sem annars hefðu farið fram hjá honum. Mun prísa sig sælan að hafa lent í ógöngum. Happatölur 2, 24, 69.

**Bogmaðurinn** hlakkar til jólanna. Eða jafnvel áramótanna! Það er einhver fiðringur í honum sem hann á erfitt með að hafa hemil á og hann veit ekki alveg hvert hann á að stýra þessari auka orku. Þessi orka er reyndar hluti þess sem kallað er segulorka og virkar best þegar henni er stýrt yfirvegað. Með segulorku má kalla til sín það sem hugann girnist og nú þarf bogmaðurinn að velja vel. Happatölur 23, 58, 8.

**Steingeitin** er að hefja nýjan lífshring. Nú þarf hún að einblína á innri ró og kærleika þar sem hún dæmir ekki aðra heldur hugsar sig um hvernig hún vilji hafa næstu sjö ár, hverjir leika þar hlutverk og að hverju hún stefnir. Steingeitin er eitt þrjóskasta merkið en ætti að æfa sig í að biðjast afsökunar. Nú er um að gera að setjast niður og spá aðeins í þetta. Happatölur 4, 40, 53.



**Kjói er lítill ránfugl af skúmsætt. Eini ættingi hans hér er sjálfur skúmurinn sem er allur miklu stærri og þreknari. Kjóinn er aftur á móti minni og allur fíngerðari. Tvö litbrigði eru af kjóa, dökkt og ljóst. Dökkur kjói er aldökkur og að mestu móbrúnn en fuglinn sem er á myndinni er dæmi um ljósan kjóa. Eitt af helstu einkennum hans eru langar, oddhvassar miðfjaðrir í stélinu sem sjást vel á myndinni. Kjói er með langa vængi, rennilegan búk og er afar flugfimur. Hann hefur lært að nýta sér þessa flugfimi til að ræna æti frá öðrum fuglum. Hann eltir uppi kríur, ritur, lunda og fýl og þreytir þá þangað til þeir neyðast til að sleppa ætinu sem þeir hafa. Kjóinn nær þá að grípa ætið, jafnvel á flugi. Kjói er útbreiddur um allt land frá fjöru til fjalls og inn á hálendi. Varpsvæði hans eru því nokkuð fjölbreytt. Þótt hreiðrið sjálft sé lítilfjörlegt – dæld í jörðinni – þá verpa þeir í votlendi, móum, söndum og hálendisvinjum. Hér á Íslandi er hann farfugl en varpheimkynni hans eru ekki bara á Íslandi heldur allt umhverfis norðurheimskautið og Norður-Atlantshafið. Þegar haustar færir hann sig síðan sunnan megin við miðbaug þar sem hann dvelur á Suður-Atlantshafinu.**

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

---

## Tíska:

# Sjarmi dýrahama

**Nú með haustinu eru hlébarðamunstraðar flíkur enn og aftur í tísku, enda klassík sem allir ættu að eiga í skápnum.**

En hvers vegna eru skinn annarra dýrategunda svona aðlaðandi? Við klæddumst loðfeldum annarra dýra í upphafi til þess að halda á okkur hita og fæla dýr frá því að ráðast á okkur. Dýrahamir voru einnig merki um þor og dug veiðimanna, sýndu öðrum hversu slungnir veiðimenn þeir voru og hversu hátt þeir sátu í virðingarstiganum.

Sú hugsun helst að nokkru í hendur við okkur nútímafólkið sem kýs að klæðast loðfeldum eða skinnum dýra sem á einn eða annan hátt eru fágæt eða hættuleg. Við viljum sýna hversu mikil völd eða auðæfi tilheyra okkur með því að klæðast fágætum varningi sem ekki er á allra færi.

Staða dýrsins sem slíks virðist einnig áhrifavaldur, t.d. hafa kanínupelsar verið vinsælir gegnum tíðina enda kanínur mjúkar og sætar. Minkar og minkapelsar eru vinsælir sömuleiðis enda getur enska orðið minx þýtt unga og aðlaðandi konu sem er aðeins of spennandi … og hver man ekki eftir tískuhryllingi fyrri ára þegar konur vöfðu heilum úrbeinuðum dauðum dýrum um hálsinn? Hvað svo sem það átti að þýða.

### *Rándýrt leður ...*

Skó má fá úr leðri mannætuhákarla og krókódíla, en hið síðarnefnda er eitt dýrasta í heimi. Verðlagið má rekja til þess hve krókódílaleður er fágætt, en einungis er unnið leður af einni tegund krókódíla í heiminum og leðrið sjálft tæplega 1% af leðuriðnaði heimsins. Vanda þarf til verka við vinnslu þess, enda viðkvæmt og á heimsvísu eru fáir staðir sem bjóða upp á sútunaraðstöðu við hæfi í nágrenni dýranna. Virði þessarar lúxusvöru felst svo í því hversu vel skinnið er unnið, hvort ör eða annar skaði á húð sé sjáanlegur.

Áætlað er að um 800 milljónir krókódíla séu aldir á krókódílabúum árlega, einungis vegna húðarinnar. Þetta eru svakalegar tölur, en til að mynda er krókódílarækt í Louisanaríki Bandaríkjanna einu saman í kringum 70 milljón dollara iðnaður.

Slík ræktun gæti þótt galin, en þó vilja sumir risar tískuiðnaðarins endilega taka þátt. Til að mynda hóf tískuveldi Hermès að byggja einn stærsta krókódílabúgarð Ástralíu þar sem rækta á yfir 50.000 dýr og húð þeirra notuð í lúxusvörur á borð við handtöskur og skó.

Dýraverndunarsamtök mótmæla slíkum hugmyndum harðlega og hefur PETA m.a. hvatt Hermès til að íhuga stefnu sína auk þess sem áströlsk stjórnvöld hafa hlotið töluverða gagnrýni fyrir þau skilaboð að þeim hugnist eldi villtra dýra og viðskipti með afurðir þeirra.

### *Loðfeldir*

Eitt verðmætasta skinn veraldar er feldur marðartegundar sem ber nafnið safali. Feldurinn hefur verið mjög eftirsóttur allt frá miðöldum en hann er bæði ofurmjúkur, þykkur og glansandi. Í dag eru dýrin ræktuð til pelsgerðar, en búa annars friðsamlega í barrskógabelti Asíu.

Önnur verðmætasta tegund skinna er af gaupu sem tilheyrir kattarættinni og hefur búsetu víða á norðurhveli jarðar. Á meðan feldur gaupunnar er fallega flekkóttur þykir feldur af magasvæði dýrsins hvað eftirsóttastur – skjannahvítur með kolsvörtum flekkjum.

Eitt skinn til viðbótar verður að telja alveg rándýrt og kemur af suður-ameríska nagdýrinu Chinchilla sem hefur á íslenskunni m.a. verið nefnt silkikanína þótt það sé í raun ekki kanína. Feldur dýrsins hefur verið eftirsóttur allt frá 19. öld, en í kringum árið 1918 var chincillan komin í útrýmingarhættu. Þeirri þróun var snúið við með nokkru átaki og í dag býr þetta friðsæla nagdýr á friðuðum svæðum um heiminn, nú eða í ræktunarstöðvum þar sem það endar sem loðkápa.





**Safali og kápa úr safalafeldi.**



**Krókódílaleðurstaska Hermès. Frá eldisstöð krókódíla í eign sama tískuveldis að ofan.**

### *Heimur sátta og samlyndis*

Notkun skinna annarra dýra okkur til þægingar hefur löngum verið hitamál. Hvers vegna að drepa þegar engin þörf er á? Þurfum við í alvöru að eiga nagdýrapels og krókódílahandtösku frá Hermès? Ef löngunin er mikil ætti að vera hægt að versla notaðan varning í stað þess að fjárfesta í nýjum og taka þar með eitt lítið skref í átt að heimsmynd þar sem allir búa í sátt og samlyndi, dýr og menn.

Svo verður að athuga að þótt skinn og leður dýraríkisins séu æ fágætari kostur í tískuiðnaðnum hafa vistvænni valkostir skotið upp kollinum í auknum mæli.

Fjölmörg hátískumerki hafa þegar skuldbundið sig til að hætta framleiðslu varnings úr dýraskinnum alfarið á meðan sum, á borð við Chanel og Diane von Furstenberg, hafa kosið að hætta einungis notkun fágætra skinna.

Hraðtískurisinn H&M hefur svo framleitt fjölda nýrra vara með því að nota veganleður úr vínúrgangi auk þess sem Adidas, Kering, Lululemon og Stella McCartney hafa öll verið í samstarfi við líftækniframleiðandann Bolt Threads varðandi vinnslu með sveppaleðri. Eins og áður hefur komið fram á síðum tískunnar reyndar. En þetta er vert til umhugsunar. */sp*

**Jesús sagði:**
„Elskið óvini yðar og biðjið fyrir þeim sem ofsækja yður. Þannig sýnið þér að þér eruð börn föður yðar á himnum.“
*Matt. 5.44-45*
biblian.is

HRÍMLAND
**Tvær nýjar iðnaðar-hurðir og fylgihlutir frá Límtré Vírnet til sölu**
**Stærð breidd:** 3 metrar.
**Hæð:** 3,5 metrar.
**Gerð fleka:** K2 IS - stálklæddir með láréttu mynstri.
**Gerð brauta:** Iðnaðarhurðabrautir.
**Útfærsla:** NP-staðalbrautir.
**Yfirhæð:** 450mm.
**Þakhalli í gráðum:** 0.
**Ending gorma:** 25.000 opnanir.
**Mótoropnari:** Þriggja fasa iðnaðarhurðamótor.
**Litur:** Utan, grár - innan, hvítur.
**Áferð fleka:** Hamrað.
**Verð kr. 420.000 m vsk. stk.**
Upplýsingar í larus@hrimland.is

MARÁS
**TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR**


**Léttir** **Kraftmiklir**
**Fyrirferðalitlir** **Sparneytnir**
**Hljóðlátir** **3,5-250 hö**
**Miðhraun 13 - 210 Garðabær**
**Sími: 555 6444 - www.maras.is**


Norðlenskur útsýnisdraumur – Oddeyrargata 11, Akureyri. Til sölu mikið endurnýjað og sérlega sjarmerandi einbýlishús á frábærum stað rétt ofan við miðbæ Akureyrar, samtals 131,4 fm, ásamt 15 fm gestahúsi. Verð kr. 89.900.000 Eignaver.is s. 460-6060.


Tesla Model Y Long Range AWD - 4x4 - árg 2023 - rafmagn - sjálfskipting. Ekinn 30.000 km. Verð kr. 5.990.000. notadir.benni.is - S. 590-2035.


Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is


Hreinræktaðir íslenskir hvolpar frá Gerplu kennel. Ættbók og heilsufarsbók. Fæddir í Búlandi Hvolsvelli. Góðir í sveitinni, eru ekki að rjúka í hesta, kýr eða bíla, þótt þeir séu fæddir í sveit. Þetta eru svona sveitahundar eins og ég vil hafa þá. Fæddir 31. júlí. Tilbúnir til afhendingar. Upplýsingar í s. 868-4500 sjá á facebook - Gerplu-kenner.


Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is


Avenger traktorar 26 hp, beinskiptir eða sjálfskiptir. Margvíslegur aukabúnaður í boði. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – s. 555-6520.


Fullbúin og lyklaklár stöðuhýsi, 18 og 21 fermetri. Lítil og nett hús sem geta nýst sem t.d. gestahús á sumarhúsalóð, útleigueining o.fl. Verð frá kr. 7.490.000. Nánari Uppl í s. 898-3946 eða á stoduhysi.is


Til sölu nýtt 15 fm heilsárshús, tilbúið til flutnings. Heildarverð kr. 4.800.000 með flutningi til kaupanda. Uppl. um frágang að innan og fl. myndir í s. 868-0089 og á netfangið: art@visir.is


Byggt rétt fyrir 1980, er um 50 fermetrar. Fer að þarfnast viðhalds. Selst til flutings og verður laust næsta sumar. Er í Reykhólasveit. Tilboð óskast. Allar upplýsingar í s. 894-5785.


Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15 x 10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.


Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta.Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Brýrnar yfir Eyjafjarðará, eftir Arnór Blika Hallmundsson. Stiklað meðfram Eyjafjarðará og brýrnar 11 yfir hana skoðaðar í máli og myndum. Fáanleg hjá höfundi, hallmundsson@gmail.com s. 864-8417 eða í Eymundsson.



Eigum á lager reykgjafa/reykjara sem nota má í hvaða skáp eða kassa sem þú átt, sjá nánar á Borniak.com. Eigum einnig átta mismunandi gerðir af reyksagi. Upplýsingar í s. 822-8844.


Vinsælu þurrkofnarnir eru til á lager á Völlum í Svarfaðardal og í Rvk. Gott verð og gæði. 10 grindur 40/40 allt ryðfrítt. Verð aðeins kr. 59.000 +vsk. Upplýsingar í s. 822-8844.


Steinsteypu- og kjarnaborunarfyrirtæki í fullum rekstri til sölu. Vinnubíll og öll tæki til að steypusaga í veggi og gólf og kjarnabora upp í 520 mm göt. Verkfæri í góðu standi. Góðir viðskiptavinir á Reykjavíkursvæðinu. Myndin er af hluta verkfæra til uppl. Vinsamlega hafið samband í s. 896-5986.


Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Sérsmíðaður fyrir 3 ja öxla dráttarbíla.. Hardox 450 - 8mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind heitsprautuzinkað, (tvöföld grind) 6 þrepa sturtutjakkur, sem gefur ca 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla. Th. Adolfsson ehf. S. 898 3612 - thadolfs@gmail.com


Grafa og fleygur til sölu. JCB 130 hjólavél ásamt 1.200 kg fleyg. Rafkerfi í ólagi. Verð kr. 1.200.000. Upplýsingar í s. 892-0202.


Rafhjól til sölu, ekið 63 km. sem nýtt. Kemst í 24 km hraða. Verð kr. 500.000. Upplýsingar í s. 888-0928 eða á netfangið: utilegumadur@ gmail.com


Til sölu einangraður kaffiskúr úr trefjaplasti, lítið notaður og viðhaldsfrír. WC og þriggja fasa rafmagngnstafla. Geymsla á þakinu. Jeppi getur dregið. Upplýsingar í s. 772-9296.

**BLIKKSMIÐURINN**
ÞEKKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA

Starfsmenn í þjónustudeild. Blikksmiðurinn hf. óskar eftir að ráða starfsmenn í þjónustudeild fyrirtækisins sem eru með haldgóða þekkingu á tæknikerfum. Helstu verkefni og ábyrgð, viðhald loftræsikerfa, þjónusta og bilanagreining. Menntunar- og hæfniskröfur, blikksmiður, vélvirki eða rafvirki. Menn með mikla reynslu af tæknikerfum koma einnig til greina. netfang: jakobinao@blikk.is


Haulotte Compact 8 skæralyfta til sölu. Nýir rafgeymar, nýskoðuð, virkar vel. Verð kr. 900.000 +vsk. Eða tilboð. Frekari upplýsingar í s. 781-3115.


Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.


Skófla MSB 110 cm breið með Weidemann tengjum. Verð án vsk. kr. 109.000. Verð m/vsk kr. 135.160. H. Hauksson ehf. S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is


Mercedes-Benz EQS SUV 580 4Matic Power - árg. 2023 - 7 manna, 100% rafmagn - drægni allt að 615 km. - 4x4 - ek. 10.000 km. Verð kr. 19.990.000 - notadir.benni.is - S. 590-2035.


Fjárhúsmottur - Járnristar, stærð 183 x 91,5 cm. Verð kr. 12.900 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is


**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.


**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.


**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.


**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.


**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.


**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957
**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

Tokvam®

Styrkur og gæði frá Noregi
Mikið úrval á lager



**Fjölplógur VT320**
Vinnslubreiddir 258 til 320 cm
Þyngd 1.300 kg, hæð 125 cm
Fjölplógur VT380
Vinnslubreiddir 304 til 380 cm
Þyngd 1.560 kg, hæð 135 cm
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.



**Salt - & sanddreifari**
SMA510 / 150 cm / 3p tengi
SMA800 / 200 cm / 3p tengi
SMA1100 / 200 cm / 3p tengi
SMA1600 / 230 cm / 3p tengi



**Snjóblásari F130H**
Glussadrifinn, fyrir 1 - 3 tonna vél.
Vinnslubreidd 130 cm.
Þyngd 240 kg.



**Snjóblásari 241 THS Flex**
Vinnslubreidd 240 cm
Þyngd 1.000 kg, 3p tengi.
Túða, drifskaft (f/ framan á vél)
Fyrir +70 hp vél.
Hægt að hafa að framan og aftan á vélinni.
Fjöldi aukahluta í boði



**Snjóblásari 256 THS Flex**
Vinnslubreiddir 256 - 299 cm
Þyngd 1.200 kg, 3p tengi.
Fyrir + 110 hp vél.

**260 THS MONSTER**
Einn sá öflugasti með vinnslugetu allt að 1.700 tonn á klst.
Vinnslubreiddir 260 - 275 cm
Þyngd 1.850 kg, 3p tengi.
Fyrir 160 - 300 hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði.

AFLVÉLAR
TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is




**Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar**



S: 527 2600



Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

**Hlífðargas fyrir suðu**
Eignarhylki

Argon + 18% $CO_2$ — ARGX18 — fyrir alla almenna suðu
Argon — ARGX — fyrir ryðfrítt og ál



**20L**
Hylki + innihald
Fullt eignarhylki: Kr. **38.710**
Útskipti á eignarhylki: Kr. **21.129**
Ársleiga: Kr. **0**

**50L**
Hylki + innihald
Fullt eignarhylki: Kr. **58.468**
Útskipti á eignarhylki: Kr. **33.065**
Ársleiga: Kr. **0**

**Sendum hvert á land sem er!**
Afgreiðslustöð Landflutninga: Kr. 3.500 per hylki
Heim að dyrum: Kr. 6.500 per hylki

VELDIX
IÐNAÐARGAS
www.veldix.is - veldix@veldix.is
547 5577 - facebook.com/veldix.is

*Öll verð eru án vsk.*



Vetrarvörur í úrvali, snjóblásarar fyrir traktorinn í stærðunum 150 cm, 180 cm og 210 cm. Skoðaðu úrvalið á www.hardskafi.is – sala@hardskaf.is – s. 555-6520.



KGM Korando Premium - árg. 2024. Bensín, 4x4, ekinn 17.000 km. Sjálfskiptur. Verð kr. 5.790.000. notadir.benni.is s. 590 2035.



Toyota Verso árg. '07. Beinskiptur, bensín, ekinn 210.000 km. Nýskoðaður. Einn eigandi. Litur vel út. Verð kr. 600.000 eða tilboð. Bíllinn er á Hornafirði. Uppl. í s. 864-4910 (Björn).



Til sölu járniðnaðarvélar og verkfæri: Vélsög, Slípiband, Plasmavél, Suðuvél fyrir ACD, Mig suðuvél, Talíur og Loftpressa. Upplýsingar hjá Árna í s. 894-4082.



Burðarviður C24 heflað 2x8 / 48x198 |Lengdir 4,2m og 4,8m | Verð kr. 960 per LM með vsk. | H. Hauksson ehf. Sími 588 1130 | hhauksson@hhauksson.is



Tilboð á tannhjóladælum í október. Mikið úrval af dælum. Allt fyrir háþrýst vökvakerfi. Rexroth, Danfoss, Denison, Charlynn/Eaton og fl. Vökvatæki ehf. Búðahellu 4X 221 Hafnarfjörður vokvataeki.is vt@vokvataeki.is s. 861-4401.



Taðkvísl 140 cm með 8 teinum. Ásoðnar Eurofestingar. Verð kr. 126.480 m/vsk. (kr. 102.000 án vsk). H. Hauksson ehf. hhauksson@hhauksson.is s. 588-1130.



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. (kr. 199.000 án vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Beltagröfur 1,2 og 1,4 tonn. Aukabúnaðar í úrvali. Frábærar vélar í notkun um allar sveitir. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – s. 555-6520.



Notaðar Sicam umfelgunarvélar til sölu. Bílalyftur sem lyfta 30 cm og 1 m. Upplýsingar í s. 820-1071 kaldasel@islandia.is



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Taðklær. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. 140 cm kr. 310.000 m/vsk. 160 cm verð kr. 335.000 m/vsk. 180 cm, verð kr. 345.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Plastprófílar í fjárhúsgólf til sölu. Lengd 4,8 m. Verð kr. 2.500 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Ertu í ferðaþjónustuhugleiðingum? Viltu bæta við gistiplássið? Athugaðu hvað við getum gert fyrir þig. Reisum.is 899-0913. Fríða eða reisum@simnet.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Ertu að leita að öflugum og öruggum lásum á viðráðanlegu verði? Lásarnir eru hannaðir til að tryggja hámarksöryggi fyrir allar aðstæður, hvort sem það er fyrir heimilið, vinnustaðinn, bústaðinn, gistiheimili eða hótel. Lásarnir virka fyrir allar gerðir hurða, með fjölmörgum aðgangsmöguleikum til að mæta þínum þörfum. Hafðu samband og við finnum rétta lásinn fyrir þig. Finndu okkur á Facebook undir "Elite Lásar Íslandi" lasalausnir@gmail.com



Faðmgreip - Rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. (kr. 189.500 án vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Rúlluvagn DINA RP10500 14 tonna burðargeta/hlassþyngd. Pallur stærð 2,55 x 10,5 m. Dekk 710/45-22,5 Verð kr. 3.690.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is

DEUTZ®

Útvegum varahluti fyrir Deutz og Perkins vélar. Einnig vélar. Original hlutir. Einnig allt fyrir háþrýst vökvakerfi. Rexroth - Parker - Danfoss - Scanreco etc. Vökvatæki ehf. s. 861-4401, Búðahellu 4X 221 Hafnarfirði. netfang: vt@vokvataeki.is- www.vokvataeki.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



BELMAC haugsugur 13.640 ltr. Sjálfvirk áfylling, niðurtekinn öxull. Verð með dreifigreiðu kr. 7.980.000 +vsk. Verð án dreifigreiðu kr. 6.500.000 +vsk. vallarbraut.is s. 454-0050.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2" , 3" , 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Véla - og rúlluvagn . Til á lager rúlluvagn með vökvastýrðum rampi til að keyra vinnuvélar upp á. Burðargeta 18 tonn. Lengd á palli 9,0 m. Dekk 650/50-22,5 Verð kr. 4.488.000 m/vsk. (kr. 3.619.000 án vsk) H. Hauksson ehf. s. 588-1130.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Timbur í fjárhúsgólf Stærð 32 x 100 mm. Verð kr. 390 m/vsk. Stærð 38 x 100 mm. Verð áður kr. 470 LM m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



Weckman HARDOX sturtuvagn 13 tonna burðargeta/hlassþyngd verð kr. 3.800.000 m/vsk. (kr. 3.065.000 án vsk) H. Hauksson ehf. | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Allt fyrir háþrýst vökvakerfi. Stór lager af alls kyns dælum, mótorum, lokum og fl. Rexroth, Danfoss, Parker, Linde, Komatsu, Deutz, Perkins, Charlynn/Eaton, Valmet, Denison, Intermot, Hiab, Sunfab, Hagglund, Poclain og fleira. Hvað vantar þig? Við reddum því. Viðgerðarþjónusta. Vökvatæki ehf. Búðahellu 4X 221 Hafnarfirði. vokvataeki.is vt@vokvataeki.is s. 861-4401.



Brettagafflar með handfærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Verð áður 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www. hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@ hhauksson.is




Stauraborar fyrir borvélar, SDS Max, SDS + og Hexagonal. Stærðir frá 40 mm. upp í 300 mm. Massífur öxull. Borarnir passa einnig á margar gerðir af vélknúnum staurabourum. Steinborar: 40 mm x 1000 mm. Brotskóflur í SDS Max og Hexagonal. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is Heimasíða: www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Rúlluvagn Weckman. Burðargeta/ hlassþyngd 13 tonn. Pallur stærð 2,46 x 9,0 m. Verð kr. 3.260.000 m/ vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is



Kane vélavagnar 24T. Tilboðsverð kr. 4.400.000 +vsk. TYRONE 9,3T verð kr. 2.300.000 +vsk. vallarbraut.is s. 454-0050.




Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https:// www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is



BELMAC keðjudreifari 10,5 cui. Verð áður kr. 2.360.000 +vsk. Tilboðsverð kr. 2.200.000 +vsk. vallarbraut.is s. 454-0050.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðu verði. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Til sölu Terberg TT-222 dráttarbíll, 2009 árgerð. 13.000 vinnustundir. Ný dekk að aftan. Verð kr. 4.500.000. Upplýsingar á siggi@fiskfrakt eða í s. 861-0130.












VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -

PRONAR



Fjölplógar f/smærri vélar
Breidd 1,5m, m/3p tengi
Breidd 2m, m/3p tengi



Fjölplógur PUV3300
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
Breidd 3,3m, án festiplötu



Fjölplógur PUV „M" Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6 m og 3,0 m



Fjölplógur PUV - Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6 m og 4,0 m

Festiplötur:

Slétt plata
EURU/SMS
JCB 3CX hrað

3-punkta
EURO stór
CASE 580SR

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt - og sanddreifari
HZS-10, 1 m3, glussadrifin, með klumpabrjót og tjakk



Salt - og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V

AFLVÉLAR
TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is









Smíðum glugga og hurðir. Margra ára reynsla. Getum tekið að okkur máltöku og ísetningu sé þess óskað. Steini s. 848-5460 netfang: tregluggi@gmail.com

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Ekeri vagn með heilopnun, árgerð 2014. Kælivél. Verð kr. 4.500.000. Upplýsingar á siggi@fiskfrakt.is eða í s. 861-0130.



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm. rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



TYRONE sturtuvagn Heildarþyngd 18T, fjaðrandi beisli. Álsliskjur undir palli. Verð kr. 3.600.000 +vsk. vallarbraut.is s. 454-0050.



Dísil hitari 5 kw með aukahlutum 12 og 24 volt. Öll þjónusta. Verð kr. 53.800. Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Girðingastaurar úr 4 mm heitgalv. stáli.L: 180 cm. Gataðir fyrir festingiu á neti. Stærð: 40 mm. x 40 mm. Til á lager Verð kr. 1.280 +vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. www.hak.is - netfang: hak@hak.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir: 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Stallur

Stallur.is Hjá okkur getur þú leigt stall fyrir þær hestavörur eða fatnað sem þú hefur ekki not fyrir lengur. Endilega kíkið á Stallur.is fyrir frekari upplýsingar.

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

***Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er niðurstaða sveitarstjórnar kynnt vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra.***

**Tjaldsvæði Hvolsvallar – óveruleg breyting**
Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að leiðrétta afmörkun tjaldsvæðis innan þéttbýlis á Hvolsvelli. Stærð tjaldsvæðis (AF55) stækkar lítillega og opin svæði (OP3) fara úr 15,6 í 13,7 ha að stærð.

***Samkvæmt 31. gr. og 41. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra ásamt deiliskipulagstillögu.***

**Austurvegur 19 – breyting á deiliskipulagi**
Deiliskipulagstillagan að Austurvegi 19 heimilar þriggja hæða hótelbyggingu með allt að 7,5 m mænishæð og allt að 3592,6 m² byggingu á 15.620 m² lóð. Áætlaður fjöldi gistirýma er allt að 180 gesti. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins er varðar stækkun á miðbæjarsvæði Hvolsvallar skv. 41. gr. skipulagsreglugerðar nr. 123/2010.

**Miðbæjarsvæði Hvolsvallar – breyting á aðalskipulagi**
Lýsingin gerir ráð fyrir að miðbæjarsvæði Hvolsvallar M1 stækkar um 2 ha til norðvesturs vegna framtíðaráforma á svæðinu ásamt því að íbúðafjöldi á M3 fer úr 70 í 120.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 27. september 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 8. nóvember 2024.
Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
**Þóra Björg Ragnarsdóttir**
**Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra**

## Dýrahald

Hreinræktaður, afburðaveiðihundur, þýskur bendir. 6 hvolpar í boði. Sjá Vorsteh hvolpadagbók á fb. S. 661-7338.

## Gefins

Óska eftir gefins fjórhjóli eða kerru sem safnar ryki, má þarfnast viðhalds. S. 822-7492.

## Jarðir

Óska eftir að kaupa óskipulagða lóð á Suðurlandi í póstn.: 803, 804, 805, 840, 846. Stærð 1-5ha. Hafið samband í netfangið helena76@simnet.is.

## Leiga

Óska eftir að leigja land fyrir hesta á Suður- eða Vesturlandi. Upplýsingar í s. 837-4949 eða nilsviggo@gmail.com

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Leita að góðu eintaki af Tímanum, helst frá 8. áratugnum. Hófleg greiðsla fyrir heilt eintak. Arnkell s. 615-4678.

Hafði ungmennaeftirlit lögreglunnar afskipti af þér eða nákomnum ættingja á stríðsárunum? Sagnfræðingur hefur áhuga á að heyra þitt sjónarhorn á söguna. Hafið samband í s. 868-3404 eða á netfanginu agnesjonasdottir@gmail.com

Óska eftir gömlum steðja, allt kemur til greina. Leita einnig að gömlum handverkfærum, sporjárnum og vasahnífum til uppgerðar. Jón s. 864-2407 netfang: jonljon@gmail.com

Óska eftir að kaupa leir-rennibekk í góðu standi. Upplýsingar í s. 862-9830 (Hólmfríður)

## Til sölu

Til sölu. Haas and Sohn kamína 7,5 Kw. Reykrör 170 cm. Rústfrí kápa með einangrun, 120 cm, fylgja með. Upplýsingar í s. 898-7686.

Malarharpa og efnisvigt til steypuframleiðslu ásamt sementssnígli og steypumót, Hunnebek. Upplýsingar gefur Ágúst í s. 865-3712.

Lögmannsstofa Ólafs Björnssonar hefur á sölu lítið trésmíðafyrirtæki, G-hamar ehf. kt. 420393-3509 á Selfossi, sem stofnað var árið 1993 sem alhliða byggingafyrirtæki. Fyrirtækið á m.a. trésmíðavélar og tækjakost til að smíða glugga, hurðir og fleira, en hefur einnig framleitt líkkistur undanfarin ár. Verðhugmynd fyrir rekstur, vélar og tæki er kr. 5.000.000. Vélakostur fyrirtækisins er: Scm yfirfræsari, Scm borðfræsari m/tölvu, Scm fræsari og borðsög, Scm fjórhefill, Sogkerfi, loftpressa, verkfæri, tennur og pússvél. Hafið samband við oli@olafur.is eða kristo@olafur.is fyrir frekari uppl.

Nýyfirfarin Kenwood chef hrærivél m/hakkavél í góðu ástandi. Verð kr. 25.000. Uppl. í s. 661-8079.

Íslenskir fjárhundar. Fallegir og skemmtilegir 4 mán. hvolpar til sölu. Örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Óska eftir hundavænu heimili í sveit. Hanna s. 695-1260.

Til sölu dráttarvél, IH CASE 685 XL, árgerð 1986. Gráupplögð í varahluti. Verðhugmynd kr. 200.000. Upplýsingar gefur Páll í s. 848-4284 og á netfangi: saudanes@simnet.is

Timbur, 2x6 2x4 og 1x6 til sölu. Skipti á landbúnaðarafurðum kemur til greina. S. 892-4624.

Til sölu DEUTZ 3005, árg. '68. Nýuppgerður. Nánari upplýsingar í s. 867-4227.

## Tilkynningar

Sambandsþing ungra Framsóknarmanna verður haldið helgina 12.–13. október í Héraðsskólanum á Laugarvatni. Nánari upplýsingar má finna á samfélagsmiðlum SUF og á suf.is

## Þjónusta

Vantar þig prófarkalestur? Tek að mér að lesa yfir texta af öllum gerðum. Hafðu samband. prentvilla@gmail.com Betur sjá augu en auga.

# McHale

## Forpöntunartilboð!

Gilda aðeins ef pantað er fyrir **1. nóvember**

Fáðu vél sem að hentar þínum þörfum!




**FUSION 4**

**Verð frá: 12.936.000 kr. + vsk.***

**NÝTT FRÁ MCHALE**

**Heytætlur**

**Verð frá: 2.403.000 kr. + vsk.***



Ná fást heytætlurnar frá McHale í þremur stærðum; 7,7m, 10,2m og 12,6m. Vélarnar eru með krækjutindum sem gerir það að verkum að þær hreinsa vel upp svörðinn og snúa grasinu gríðarlega vel. Góðar vélar sem eiga án efa eftir að slá í gegn í íslenskum landbúnaði.

**NÝTT**



**Framsláttuvélar með knosara**
Fáanlegar 3,1m og nú einnig 3,5m

**Verð frá: 3.060.000 kr. + vsk.***



**Rakstrarvélar**
Fáanlegar 6,2m-7,2m og 6,8m-7,8m

**Verð frá: 3.712.000 kr. + vsk.***



**Afturslåttuvélar**
Fáanlegar 3,1m; með eða án knosara.

**Verð frá: 2.335.000 kr. + vsk.***

GÆÐI | STYRKUR | ENDING

* Verð miða við gengi EUR 149 - Forpöntunarverð gilda aðeins án uppítöku.

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is


Eucerin®
Snýr sjáanlega við 10 merkjum um öldrun húðarinnar
Byltingarkennd uppgötvun í utangenaerfðum
NÝTT
Árangur á 4 vikum*
PATENTED AGE CLOCK TECHNOLOGY
Eucerin®
HYALURON-FILLER
EPIGENETIC SERUM
WITH EPICELLINE®
MEDICAL SKINCARE
* Klínískar rannsóknir í 2 og 4 vikur með 43 sjálfboðaliðum. Heimaprófun með 160 sjálfboðaliðum í 4 vikur.